

TÍUNN

FRÉTTABLAÐ RSK DESEMBER 2008

Bankahrúnið

Skuldsettar yfirtökur

Skattaparadísir

Eftirgjöf skulda

Gagnsæi við skattskil

Flestir Íslendingar munu um langt skeið minnast nýliðinna vikna í október og nóvember. Íslenska þjóðin átti skuldlítinn ríkissjóð en eins og hendi væri veifað varð sá sameiginlegi sjóður heftur í skuldaklafa um ókomin ár. Ofvaxið bankakerfi hrundi með öllum þeim fyrirséðu og ófyrirséðu afleiðingum. Það hefur leitt til þess að Íslendingar munu þurfa að bera auknar byrðar í framtíðinni. Bankahrunið mun skaða íslenska þjóð beint og óbeint meira en nokkrar hamfarir síðustu alda, ef frá eru taldir mannskaðar. Menn hafa við þessar aðstæður tekið sér í munn myndlíkingar úr sjómannamáli, en skattfyrvöld vilja fremur hafa fast land undir fótum og trygg kennileiti þegar fetað er í fótspor skattgreiðenda og mat lagt á hvort þá hafi borið af markaðri leið við að skila af sér því framlagi til samfélagsins sem hverjum og einum ber lögum samkvæmt að greiða af tekjum sínum.

Komandi mánuðir munu verða annasamir hjá stjórnvöldum. Ljóst má vera að margir sem eiga um sárt að binda munu leita eftir úrræðum hjá skattfyrvöldum, einkum að ívilnað verði vegna fjárhagslegrar stöðu eða eignataps. Ástandið er einstakt, mikill fjöldi fólks hefur tapað fjármunum, sumir jafnvel aleigunni, alvarlegt atvinnuleysi er í upp-siglingu og skuldir hvíla á einstaklingum meðan eignir þeirra hafa gufað upp. Flestar fjölskyldur í landinu hafa þannig borið skaða af.

Tíund ber að þessu sinni svip þess sem hefur undanfarið verið að gerast í íslensku þjóðlífi. Í blaðinu eru birtar greinar um atburði síðustu vikna, hvort og hvernig unnt sé að bregðast við þeim óskum sem ljóst má vera að koma til kasta skattstjóra á komandi vori við árleg framtalsskil. Heimildir til ívilnunar eru á hinn bóginn þröngar eins og nánar er vikið að í blaðinu. Vandamálin einskorðast ekki við rekstur heimilanna. Skuldsetning fyrirtækja og skuldsettar yfirtökur eru fyrirbrigði sem innleidd voru í íslenskt atvinnulíf fyrir nokkrum árum og kunna að hafa reynst vera það eittraða það sem hefur ekki aðeins komið fjölda fyrirtækja á heljarþröm heldur einnig skuldsett þjóðina. Um það er einnig fjallað í blaðinu auk annarra greina sem tengjast atburðum haustsins.

Verkefni skattfyrvalda eru margþætt. Þau eiga að sinna ýmis konar þjónustu, leiðbeiningum, vottorðaútgáfu, álitsgerðum, refsikenndum viðurlögum o.fl. en meginverkefni þeirra er lögum samkvæmt að tryggja rétta skattákvörðun og hún stendur öllum öðrum verkefnum framar. Framteljendur hafa þá skyldu að skila skattframtölum og greina frá tekjum sínum og eignum. Meginreglan er að framteljendur hafa nokkuð sjálfðæmi um hvernig þeir haga framtalsskilum. Skattfyrvöld þurfa síðan að sannreyna skattskilin og ganga úr skugga um að rétt sé talið fram. Þess vegna er brýnt að skattfyrvöld hafi aðgang að öllum gögnum til þess að geta gengið úr skugga um að réttar skattgreiðslur séu ákvarðaðar. Hér á landi hafa skattfyrvöld góðan aðgang að launaupplýsingum og eignum bundnum í fasta-fjármunum. Þau skil eru í það góðu horfi að ríkisskattstjóri hefur með góðum árangri látið um nokkurra ára skeið árita þær upplýsingar inn á framtalseyðublaðin til að auðvelda framtalsgerðina. Þegar kemur að upplýsingum um peningalegar eignir er annað upp á teningnum.

Í mörg ár hafa íslensk skattfyrvöld annað hvort ekki fengið neinar upplýsingar frá fjármálastofnunum eða mjög takmarkaðar með eftirgangsmunum. Engar upplýsingar um innstæður eru sendar skattfyrvöldum frá fjármálastofnunum nema þeirra sé sérstaklega krafist í afmörkuðum tilfellum. Jafnframt hafa íslenskar bankastofnanir búið yfir upplýsingum um eignarhald félaga sem skráð hafa verið í aflandsríkjum, öðru nafni skattaparadísam. Fyrir tiltölulega fáum árum voru íslenskir lögaðilar nær einvörðungu í eigu einstaklinga eða annarra íslenskra lögaðila. Þetta er nú mikið breytt með því að lögaðilar skráðir í skattaparadísam eiga í mörgum tilfellum drjúgan hlut af íslenskum lögaðilum. Þá eru yfirgengileg krosseignatengsl sem gera haldþæra vitneskju um eignarhald og umráð mjög torfengna. Í hnotskurn má velta fyrir sér hver er þáttur íslenskra fjármálastofnana í þessu. Grunsemdir eru um að fjármálastofnanir hafi að einhverju leyti gert íslenskum skattaðilum kleift að koma fjármunum undan skattlagningu með

TÍUND

3. TÖLUBLAÐ · 22. ÁRGANGUR

Útgefandi: RÍKISSKATTSTJÓRI

Ábyrgðarmaður: Skúli Eggert Þórðarson

Framleiðslustjórn og hönnun: Logi Halldórsson


Umsjón efnis: Inga Hanna Guðmundsdóttir

Auk þeirra og höfunda greina unnu að blaðinu

Gunnar Karlsson, Ingibjörg Erlendsdóttir, Ásgeir Heimir

Guðmundsson, Ingvar J. Rögnvaldsson, Harpa Jónsdóttir og

Daðey Ólafsdóttir.



stofnun dóttur- eða hlutdeildarfélagi í skattaparadísunum. Stofnun lögaðila þar virðist einvörðungu vera annað hvort til að leyna eignum til skattlagningar eða að leyna eignarhaldi, nema hvort tveggja sé.

Íslenskum skattyfirvöldum er gert að treysta á að fjármálastofnanir haldi eftir fjármagnstekjuskatti og skili honum, án þess að sundurliðaðar upplýsingar séu sendar til skattyfirvalda. Afar torsoðtt hefur verið að fá upplýsingar og er nærtækt dæmi beiðni ríkisskattstjóra um upplýsingar um hlutafjárviðskipti en ekki fékkst aðgangur að þeim fyrr en með dómi, þrátt fyrir að skýr lagaákvæði kvæðu á um skyldu fjármálastofnana. Bæði ríkisskattstjóri og skatt-rannsóknarstjóri hafa við meðferð einstakra mála þurft að sækja upplýsingar til fjármálakerfisins með því að leita eftir úrskurðum dómstóla enda þótt upplýsingaskylda hafi verið fyrir hendi og hafa þá loks fengið úrlausn mála sinna. Viðurkennt hefur verið í dómum að skattlagning sé lögmæltur og eðlilegur þáttur í tekjuöflun ríkisins og að almenn upplýsingagjöf til grundvallar álagningu hafi forgang umfram leynd um fjárreiður viðskiptamanna banka, enda eru skattyfirvöld bundin ströngum lagaákvæðum um þagnarskyldu.

Sú leynd sem fjármálastofnanir hafa talið sér heimilt að viðhafa gagnvart skattyfirvöldum um sýslan með fjármuni sem verið hafa í vörslu þeirra, hefur dregið úr skilvirkri skattframkvæmd. Ekki er unnt að meta hversu miklum fjármunum hefur verið komið undan skattlagningu en án efa er það drjúgur skildingur. Það er ástæða til að velta fyrir sér hvort ekki sé kominn tími til þess að taka til, setja nýjar leikreglur og nýjar viðmiðanir svo unnt sé að skattleggja þá sem komið hafa sér undan skattgreiðslum eða skapa það gagnsæi að hvattinn verði ekki lengur til staðar.

Kveða þarf skýrt á um það í lögum að bankastofnunum verði gert skylt að senda upplýsingar í lok hvers árs um bankainnstæður, vaxtatekjur, skuldir og vaxtagjöld svo sjálfsagt sem slíkt er. Jafnframt verði skattyfirvöldum afhentar upplýsingar um hvernig eignarhaldi



sé háttað á félögum sem undanfarin ár hafa verið í umsjá íslenskra banka erlendis. Þannig yrði það afdráttarlaust viðurkennt að leynd gagnvart skattyfirvöldum á ekki rétt á sér og því verður unnt að tryggja betur jafnræði, hlutlægni og samræmi í skattlagningu.

Það er mikilvægt við þær aðstæður sem nú ríkja að tekið verði af skarið og gerðar þær breytingar sem svift geti brott þeim leyndarhjúp sem varnað hefur því að tryggt sé að allir greiði sín lögboðnu gjöld. Aðeins þannig næst réttmæt skattframkvæmd og réttlát jöfnun þeirra byrða sem komandi kynslóðum er ætlað að bera.

Skúli Eggert Þórðarson
ríkisskattstjóri

Ingvar J. Rögnvaldsson
vararíkisskattstjóri

EFNI BLAÐSINS

Staðgreiðslukerfið er til mikillar fyrirmyndar	5
Skuldsettar yfirtökur og öfugur samruni	8
Skattlagning ökutækja og eldsneytis	13
Samstarf ríkisskattstjóra Norðurlanda og Eystasaltsríkja	17
Fjárhagstjón - skattstofnar	18
Mannauðsstefna ríkisskattstjóra	20
Innsýn í fjármálakerfi og skattaparadísir heimsins	22
Flutningur frá Íslandi	25
Lituð olía - eftirlit og misnotkun	26
Stefán Skjaldarson - skattstjóri Vesturlandsumdæmis	28
Fólkið á vaktinni	32
Dómar	34
Álagning 2008	37
Æ sér gjöf til gjalda	41
Úrskurðir	43
Yfirfæranlegt tap	46

– Viðtalið –
Sigrún Björk Jakobsdóttir bæjarstjóri á Akureyri



Staðgreiðslukerfið er til mikillar fyrirmyndar

Við álagningu opinberra gjalda ákvarða skattstjórar ýmis gjöld. Þeirra á meðal eru útsvör en þau hafa verið einn af megintekjustofnum sveitarfélaga í fjöldamörg ár. Tíund leitaði til Sigrúnar Bjarkar Jakobsdóttur bæjarstjóra á Akureyri til að heyra um störf hennar í almannapágu og viðhorf til fjármála og reksturs sveitarfélaga.

Sigrún Björk hefur verið bæjarfulltrúi á Akureyri frá árinu 2002. Var hún m.a. formaður menningarmálanefndar og átti sæti í bæjarráði og fjölmörgum nefndum á vegum bæjarins á því kjörtímabili. Í júní 2006 varð hún forseti bæjarstjórnar og formaður stjórnar Akureyrarstofu þangað til hún var ráðin bæjarstjóri Akureyrarbæjar þann 9. janúar 2007. Sigrún er menntaður hótelrekstrarfræðingur frá IHTTI hótelstjórnumarskólanum í Luzern í Sviss, en hún vann einnig í Japan og Bandaríkjunum eftir að námi lauk. Hún hefur lokið námi í nútímafræðum við Háskólann á Akureyri og stjórnumarnámi fyrir sveitarstjórnarfolk sem haldið var í samvinnu við Eyþing og Símenntun HA. Störf Sigrúnar hafa í gegnum tíðina tengst ferðageiranum, bæði sem hótelstjóri, sölustjóri hjá innanlandsdeild Úrvals Útsýnar og hjá PwC við að innleiða stjórnuflökkunarkerfi gististaða fyrir Ferðamálaráð.

Starf bæjarstjóra

Ég tók við starfi bæjarstjóra þann 9. janúar 2007, er tíundi bæjarstjóri Akureyrar og fyrsta konan til að gegna því starfi, þannig að þessi dagur er mér mjög minnisstæður. Akureyri er öflugur bær og sennilega með víðfeðmasta rekstur sveitarfélaga á landinu. Við náðum þeim ánægjulega áfanga að taka á móti íbúa númer 17.500 núna í október og síðastliðið ár hefur verið mjög gott hér nyrðra. Allt starf bæjaryfirvalda á undanförunum árum hefur miðað að því að gera bæinn eftirsóttan til búsetu. Við höfum markvisst byggt upp grunnþjónustuna og eftir þjónustu við bæjarbúa á öllum sviðum og stöndum því vel að vígi fyrir framtíðina. Við höfum tekið yfir mörg verkefni í félagsþjónustu frá ríkinu, fyrst sem reynslusveitarfélag og síðan

með þjónustusamningum. Sú góða reynsla sem við höfum náð með svokölluðu Akureyrarmódeli í velferðarþjónustu mun verða gott veganesti þegar þessir málaflokkar verða fluttir alfarið yfir til sveitarfélaganna sem ég vona að verði árið 2011.

Starf bæjarstjóra er í eðli sínu mjög fjölbreytt og viðamikill starf. Ég fer yfir dagskrá vikunnar í upphafi hverrar viku en oftast en ekki breytist hún töluvert frá degi til dags, allt eftir því hvað kemur uppá og hvaða mál þarf að leysa snögglega. Starfið felst í því að vera með yfirmensjón með bæjarfélaginu. Við höfum innleitt miklar breytingar á skipulagi og skipuriti stjórnumar hjá Akureyrarbæ og ég mun fara betur yfir þær síðar. Þessar vikurnar erum við að undirbúa fjárhagsáætlun fyrir komandi ár og það eru krefjandi tímar. Á hverjum degi koma upp álitamál hjá deildum eða stofnunum bæjarins sem kalla á aðkomu, álit eða ákvörðun bæjarstjóra. Ég kem mikið fram út á við fyrir hönd bæjarins og það er tímafrekt að undirbúa ræðu- og greinaskrif og taka á móti fólki.

Ég hef áhuga á sveitarstjórnumarmálum og mér finnst það spennandi vettvangur fyrir drífandi fólk með frjóar hugmyndir. Við tökum þátt í lífi íbúanna á hverjum einasta degi þannig að þessi mál skipta svo sannarlega máli. Við önnumst þjónustu við íbúa okkar frá vöggu til grafar má segja, þannig að það er skylda okkar að hafa hlutina í lagi og leggja allan okkar metnað í það.

Allir stjórnumálaflókkar verða varir við minnkandi þátttöku í flokksstarfi en fólk er þó tilbúið að fylkja sér um einstök mál sem eru ofarlega á baugi. Oft eru það skipulagsmálin sem brenna á fólki, til

dæmis þétting byggðar og lagning nýrra stofnbrauta, en einnig önnur mál af ýmsum toga, svo sem verslunarmannahelgin, saltnotkun og fleira. Það er kannski þessi nýja áhersla sem við verðum að búa okkur undir og hún felur í raun í sér breytt form á lýðræðisþátttöku. Við verðum að vera vakandi fyrir því að láta ekki bara óánægjuraddirnar, neikvæða umræðu og gagnrýni á til að mynda skipulagsmálin ráða för í almennri umfjöllun um einstök mál. Þetta nýja og opna lýðræði kallar miklu fremur á þátttöku bæjarbúa allra í upplýstu samráði og það krefst bæði tíma og þekkingaröflunar.

Fjölmiðlar hafa einnig gríðarmikið vald og geta bæði slegið upp málum og kæft þau. Það er kúnst að nýta sér þá sem best til að efla málefnalega umræðu og koma upplýsingum á framfæri. Oft er lítill áhugi á upplýsingum og skýringar rúmast ekki innan einnar mínútu og 40 sekúndna sem er sá tími sem fréttamönnum er iðulega skammtaður til að fjalla um málefni sem geta verið bæði flókin og afar mikilvæg.

Bæjarstjóri sem kjörinn fulltrúi

Undanfarnir fjögur kjörtímabil hefur sá háttur komist á hér að bæjarstjóri er jafnframt efsti maður á lista flokks. Síðustu þrjú hefur það verið Sjálfstæðisflokkurinn sem hefur átt bæjarstjórnann en þar áður Framsóknarflokkurinn. Mér finnst það vera styrkur að vera kjörinn fulltrúi og oddviti míns flokks. Það gefur starfinu meiri vigt og styrk. Ég tel að ráðnir bæjarstjórar þurfi að leita eftir umboði til flokksanna sem þeir sitja fyrir. Það getur hins vegar verið tímafrekara og tafið mál. Pólitíkin hér á Akureyri hefur mildast að mínu

mati í gegnum tíðina. Ég held að það sé líka einkenni á sveitarstjórnarmálum að þegar maður ber saman málefnaþrár fyrir kosningar þá er það auðséð að áherslur flokkanna eru líkar en ef til vill er forgangsroðunin önnur í smáatriðum og útfærsla einstakra mála. Hér eru hins vegar allir nokkuð samhentir í því að vinna að heill og hag Akureyrar í hverju sem þeir taka sér fyrir hendur. Við höfum fækkað nefndum töluvert á sl. tveimur kjörtímabilum. Þær hafa fleiri málaflokka og fleiri verkefni sem auka á víðsýni viðkomandi nefndarmanna og gefur þeim betri yfirsýn yfir bæjarmálin að mínu mati.

Stjórnsýsla Akureyrarbæjar

Mér finnst alltaf mjög gaman að kynna mér það sem aðrir eru að gera og sveitarfélögin 78 í landinu eru öll mjög misjöfn að uppbyggingu og stjórnsýslu. Það er í raun mjög athyglisvert hvernig þetta hefur þróast í gegnum árin og það er ekkert eitt „best practice“ dæmi sem við horfum á sameiginlega og nýtum okkur. Flest stærri sveitarfélögin hafa gengið í gegnum miklar breytingar á skipulagi sínu og þegar unnið er að þeim breytingum fer fólk gjarnan í heimsóknir vítt og breitt um landið til að kynna sér hvernig aðrir haga sínum málum. Síðan er það þróað áfram og tekið það besta frá öllum þegar heim er komið.

Markvisst hefur verið unnið að því að einfalda alla stjórnsýslu Akureyrarbæjar og gera hana skilvirkari. Við settum upp sviðaskipulag á kjörtímabilinu 1998-2002 sem tókst ágætlega. Á þeim tíma var lagður grunnur að breyttu vinnulagi pólit-

ískra fulltrúa og embættismanna og starfsmanna bæjarins og skilgreind ábyrgðarmörk hvers og eins í daglegum rekstri. Árið 2006 voru stöður sviðsstjóra lagðar af og tekin upp dreifðari stýring þannig að allir deildarstjórar viðkomandi deilda heyra núna beint undir bæjarstjóra.

Með þessu fyrirkomulagi viljum við stuðla að valddreifingu og flytja ákvarðanatökuna sem næst þeim sem eiga að njóta þjónustunnar. Að mínu mati þá eru til fyrirmyndar þær skilgreiningar sem settar hafa verið fram um hlutverk hvers og eins, kjörinna fulltrúa og stjórnenda. Kjörnir fulltrúar móta stefnu og fylgjast með hvernig henni er fylgt en þeir taka ekki ákvarðanir um framkvæmd stefnunnar í smáatriðum eða frá degi til dags. Þetta var töluvert deiluefni á sínum tíma þegar þetta var tekið upp og þótti kjörnum fulltrúum vera dregið mjög úr sínu valdi við ákvörðunartöku um ráðningar einstakra starfsmanna, kaup á vörum og þjónustu og fleira. Ef til vill fannst þeim nýtt hlutverk sitt í stefnumótun bæjarins og eftirlit með starfsemi hans einhvern veginn ekki vera nægilega mikið þungavigtarhlutverk. En þetta kallar á nýja hugsun og aðferðarfræði.

Við höfum sett niður skýrar verklagsreglur sem eru miðlægar fyrir starfsmenn þannig að það eiga allir að vera upplýstir og meðvitaðir um þær áherslur og reglur sem gilda. Það kallar á ný vinnubrögð og aukna ábyrgð viðkomandi deildarstjóra og hefur tekist ágætlega að mínu mati. Boðleiðir hér eru stuttar og ákvörðunartaka á því að vera sneggri og auðveldari. Nefndir hafa fengið fullnaðarafgreiðslur í

ýmsum málum og embættismennirnir líka þannig að bæjarstjórn hefur markvisst verið að „afsala“ sér valdi eða umfjöllun um mál í sjálfri bæjarstjórninni og við lítum á hennar hlutverk fyrst og fremst sem stefnumarkandi.

Fjárhagur

Hjá Akureyrarbæ voru um 1.085 stöðugildi á árinu 2007 og alls voru rúmir 4,8 milljarðar greiddir í laun. Fjöldi launþega endurspeglast í þeim fjölmörgu verkefnum sem Akureyrarbær hefur með höndum, t.d. á velferðarsviði þar sem ber hæst heilsugæslustöðin, öldrunarheimilin og málefni fatlaðra. Við rekum líka 11 leikskóla og sjö grunnskóla og skólamál eru langstærsti rekstrarþátturinn. Skatttekjur á árinu 2007 voru rúmir 5,2 milljarðar. Þar af var útsvarið tæpir 4,5 milljarðar og fasteignaskatturinn um 745 milljónir. Framlög til Akureyrarbæjar úr Jöfnunar-sjóði eru um 1,0 milljarður og þar vega framlög vegna grunnskólans þýngst.

Framkvæmdir

Akureyri hefur verið í stöðugri uppbyggingu frá árinu 1998. Bæjarbúum hefur fjölgað um liðlega 2.500 manns á þessum tíu árum og það hefur kallað á nýja skóla, ný íþróttamannvirki og að sjálfsögðu gatna- og fráveitugerð. Áherslurnar hafa miðað að því að skapa hér eftirsóknarvert samfélag sem býður íbúum sínum öll lífsins gæði. Við viljum eiga hér fjölskylduvænt samfélag sem er traust og laust við öfgar og það hefur tekist ágætlega.

Bærinn hefur staðið í viðamiklum framkvæmdum á þessu ári. Má þar nefna íþrótt- og fimleikahús við Giljaskóla, fyrsta hluta Naustaskóla í nýjasta hverfi bæjarins, lokahnykkinn í byggingu menningarhússins Hofs, sem er verkefni með þátttöku ríkisins, og síðan erum við að undirbúa frjáls-íþróttasvæðið fyrir landsmót UMFÍ sem verður haldið hér á 100 ára afmæli mótsins í júlí á næsta ári. Þetta eru mikil og stór verk sem við verðum þó að endurmeta núna í ljósi aðstæðna, hægja á framkvæmdum og lengja verktímann án þess að stöðva framkvæmdir alveg því auðvitað viljum við forðast það í lengstu lög.

Sigrún Björk færir fjölskyldu 17.500 Akureyringsins blóm en hann fæddist þann 18. október. Foreldrar hans heita Brynhildur Guðmundsdóttir og Brynjar Örn Þorkelsson og stóri bróðir Róbert Örn.



Þetta eru miklir óvissutímar fyrir sveitarfélögin því þau eru undir þrýstingi um að draga saman seglin og hagræða í rekstri en jafnframt að halda uppi atvinnu og mannaflsfrekum framkvæmdum. Þannig að þetta er mikil jafnvægislist þar sem við þurfum að halda vel á spöðunum og gæta þess að missa ekki dampinn.

Staðgreiðslan

Mér finnst staðgreiðslukerfið vera til mikillar fyrirmyndar og ég efast um að nokkur myndi vilja hverfa til baka til gamla tímans. Það er alltaf athyglisvert að rifja upp söguna því okkur hættir til að gleyma mjög fljótt hversu hrætt mannfólkið er við breytingar og hversu erfiðlega gengur stundum að ná góðum breytingum í gegn, eins og reyndin var með staðgreiðsluna. Þetta er mjög gott kerfi og samskipti við skattstjóra góð en það er engu að síður hægt að stórbæta upplýsingagjöf til sveitarfélaganna varðandi staðgreiðsluna. Helstu upplýsingar eru fengnar í gegnum skrifstofu Sambands sveitarfélaga og þá einungis heildartölur. Það þarf að vinna að betra upplýsingaflæði og t.d. væri mjög áhugavert að fá ýmsa tölfræði sem tilheyrir samfélaginu og jafnframt væri afar gagnlegt að fá betri aðgang að upplýsingum vegna okkar vinnu við húsaleigubætur, fjárhagsaðstoð o.s.frv.

Kostnaður við innheimtu staðgreiðslufjár, til að mynda fyrir Akureyri, hleypur á tugum milljóna og maður veltir fyrir sér hvort ekki sé kominn tími til að endurskoða þennan kostnaðarlið í ljósi þess hve framarlega skattfyrirvöld standa í raf-rænni stjórnsýslu.

Ég býst við því að útsvarsprósentan verði endurskoðuð þegar málaflökkur fatlaðra flyst alfarið yfir til sveitarfélaganna, sem verður vonandi árið 2011. Sveitarstjórnarfolk hefur barist fyrir því í gegnum árin að fá aukna hlutdeild í tekjum hins opinbera. Við sjáum hvernig hlutskiptin hafa breyst: Ríkið hefur verið að lækka sínar skuldir en sveitarfélögin hafa verið að auka skuldir sínar, fyrst og fremst vegna aukinna framkvæmda og eftirspurnar og jafnframt samkeppni á milli sveitarfélaga um íbúa. Öll mannvirki sem eru reist eru vel nýtt að mínu mati. Ég nefni oft sem dæmi Amtsbókasafnið hér. Þar var tekin í notkun viðbygging árið 2005 sem komst loks til framkvæmda eftir margra ára þóf og tafir. Þessa



Sigrún Björk er fyrsta konan sem gegnir stöðu bæjarstjóra á Akureyri.

byggingu heimsækja á degi hverjum tæplega 600 íbúar. Einnig má benda á fimleikahúsið sem er í byggingu en um 500 börn æfa fimleika hjá fimleikafélaginu og þröngur húsakostur er farinn að standa starfseminni fyrir þrifum.

Sveitarfélögin eru stór hluti af hagstjórninni og í því gerningaveðri sem nú hefur gengið yfir þjóðina skipta þau svo sannarlega máli. Mikilvægt er að halda grunnstöðunum gangandi og sjá um að allt geti gengið sinn vanagang, ekki síst það sem snýr að börnunum okkar, því auðvitað skiptir það höfuðmáli.

Hlutdeild í fjármagnstekjuskatti?

Tekjustofnar sveitarfélaga eru umræðuefni sem mjög svo brennur á okkur sveitarstjórnarfólki og hefur ýmsum þótt vitlaust gefið í gegnum árin. Kröfur um hlutdeild í fjármagnstekjuskatti hafa farið mjög hátt hér á undanförunum árum en ég var ekki sammála þeirri áherslu því sá tekjustofn hefði verið mjög mismunandi á milli sveitarfélaga og það hefði kallað á flóknar jöfnunaraðgerðir sem er ekki æskilegt að mínu mati. Það er orðið brýnt að endurskoða þetta kerfi okkar því við sjáum sum smærri sveitarfélög eiga stærstan

hluta sinna tekna undir Jöfnunarsjóðnum með allt að 60% af tekjum sínum þaðan og það er ljóst að þau verða fyrir þungu höggi ef fram fer sem horfir með tekjur ríkissjóðs og framlag í Jöfnunarsjóðinn. Og hvað varðar aðra tekjustofna sem mögulegt er fyrir sveitarfélögin að nýta sér, þá getum við til dæmis horft til ökutækjanna og skattlagningar þeirra. Er það e.t.v. eðlilegri skattstofn heldur en fjármagnstekjur? Eigendur ökutækja nýta sér götur og samgöngumannvirki sem sveitarfélögin fjármagna og liggur þá ekki beint við að bifreiðaeigendur taki þátt í þeim kostnaði? Gaman væri að fá álit sérfróðra á þessu.

Það er ljóst að veturinn framundan og næsta ár verður sveitarfélögum erfiður tími. Þau eru rekin af fólkinu í landinu og hagur sveitarfélaganna ræðst af högum íbúanna og afkomu þeirra. Ég el þá von í brjósti að þessar þrengingar gangi nokkuð fljótt yfir og að við munum standa sterkari að vígi en áður eftir þetta áfall. Ég held að sem þjóð munum við endurmeta allt sem við tökum okkur fyrir hendur, verðmætatamát okkar og áherslur. En ég er bjartsýn að eðlisfari og er þess fullviss að við munum rísa upp aftur og takast samhent á við framtíðina.



Skuldsettar yfirtökur og öfugur samruni

Sviptingar að undanfögnu á íslenskum fjármálamarkaði og í viðskiptalífínu öllu eru fólki ofarlega í huga. Hvað fór úrskeiðis? Hvernig gat þetta gerst? Var regluverkið í ólagi? Þessar spurningar heyrast hvar sem fólk kemur saman og svörin eru margbreytileg og í ótal tilbrigðum. Sumir kenna um græðginni, aðrir siðleysinu, enn aðrir útrásarvikingunum og margt fleira mætti nefna. Eitt er víst að þetta helltist yfir eins og þruma úr heiðskíru lofti, eða hvað? Þegar grannt er skoðað má þó sjá að ýmis hættumerki hafa verið á lofti, jafnvel svo mánuðum eða árum skiptir. Eitt af því sem ýtt hefur undir núverandi ástand er fyrirbæri sem kallast skuldsettar yfirtökur. Ríkisskattstjóri hefur um skeið haft til skoðunar ýmsar hliðar á því viðskiptamódeli sem segja má að hafi fengið að leika lausum hala í hagkerfinu án tilhlýðilegs regluverks. Þetta hefur á undanfögnu árum leitt af sér vaxandi fjárhagslega áhættu í þjóðarbúskapnum og sú áhætta stigmagnaðist þegar vextir á lánamörkuðum hækkuðu og lánsfé fór að skorta. Skoðum betur hvað þarna er á ferðinni.



**Aðalsteinn
Hákonarson**

Skuldsettar yfirtökur og öfugur samruni

Sú var tíðin að þegar menn keyptu sér eignir þá þurftu þeir að borga fyrir þær. Í byrjun þessarar aldar fundu íslenskir viðskiptajöfrar leið til að komast hjá því. Þeir keyptu fyrirtæki og létu fyrirtækin sjálf, sem keypt voru, greiða kaupverðið í gegnum eignalausa samruna. Með því að hengja skuldir utan á fyrirtækin með samruna eftir kaupin, setja þau síðan á markað og selja hlutina í þeim til lífeyrissjóða og almennings á enn hærra verði en keypt hafði verið á, þrátt fyrir skuldsetninguna, gátu forvígismennirnir skapað sér miklar tekjur. Þessi leið var að vísu ekki íslensk uppfinning, menn höfðu tekið þetta upp í Bandaríkjunum tíu til tuttugu árum fyrr. Þar voru menn líka búnir að læra, áður en viðskiptamódelið barst til Íslands, að mörg og gríðarstór gjaldþrot voru jafnan fylgiskar ráðstafana af þessu tagi en forkólfarnir efnuðust oft vel.

Skoðum nánar hvernig þessir hlutir ganga fyrir sig. Upphafið er að viðskiptajöfur (V) ber víurnar í eitthvert rekstrarfélag (A) sem honum finnst álitlegur fjárfestingarkostur, t.d. verksmiðju, verslun eða olíufélag. Takist samningar við eigendur slíks fyrirtækis stofnar viðskiptajöfurinn sérstakt félag (B) sem fær það hlutverk að kaupa rekstrarfélagið A og B telst því vera yfirtökufélagið í þessum viðskiptum. V leggur fram hlutafé til B, kannski $\frac{1}{4}$ af

kaupverðinu á A, en B tekur síðan lán fyrir afganginum eða $\frac{3}{4}$ af kaupverðinu. Kaupverðið er síðan greitt til eigenda A, þ.e. fyrrum hluthafa A, þannig að þeir fjármunir koma A aldrei til góða. Í kjölfar kaupanna eru A og B sameinuð undir nafni A þannig að A er allt í einu orðið yfirtökufélagið í samrunaferlinu. Við samrunann flytjast skuldir B inn í A þannig að skuldir A hafa vaxið um sem nemur $\frac{3}{4}$ af kaupverðinu án þess að nokkur eign hafi komið þar á móti því að eina eign B var eignarhlutur í A og A getur ekki átt hlut í sjálfu sér að samrunanum loknum. Til þess samt að láta ekki sjást hvernig skerðingin á eigin fé vegna skuldsetningarinnar fer með efnahagsreikning A færa menn upp eign sem þeir kalla viðskiptavild í ársreikningnum á móti skuldunum. Hér er ekki um nýja eign að ræða sem kemur inn við kaupin og samrunann þar sem viðskiptavildin í A var til fyrir kaupin, hafi hún á annað borð verið til, þótt hún hafi ekki verið bókfærð í efnahagsreikningi A. Eftir þetta er A tilbúið til sölumeðferðar og hægt að skrá það á markaði sem álitlegan fjárfestingarvalkost á gengi sem er kannski mun hærra en gengið sem upphaflega var keypt á þrátt fyrir skuldsetninguna. Til að gera málið enn einfaldara þá getum við hugsað okkur að V hafi keypt allt hlutaféð í A á 1.000, tekið lán og hengt á A fyrir 750 og selt síðan t.d. 70% af A fyrir 1.500. Þannig hefur V selt hlut sem hann keypti upphaflega á 175 (70% af 1.000 – 750 = 250) fyrir 1.500 og hagnast um 1.325.

Ráðstafanir eins og hér er lýst hafa verið leiddar af íslenskri forystu í miklum og vaxandi mæli á undanfögnu árum. Þær hafa teygst sig út um allan heim og íslenskir bankar hafa lánað fyrir skuldsetningunni og þanið út efnahagsreikninga sína og fyrirtækjanna, enda ekki

skortur á fjármagni fyrr en nýlega. Bankarnir hafa líka tekið þátt í fjárfestingar- og sölufæri fyrirtækjanna og þegið fyrir háar þóknanir. Umfangið hefur vaxið ár frá ári og þar með skuldsetning þjóðarbúsins líka. Samhliða hefur áhættan farið vaxandi þar sem skuldsetning bankanna og fyrirtækjanna hefur verið gríðarleg og segja má að mörg þeirra hafi, einmitt vegna þessarar skuldsettu aðferðar, í reynd verið stofnuð á barmi gjaldþrots og aldrei komist á lappirnar.

Hvað fór úrskeiðis í regluverkinu?

Margar spurningar hafa vaknað um þetta viðskiptamódel sem kallast skuldsettar yfirtökur og öfugur samruni. Hvaða reglur voru til um þetta? Er kannski mögulegt að þetta hafi allt leikið lausum hala og menn hafi bara haft þetta eins og þeim sýndist? Lítum á nokkur atriði:

1. Viðskiptavildin – eign eða úttekt af eigin fé?

Ef fyrirtæki hefðu almennt við samruna, eins og lýst er hjá A og B hér að framan, ekki fært upp viðskiptavild á móti skuldunum en þess í stað mótfært skuldayfærsluna frá B til A til lækkunar á eigin fé A hefði fjárhagsstaða íslenskra fyrirtækja samkvæmt ársreikningum þeirra verið mun verri en komið hefur fram í ársreikningum síðustu ára. Líklegt er að hlutabréf hefðu þá verið metin á mun lægra verði en ella og veitt lán til kaupa á hlutabréfum einnig verið mun lægri en reyndin var orðin þegar allt fór hér í þrot. En var hér eitthvert regluverk við að styðjast og ber hér einhver ábyrgð? Í lögum um ársreikninga er ekki að finna bein ákvæði um færslu viðskiptavildar þegar samruni verður í kjölfar skuldsettrar yfirtöku. Byggja verður því á almennum reglum reiknings-

skilafræðanna sem m.a. er að finna í álitsgerðum Reikningsskilaráðs. Án þess að þær verði tíundaðar hér er þó hægt að fullyrða að þær reglur taka almennt mið af rökréttum skynsemdarsjónarmiðum og tilhlýðilegri varúð. Þá spyr maður sig hvort það sé skynsemi eða varúð fólgin í því að flytja skuldir inn í félag og færa á móti þeim eign sem kölluð er viðskiptavild þó að engin slík eign hafi flust til félagsins með skuldunum. Einhvern veginn finnst manni að rökréttara hefði verið að færa mótfærsluna við skuldirnar til lækkunar á eigin fé því að í reynd er verið að skerða eigið fé um þá fjárhæð sem skuldunum nemur. Seinni tíma sjónarmið í viðskiptalífínu hafa hins vegar farið öðruvísi að og fært mótfærsluna við skuldirnar til eignar sem viðskiptavild. Það er eins og að í viðskiptalífínu hafi það verið óskráð lög á undanfórnum árum að færa allar eignir á hæsta mögulega verði til að skapa tiltrú á verðmæti undirliggjandi hlutabréfa. Kannski mætti lýsa þessari nýju reikningsskilareglu þannig að eignir séu metnar á uppgangsvirði.

Í alþjóðlegum reikningsskilastaðli IAS 38, sem fjallar um óefnislegar eignir, segir m.a. að ekki skuli færa viðskiptavild, vörumerki, stofnkostnað og fleiri sambærilegar eignir, sem myndast innan félags, til eignar sem óefnislegar eignir. Einhver hefði sagt um dæmið hér á undan að A hefði fært upp viðskiptavildina í sjálfu sér sem ætla verður að sé brot á þessari reglu. Nú fylgja ekki öll félög hér á landi alþjóðlegum reikningsskilastöðlum en ekki verður betur séð en a.m.k. sum þeirra félaga sem skráð eru í kauphöllinni fari frjálsglega með færslu viðskiptavildar sem myndast hefur við skuldsettar yfirtökur og samruna.

Spurningin er hvort regluverk reikningsskilanna hafi verið til staðar eða ekki eða hvort menn hafi hreinlega farið gáleysislega með það.



2. Eftirlitsiðnaðurinn

Þegar samruni hlutafélaga á sér stað ber að tilkynna hann til Hlutafélagaskrár sem starfrækt er hjá Fyrirtækjaskrá. Stjórnir félaganna þurfa m.a. að gera með sér samrunaáætlun og gera grein fyrir skiptigengi eða gagngjaldi því sem fæst fyrir hluti þá sem látnir eru af hendi í samrunanum. Af þeim tilkynningum sem berast Hlutafélagaskrá má sjá að algengast er, svo áfram sé haldið með dæmið um A og B, að B, þótt það sé yfirtökufélagið, sameinast A þannig að A verður það félag sem heldur tilvist sinni áfram eftir samrunann. Það er í raun dálítið merkilegt að hluthafar B geti lagt fram skuldir án eignar til samrunans og eignast allt hlutaféð í A í staðinn. Einnig er það mjög merkilegt að stjórnir félaganna hafa í mörgum tilvikum lýst því yfir að samruninn komi ekki til með að skerða hag lánadrottna og þær yfirlýsingar eru síðan staðfestar af þar til bærum aðilum. Samt er verið að færa skuldir inn í hið sameinaða félag án þess að eignir fylgi á móti. Reyndar hefur orðalag þessara yfirlýsinga orðið loðnara og teygjanlegra eftir því sem nær dregur samtímanum og nú má t.d. finna yfirlýsingar í þá veru að samruninn sé því ekki til fyrirstöðu að lánadrottnar fái skuldir sínar greiddar. En hvernig má það vera ef skuldir án eignar eru færðar frá B yfir í A, og það oft á tíðum verulegar fjárhæðir, að

það skerði ekki möguleika lánadrottna til að fá kröfur sínar greiddar? Eru þessar tilkynningar bara innantóm orð? Hvar liggur ábyrgðin á þessu? Við athuganir ríkisskattstjóra hefur komið í ljós að lögmenn og endurskoðendur telja að sú ábyrgð liggji hjá Hlutafélagaskrá. Hlutafélagaskrá segir aftur á móti að stofnunin hafi hvorki skilgreinda fjármuni né mannskap til að sannreyna slík gögn og upplýsingar. Í lögum um hlutafélög sé kveðið á um að stofnuninni beri að ganga úr skugga um að áskilin gögn hafi borist og að þau séu staðfest af þar til bærum aðilum. Þannig skyldi maður ætla að hinn svokallaði eftirlitsiðnaður, sem hefur aðgang að gögnum og upplýsingum í starfsstöðvum hlutafélaganna, beri auk stjórnenda þeirra hina faglegu ábyrgð á innihaldi yfirlýsinganna.

Það eru fleiri atriði í regluverkinu sem virðist hafa verið farið frjálsglega með. Í dæminu um A og B er það B sem er hið raunverulega yfirtökufélag sem kaupir hlutaféð í A. Engu að síður skrá stjórnendur og sérfræðingar þeirra hiklaust í gögnum til Hlutafélagaskrár að A sé yfirtökufélagið þannig að samruninn er í raun öfugur. Sjálfsagt yrði fjárhagsstaða félaganna sú sama eftir samrunann hvort heldur það er A eða B sem heldur áfram tilvist sinni. Tilkynningin er samt sem áður röng og hún er haldin ákveðinni mótsögn út

Gróft yfirlit um þróun heildareigna, viðskiptavildar og eigin fjár nokkurra félagasamstæðna í kauphöllinni

			2007 millj. kr.	2006 millj. kr.	2005 millj. kr.	2004 millj. kr.	2003 millj. kr.
1	Actavis	Heildareignir Þar af viðskiptavild Eigið fé	552.931 358.234 274.524	242.743 89.647 84.339	180.632 66.260 82.244	57.224 19.324 23.394	53.639 21.099 19.792
2	Alfesca	Heildareignir Þar af viðskiptavild Eigið fé	61.792 19.226 29.418	59.212 17.425 25.535	51.234 14.033 19.785	69.753 15.826 21.542	26.513 1.331 3.635
3	Avion/Hf. Eimskipaf. Ísl.	Heildareignir Þar af viðskiptavild Eigið fé	225.763 39.934 41.269	137.707 23.249 51.005	96.137 31.716 29.142	29.238 8.922 4.113	8.621 0 1.681
4	Atorka	Heildareignir Þar af viðskiptavild Eigið fé	103.669 13.783 9.064	99.290 27.390 12.272	33.538 5.760 9.940	16.842 254 8.969	5.239 0 4.093
5	Bakkavör	Heildareignir Þar af viðskiptavild Eigið fé	184.740 96.067 34.720	179.071 97.445 33.184	125.714 62.072 14.110	32.651 12.741 10.574	27.477 12.741 9.218
6	Dagsbrún/365	Heildareignir Þar af viðskiptavild Eigið fé	14.683 5.156 4.545	18.769 5.192 6.137	22.810 10.608 7.563	20.815 10.076 7.563	12.308 5.508 5.392
7	Exista	Heildareignir Þar af viðskiptavild Eigið fé	732.560 42.926 216.617	416.963 44.095 180.272	161.782 0 96.104		
8	Teymi	Heildareignir Þar af viðskiptavild Eigið fé	37.520 19.648 8.299	36.788 17.587 4.148	35.697 0 5.840		
9	Kögun	Heildareignir Þar af viðskiptavild Eigið fé	17.365 6.618 3.132	19.817 6.445 2.748	20.655 11.655 6.330	16.710 10.173 5.228	3.500 0 1.764
10	FL Group	Heildareignir Þar af viðskiptavild Eigið fé	422.320 28.488 155.844	262.871 0 142.676	132.618 3.267 74.443	31.618 78 14.935	20.085 0 9.209
11	Glitnir	Heildareignir Þar af viðskiptavild Eigið fé	2.948.910 40.515 169.969	2.246.339 17.946 146.119	1.472.250 10.551 84.750	675.313 10.875 50.313	443.943 11.588 24.423
12	Icelandic Group	Heildareignir Þar af viðskiptavild Eigið fé	72.800 17.649 12.101	86.023 19.861 16.720	51.429 12.186 8.696	35.225 5.488 3.365	26.493 76 4.255
13	Kaupþing	Heildareignir Þar af viðskiptavild Eigið fé	5.347.345 60.014 356.431	4.055.396 63.118 334.892	2.540.811 50.481 202.512	1.534.020 34.208 149.443	558.569 5.948 45.929
14	Landsbanki Íslands	Heildareignir Þar af viðskiptavild Eigið fé	3.057.546 23.062 184.004	2.172.924 12.078 149.457	140.460 9.380 110.059	730.370 1.012 38.015	448.238 1.168 22.381
15	Marel	Heildareignir Þar af viðskiptavild Eigið fé	39.077 8.728 16.628	20.906 9.213 13.701	8.684 724 3.101	7.637 375 2.476	7.301 315 2.259
16	Milestone	Heildareignir Þar af viðskiptavild Eigið fé	391.627 79.009 69.513	170.075 14.353 43.727	83.821 11.114 25.833	11.394 0 2.948	3.162 0 1.974
17	Nýherji	Heildareignir Þar af viðskiptavild Eigið fé	5.661 1.289 1.763	4.545 1.036 1.397	3.968 776 1.397	1.660 44 1.280	1.539 68 1.330
18	Straumur/Burðarás-fjf.banki	Heildareignir Þar af viðskiptavild Eigið fé	652.287 45.084 143.393	412.288 17.221 141.349	259.349 14.588 144.871	89.648 0 32.474	22.529 0 16.093
19	Tryggingamiðstöðin	Heildareignir Þar af viðskiptavild Eigið fé	70.443 4.769 25.615	69.379 5.617 21.972	30.777 0 16.090	20.242 444 6.991	18.471 555 6.011
20	Össur	Heildareignir Þar af viðskiptavild Eigið fé	39.529 21.284 15.560	44.118 22.794 11.638	25.817 14.689 10.006	6.680 1.539 3.356	7.284 1.683 3.139
	Samtals	Heildareignir Viðskiptavild Eigið fé	14.978.568 931.483 1.772.409	10.755.224 511.712 1.423.288	5.478.183 329.860 952.816	3.387.040 131.379 386.979	1.694.911 62.080 182.578

frá gagngjaldssjónarmiðinu. Þar fyrir utan vekur öfugur samruni upp spurningar um fjármögnun hlutanna þar sem vafamál er hvort hlutafélag megi skuldsetja sig í þágu hluthafa þannig að þeir komist yfir eignarhald á félaginu sbr. ákvæði 104. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Þá má nefna að skilyrt er í lögum um hlutafélög að hluthafar verði að vera a.m.k. tveir. Þegar félag eins og B kaupir A og A er hlutafélag hefur það ákvæði verið brotið. Oft er líka bara einn hluthafi á bak við B þannig að ákvæðið er ekki bara brotið á meðan samruninn gengur yfir heldur líka til næstu framtíðar.

Stærsta spurningin um þetta regluverk er hvort eðlilegt sé að færa milljarðaskuldir inn í hlutafélag án þess að nokkur eign komi á móti og lýsa því yfir í opinberum tilkynningum að hagur lánadrottna hafi ekki versnað. Þá er nokkuð ljóst að 104. gr. laganna um hlutafélög er ekki að virka þegar svona yfirtökur eiga sér stað.

3. Skattaleg sjónarmið

Líklegt er að lán sem B hefur tekið í þeim tilgangi að kaupa hlutaféð í A teljist ekki hafa gengið til tekjuöflunar fyrir A eða til kaupa á eignum sem afla tekna fyrir A þegar samruna félaganna er lokið. Þar með eru brostnar forsendur fyrir að A geti gjaldfært vextina og dregið þá frá skattskyldum tekjum eins og framkvæmdin virðist hafa verið til þessa. Ætla má að þarna geti legið ónýttir skattstofnar fyrir hið opinbera aftur í tímann.

Annað álitamál af skattalegum toga gæti verið túlkun á því hvað raunverulega gerist þegar hluthafar í B losna undan að taka ábyrgð á rekstri þess félags eftir kaupin á A. Með því að sameina félögin skutla þeir skuldum B inn í A og þurfa ekki lengur að hafa áhyggjur af því hvort A skili nægjanlegum arði til að standa undir þeim skuldbindingum sem B hafði tekist á hendur. Það eitt að flytja skuldirnar yfir til A án þess að nokkur eign komi þar á móti gæti hæglega flokkast undir úttekt af höfuðstóli í A í þágu hluthafa í B. Þar með gæti verið um óskattlagðar arðstekjur að ræða hjá hluthöfum B. Á þetta hefur enn ekki reynt í skattarétti en mögulegt að það gerist síðar.

Lokaorð

Hér að framan hefur verið lýst a.m.k. einu af þeim fyrirbærum sem hafa blásið út efnahagsreikninga bankanna og fyrirtækjanna í landinu á síðustu árum. Fyrir þessa uppfinningu hafa menn fengið bæði mikið lof og há laun. Til að hægt væri að koma þessu í kring þurfti greiðan aðgang að lánsfé og þeir sem það fengu voru tilbúnir að greiða bönkunum háar fjárhæðir fyrir aðstoðina sem þeir veittu við að búa ný félög til sölu á markaði. Þannig nærðust þessir aðilar með hvetjandi hætti hvorir á öðrum, bankarnir og fjárfestarnir. Í raun má halda því fram að viðskiptalíf-ið hafi þrífist á vissum blekkingum sem snérust um að sýna eins góða fjárhagsstöðu fyrirtækjanna og mögulegt var með því að færa allar eignir þeirra á hæsta mögulega verði og stuðla þannig að því að

***Nauðsynlegt er að koma
böndum á þann
stjórnlausa glannaskap
sem skuldsettu
yfirtökurnar og
samruninn hafa verið***

gengi hlutabréfanna yrði sem allra hæst. Þessi aðferð, að meta eignir á uppgangsverði eins og ég hef leyft mér að kalla það, þ.e. verði sem menn trúa að muni alltaf hækka en ekki lækka, teygir anga sína út frá Íslandi og víða um heim, mest þó til Bretlands og annarra Evrópulanda. Hið sama á einnig við um fasteignafélög og uppgangsvirði þeirra þó að þeim verði ekki gerð skil hér og nú. Út á svona eignir lánuðu síðan bankarnir og á móti stóðu m.a. innlán almennings bæði hérlandis og erlendis.

Nú er blaðran sprungin líkt og gerðist í Bandaríkjunum en líklega er hvellurinn hlutfallslega mun hærri hér en þar. Eru menn búnir að gleyma Enron eða Sarbanes-Oxley bremsulöggjöfinni sem sett var m.a. til að halda aftur af svona leikfléttum? Þrátt fyrir allar áhættuvarnir bankanna, sem lesa mátti um á mörgum

blaðsíðum í ársreikningum þeirra, fuku þær um koll eins og hálmhúsið, sem grísinn Gepill byggði sér af miklu stolti í sögunni um úlfinn og grísina þrjá, þegar úlfurinn blés það um koll. Næstu ár fara í að skoða hvað fór úrskeiðis og setja reglur svo að sagan endurtaki sig ekki.

Nauðsynlegt er að koma böndum á þann stjórnlausa glannaskap sem skuldsettu yfirtökurnar og samruninn hafa verið og aðrar sambærilegar ráðstafanir eins og t.d. hjá fasteignafélögum. Bæta þarf lög um hlutafélög, skilgreina hvar eftirlitið liggur, tryggja að reikningsskil fyrirtækjanna hafi eðlilegt jarðsamband og búa þannig um hnútana að endurskoðendur þori að stíga til jarðar í návist viðskiptavina sinna án þess að þurfa að óttast um að það fækki í kúnnahópnum við það. Þá er bráðnauðsynlegt að staðla að vissu marki þær upplýsingar sem fram koma í afkomutilkynningum fyrirtækja því að þær eru oft beinlínis villandi fyrir þá sem ekki hafa kunnáttu til að lesa ársreikninga. Við þurfum að tryggja að viðskiptalíf framtíðarinnar þrífist ekki á blekkingum og að sýndarveruleiki nái ekki tökum á stjórnendum þess.

Taflan hér að framan sýnir hvernig verðmæti heildareigna, viðskiptavildar og eigin fjár nokkurra helstu félaga sem skráð eru í kauphöllinni hafa þróast á síðustu árum. Þessi þróun hefur einnig náð til margra annarra félaga sem eru utan kauphallarinnar en þær fjárhæðir eru ekki birtar hér. Viðskiptavildin hefur að meginstofni orðið til í gegnum samruna í kjölfarið á skuldsettum yfirtökum og eins og sjá má er hún sums staðar hærri en eigið fé. Það má orða það svo að viðskiptavildin sé vísbending um þá fjárhæð skulda sem flutt hefur verið inn í félögin umfram raunverðmæti eigna. M.ö.o. þá er búið að skuldsetja félögin fyrir framtíðarhagnaði sem þessum fjárhæðum nemur en væntingarnar, sem auðvitað hafa staðið til mun meiri hagnaðar, eru nú horfnar út í himinblámann og tómið þar sem þær munu aldrei finnast á meðan skuldirnar eru á sínum stað.



CO₂

Skattlagning ökutækja og eldsneytis

í skugga olíukreppu og gróðurhúsalofttegunda

Í lok maí 2008 skilaði starfshópur fjármálaráðherra af sér skýrslu um heildarstefnumótun skattlagningar eldsneytis og ökutækja. Í starfshópnum áttu sæti fulltrúar fjármálaráðuneytis, samgönguráðuneytis og umhverfissráðuneytis og átti starfshópurinn samráðsfundi með 30 hagsmunaaðilum. Í skipunarbréfi starfshópsins kemur fram að hann eigi að gera tillögur um samræmda skattlagningu ökutækja og eldsneytis sem hafi þau markmið að leiðarljósi að hvetja til notkunar vistvænna ökutækja, orkusparnaðar, minnkunar á losun gróðurhúsalofttegunda, aukinnar notkunar innlendra orkugjafa, fjármagna uppbyggingu og viðhald vegakerfisins og þjóna áfram sem almenn tekjuöflun fyrir ríkissjóð.



Ingvi Már
Pálsson


Í skýrslu starfshópsins kemur fram að sam-
anburðargögn sýna að Ísland er með
hæstu skráða CO₂ meðaltalslosun fólks-
bíla í öllum löndum innan Evrópu-
sambandsins eða 194 g/km CO₂. Í því
sambandi má benda á að markmið
Evrópusambandsins er að árið 2012 verði
meðaltalslosun fólksbíla innan sam-
bandsins komin niður í 120 g/km CO₂.

Almennt er litið svo á að olíuframleiðsla
hafi náð sögulegu hámarki og fari á næstu
árum minnkandi vegna takmarkaðra auð-
linda. Eftirspurn eftir dísilolíu hefur auk-
ist jafnt og þétt undanfarin ár samhliða
aukningu dísilfólksbíla í Evrópu og víðar.
Því er spáð að þetta ójafnvægi framboðs
og eftirspurnar muni til lengri tíma hafa í
för með sér hækkun á olíuverði á heims-
mörkuðum. Þjóðir heimsins eru þegar
farnar að bregðast við þessum aðstæðum
með ýmsum hætti og einn þáttur í því er
endurskipulagning skattlagningar á öku-
tæki og eldsneyti með það fyrir augum
að vera ekki jafn háðar jarðefnaeldsneyti
og verið hefur, þ.e. að gera markaðinum
fært að bjóða upp á aðra valkosti en öku-
tæki sem eingöngu eru knúin af jarðefna-

eldsneyti. Að sama skapi er með þessum
breytingum verið að bregðast við áhrifum
af völdum gróðurhúsalofttegunda og
reyna að draga úr þeim á heimsvísu.

Ef litið er til Evrópu eiga þær breyting-
ar sem gerðar hafa verið á skattlagningu
ökutækja og eldsneytis á undanförunum
árum það sammerkt að skattlagningunni
er í ríkara mæli beint að losun CO₂ frá
ökutækjum sem og álagningu sérstaks kol-
efnisskatts á eldsneyti. Með slíkum
aðgerðum er búinn til hvati til að fjölga
vistvænum ökutækjum og vistvænum
orkugjöfum til að ná ofangreindum mark-
miðum. Stjórnvöld geta með skattlag-
ningu ráðið miklu um samsetningu og
notkun bílaflotans. Aðgerðir stjórnvalda í
þá veru eiga að vera almennar og óháðar

Meðallosun CO₂ frá nýjum fólksbílum



einstökum tæknilegum lausnum, þ.e. stjórnvöld eigi ekki að veðja á ákveðnar tæknilausnir.

Þrátt fyrir að meðaltalslosun CO₂ frá ökutækjum hér á landi hafi lækkað á síðustu árum heildarlosun aukist samhlíða mikilli fjölgun í ökutækjaflotanum. Vegasamgöngur eru sá þáttur losunar gróðurhúsalofttegunda sem vaxið hafa langmest hlutfallslega og hafa þær aukið hlut sinn úr því að vera 15% allrar losunar árið 1990 í að vera 25% árið 2006. Að óbreyttu er Ísland langt frá að geta upp-


fyllt þau langtímamarkmið sem sett hafa verið um losun gróðurhúsalofttegunda frá samgöngum. Því ber að taka núverandi ástand og sérstöðu Íslands í þessum eignum alvarlega.

Í skýrslu starfshópsins er velt upp valkostum til úrbóta og lagðar fram tillögur sem miða að því að ná fram þeim markmiðum sem starfshópnum voru sett. Eðli máls samkvæmt eru fleiri en ein leið fær til að ná umræddum markmiðum. Tillögur starfshópsins eru þannig hugsaðar sem grunnur fyrir frekari ákvarðanatöku í mál-

inu og til að ýta við umræðunni. Öll tilögugerð um heildarstefnumótun skattlagningar ökutækja og eldsneytis tekur mið af nágildandi fjórum stöðum í skattlagningu ökutækja og eldsneytis, þ.e. stofngjald (vörugjald af ökutækjum), árgjald (bifreiðagjald), eldsneytisgjald (vörugjöld af eldsneyti og olúgjald) og notkunargjald (kílómetragjald). Ný og samræmd skattlagning ökutækja og eldsneytis nær því til allra þessara þátta.

Í skýrslunni leggur starfshópurinn til að íslensk stjórnvöld feti svipaðar brautir og nágrannaþjóðir okkar hafi gert í þessum eignum. Að mati starfshópsins nást markmið hans best fram, á heildstæðan og samræmdan hátt, með því að tengja skattlagningu í öllum ofangreindum flokkum við losun á CO₂. Samræmd skattlagning í þá veru felur í sér upptöku losunargjalda á ökutæki í stað vörugjalds og bifreiðagjalds, og upptöku kolefnisskatts á jarðefnaeldsneyti. Valkostir við útfærslu slíkrar heildarskattlagningar felast m.a. í tilfærslu á skattbyrði frá ökutækjum yfir á eldsneyti eða öfugt, samspili ofangreindra fjögurra stöða, tilhögun frávika frá stofngjaldi, bifreiðagjaldi og eldsneytissköttum, stofni losunargjalds og kolefnisskatts og afmörkun tekna af skattlagningunni. Nánar tilgreint eru tillögur starfshópsins eftirfarandi:

Losun gróðurhúsalofttegunda eftir meginflokkun



Stofngjald

Í stað vörugjalda á ökutæki komi losunargjald sem miðist við skráða CO₂ losun í grömmum á hvern kílómetra. Er losunargjaldið lagt á í bilum eftir því hver skráð losun CO₂ af viðkomandi ökutæki er. Endanleg uppstilling og útfærsla gjaldsins er háð ákvörðun um hverjar tekjur ríkissjóðs eigi að vera af þessum tekjupætti og hvernig heildarsamspili skattlagningar ökutækja og eldsneytis er stillt upp. Í tillögu starfshópsins er gjaldinu þannig stillt upp að meðalfólksbíll, með meðallosun CO₂, komi svipað eða betur út úr hinu nýja kerfi. Ökutæki sem losa minna af CO₂ koma hins vegar betur út úr kerfisbreytingunni en ökutæki sem losa meira.

Samkvæmt tillögu starfshópsins verður undanþágum frá vörugjaldi af ökutækjum fækkað og þær einfaldaðar, en í dag eru þær 35 talsins. Í skýrslunni kemur fram að áætlað var að tekjur ríkissjóðs muni lækka um 1.200 m.kr. vegna þessarar breytingar.

Árgjald

Bifreiðagjald verði lagt á á grundvelli skráðrar CO₂ losunar ökutækis í stað þyngdar. Sömu forsendur og sjónarmið eiga hér við varðandi uppstillingu og útfærslu gjaldsins og um framangreint losunargjald.

Flokkur	Bil losunar CO ₂ (g/km)	Nýtt bifreiðagjald (1/2) árgjald, kr.
A	0-100	0
B	100-120	0
C	121-140	0
D	141-160	5.000
E	161-180	7.000
F	181-200	13.000
G	201-220	20.000
H	221-250	30.000
I	251-350	37.000
J	Yfir 350	45.000

Í skýrslunni kemur fram að áætlað er að tekjur ríkissjóðs muni minnka um 500 m.kr. vegna þessarar breytingar.

Kolefnisskattur á eldsneyti

Nýr skattur, kolefnisskattur, verði lagður á jarðefnaeldsneyti og miðast hann við markaðsverð fyrir losun á tonn af CO₂. Tillögu starfshópsins miða að því að heildarskatttekjur ríkissjóðs verði því sem

Flokkur (g/km)	Bil losunar CO ₂ (%)	Vörugjald í dag (%)	Nýtt gjald
A	0-100	30	0
B	100-120	30	5
C	121-140	30	10
D	141-160	30	15
E	161-180	30	20
F	181-200	30/45	30
G	201-220	30/45	40
H	221-250	45	50
I	Yfir 250	45	60

næst óbreyttar við kerfisbreytinguna og var því miðað við að tekjur af kolefnisskatti verði nálægt 1.700 m.kr. Lagt er til að kolefnisskatturinn verði lagður á allt jarðefnaeldsneyti að undanskildu eldsneyti á flugvélar og skip og kemur því einhver tekjuauki vegna sölu á litaðri dísilolíu til viðbótar.

Notkunargjald

Kílómetragjald á ökutæki yfir 10 tonn verði óbreytt en verði innheimt með GPS tækni um leið og sú tækni liggur fyrir og er orðin áreiðanlegur grundvöllur skattheimtu. Með því myndast möguleiki til að stilla notkunargjöld af fyrir vegi m.a. út frá landfræðilegum sjónarmiðum og ástandi vega.

Þessar tillögur senda skýr skilaboð til markaðarins í þá átt að draga úr eldsneytisnotkun. Jarðefnaeldsneyti fer hækkandi í verði og það mun halda áfram að gera það. Á sama tíma er notkun bílaflotans á því sá þáttur sem stjórnvöld geta helst haft áhrif á til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda.

Með tillögum starfshópsins er áherslunni í skattlagningunni breytt úr gjöldum sem ekki fara eftir notkun (vörugjald við innflutning og bifreiðagjald) í gjöld sem fara eftir notkun (vörugjald á eldsneyti) og því er hinn hagræni hvati til að fara vel með eldsneytið aukinn.


Tillögur starfshópsins eru í samræmi við þau markmið sem honum voru sett og er um samræmda og einfalda skattlagningu að ræða eftir því sem kostur er á. Höfð er hliðsjón af þeim fjölmörgu frávikum sem innbyggð eru í dag í skattlagningu ökutækja og eldsneytis. Í heild gera tillögur starfshópsins ráð fyrir tekjutilfærslu í skattlagningu af ökutækjum yfir á

eldsneyti á þann hátt að heildarskatttekjur ríkissjóðs verði því sem næst óbreyttar við kerfisbreytinguna. Samkvæmt tillögunum er grunnur skattlagningarinnar með sameiginlega þræði heilt í gegnum skattkerfið, ólíkt því sem verið hefur. Að auki gera tillögurnar ekki upp á milli ólíkra tæknilausna varðandi vistvæn ökutæki eða vistvæna orkugjafa.

Þessar tillögur einar og sér nægja væntanlega ekki til að draga stórlega úr heildarlosun gróðurhúsalofttegunda frá vegasamgöngum. Almenn vitundarvakning og frekari fræðsla þarf að koma til. Benda má á að ágæt rök eru fyrir því að til að auðvelda aðlögun markaðarins að breyttu vörugjaldafyrirkomulagi verði Úrvinnslusjóði tímabundið gert kleift að greiða hærra skilagjald fyrir eldri ökutæki sem tekin eru úr umferð en nú er gert. Einnig er ljóst að með eflingu almenningssamgangna sveitarfélaga er skapaður raunhæfur valkostur við einkabílinn í samgöngulegu tilliti.

Bent hefur verið á að raunverðmæti skatta á eldsneyti hefur farið lakkandi á síðustu árum þar sem skattlagning á bensín hefur verið óbreytt frá 2003 og á dísilolíu frá 2005. Stjórnvöld í nágrannaríkjum Íslands, t.d. í Svíþjóð, Noregi og Bretlandi, hafa nýverið tilkynnt um auknar skattaálögur á eldsneyti af umhverfislegum ástæðum. Almennt séð eru tillögur starfshópsins í samræmi við, eða jafnvel mildari en þær aðgerðir sem stjórnvöld í nágrannaríkjum okkar hafa gripið til. Jafnframt er mikilvægt að horfa á tillögur starfshópsins í heild sinni en ekki eingöngu á kolefnisskattinn.

Á neðangreindri mynd, sem er að finna í skýrslu starfshópsins, kemur fram hvernig gert er ráð fyrir að umræddar tillögur



hafi áhrif á annars vegar söluverð fólksbíla og hins vegar eldsneytiskostnað.

Flokkar B til I í súlunum fara eftir skráðri losun ökutækja samanber losunargjaldstöfluna að framan. Verðlækkun er mest í flokki C en bílar í flokki B hafa hingað til sumir hverjir notið sérstaks afsláttar af vörugjöldum. Dæmi um bíl í flokki C er Toyota Yaris, Renault Clio (bensín), Skoda Octavia og Volvo V50 (dísil). Slík ökutæki munu því samkvæmt töflunni lækka í verði um tæpar 300.000 kr. á meðan aukinn eldsneytiskostnaður viðkomandi bifreiðar vegna upptöku kolefnisskatts er áætlaður um 5.000 kr. á ári.

Að auki verða ökutæki í bili C undanþegin bifreiðagjaldi. Dæmi um ökutæki í bili I, sem hækka talsvert í verði, eru Toyota Land Cruiser (bensín) og Range Rover (bensín og dísil). Eldsneytiskostnaður er hér miðaður við meðaltöl í hverjum flokki og 13.000 km árlegan akstur. Eins og sést er hann áætlaður frá 4.000 kr. á ári upp í rúmlega 11.000 kr. Þar er reiknað með virðisaukaskatti ofan á kolefnisskattinn.

Af myndinni má ráða að fyrir hinn hefðbundna ökutækjaeiganda yrðu áhrif kolefnisskattsins mun minni en þau áhrif sem breytt fyrirkomulag vörugjalds og bifreiðagjalds hefðu. Raunverulegur hvati

yrði til þess að koma ökutækjum á bilum A til E á framfæri og í umferð á meðan ökutæki í bilum H og I yrðu látin borga í samræmi við mengunarbótaregluna. Að auki gera tillögurnar ráð fyrir að óhefðbundnir orkugjafar (vetni, rafmagn, etanol o.s.frv.) verði undanþegnir vörugjöldum. Ökutæki sem knúið er af óhefðbundnum orkugjafa og fellur í bil A yrði því undanþegið vörugjaldi, bifreiðagjaldi sem og vörugjaldi af hinum óhefðbundna orkugjafa. Fjölgengisbílar hverskonar (tvinnbílar, flexibílar, plug-in hybrid o.fl.) myndu því koma vel út úr kerfisbreytingunni. Í skýrslunni kemur fram að yrðu tillögur starfshópsins að veruleika er áætlað að meðallosun nýskráðra ökutækja fari úr 194 g/km CO₂ í 183 g/km CO₂. Ef vel tækist til eru líkur til þess að þessi tala fari lækkanði á næstu árum samhliða breyttri samsetningu bílaflotans og almennri tækniþróun.

Ingvi Már Pálsson, LL.M

lögfræðingur á tekju- og lagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins og formaður starfshóps um heildarstefnumótun um skattlagningu ökutækja og eldsneytis

Rannsóknarreglan í skattstjórnarsýslunni

Grein Sigmundar Stefánssonar
skattstjóra Reykjanesumdæmis í
Tímariti lögfræðinga í júlí 2008

Í 1. hefti 58. árgangs Tímarits lögfræðinga var birt grein eftir Sigmund Stefánsson skattstjóra Reykjanesumdæmis þar sem hann skoðar rannsóknarreglu stjórnsýslulaga og skattalöggjafar í meðförum skattyfirvalda, einkum skattstjóra og ríkisskattstjóra. Hann fjallar um hvernig mælt hefur verið fyrir um rannsóknarskyldu í skattalöggjöfinni, hvenær henni var komið á og hvernig lagaákvæði þar um hafa þróast í tímans rás auk þess sem hann fer yfir afleiðingar þess að rannsóknarregla sé brotin.

Í greininni reifar Sigmundur fjölda úrskurða yfirskaðnefndar og ríkisskattnefndar, forvera hennar, auk nokkurra dóma Hæstaréttar. Aðrar helstu heimildir eru Alþingistíðindi, ýmsar fræðigreinar sem birtar hafa verið og skýrsla umboðsmanns Alþingis.





Fundarmenn voru frá 11 löndum.

Samstarf ríkisskattstjóra Norðurlanda og Eystrasaltsríkja

Um miðjan september 2008 hittust ríkisskattstjórar ellefu ríkja í svokölluðu Baltic Sea Region samstarfi. Norðurlöndin, Eystrasaltsríkin, Pólland, Þýskaland og Rússland mynda hópinn og hafa fundað árlega hin síðustu ár. Íslensk skattfyrvöld hafa tekið þátt í samstarfinu frá upphafi og notið þess með margvíslegum hætti. Tilgangur samstarfsins er m.a. að efla skilvirkt upplýsingaflæði milli landanna, eiga samvinnu um skatteftirlit og stemma stigu við skattundandrætti. Þá hefur hópinn fjallað um fjölmörg álitamál, kynnt lagaþróun í hverju ríki, stefnur og strauma hverju sinni auk þess sem fundarmenn hafa skipst á skoðunum. Ýmsir minni starfshópar hafa einnig starfað, m.a. um hinn lagalega grundvöll upplýsingaskipta.

Fundurinn í haust var haldinn í Svíþjóð, nánar tiltekið í Helsingborg. Var það

sænska ríkisskattstjóraembættið sem annaðist skipulagningu og undirbúning fundarins með miklum myndarbrag. Fulltrúar Íslands voru þeir Skúli Eggert Þórðarson, Jens Þór Svansson og Ingvar J. Rögnvaldsson. Á fundinum gerðu fulltrúar landanna grein fyrir helstu lagabreytingum og nýbreytni í skattframkvæmd.

Á fundinum var einnig samþykkt tillaga Svía og Dana um að endurmeta samstarfið í ljósi reynslunnar. Tillaga sú hafði áður verið kynnt og rædd á fundi sem haldinn var í Reykjavík á árinu 2007. Í tillögunni fólst að færa meginstarfið inn í framkvæmdahópa undir stjórn yfirmanna í skattkerfum ríkjanna en framkvæmdahóparnir munu framvegis starfa á vettvangi Eystrasaltsráðsins, Council of the Baltic Sea States. Er talið að þessi breyting muni leiða til enn frekari árangurs af sam-

starfinu. Þar verður nú sem endranær lögð áhersla á að efla skilvirka upplýsingagjöf og samvinnu milli skattfyrvalda, einkum á sviði skatteftirlits.

JPS



Sænska sendinefndin á fundinum undir forystu Mats Sjöstrand og Vilhelm Andersson.

Fjárhagstjón - skattstofnar

Ríkisskattstjóri hefur að undanförnu fengið fyrirspurnir um það hvort til greina komi lækkanir á skattstofnum vegna þess fjárhagslega taps sem fyrirsjáanlegt er að margir verða fyrir í tengslum við hrun bankanna þriggja.



**Elín Alma
Arthursdóttir**

Fjárhagsleg áföll

Fyrir liggur að veruleg fjárhagsleg áföll hafa orðið hjá mörgum síðustu vikur. Sem dæmi voru á milli 60.000-70.000 manns hluthafar í bönkum og sparisjóðum á Íslandi og í mörgum tilvikum getur verið um sömu einstaklinga að ræða, þ.e. að hver og einn hafi átt hlutabréf í fleiri en einum banka. Margir hafa vafalaust hugsað sem svo að með því að haga hlutabréfakaupum sínum með þeim hætti væri áhættunni dreift. Af fréttum að dæma virðist a.m.k. ljóst að margir þeir sem átt hafa hlutdeild í ýmsum peningamarkaðssjóðum muni glata hluta af þeim eignum þótt ekki séu öll kurl komin til grafar í þeim efnum þar sem óljóst er þegar þetta er skrifað hversu mikils virði sjóðseignirnar eru og einnig vegna þess að ríkisstjórnin hefur lýst yfir því að reynt verði að bæta hugsanlegan skaða að einhverju leyti. Þá verður ekki annað séð en mikil óvissa sé um innstæður í séreignarlífeyrisjóðum. Innstæður á bankareikningum eru á hinn bóginn tryggar og það sama gildir um hlutdeildarskírteini í ýmsum sjóðum t.d. sem hafa fjárfest eingöngu í ríkisskuldabréfum.

Nú er það svo að mjög misjafnt er hversu miklar fjárhæðir eru í raun tapaðar og alltaf spurning hvernig reikna á út slíkt tap. Margir hafa keypt hlutabréf á mjög hagstæðu gengi og þannig verða þeir ekki fyrir miklu beinu fjárhagstjóni þótt ávinningur hækkana hafi ekki verið innleystur. Aðrir hafa keypt á háu gengi og verða eðlilega fyrir mun meira tjóni. Það sama á við um inneignir í verðbréfa- eða fjárfestingarsjóðum – raunverulegt tap

helgast af því á hvaða gengi hlutdeild var keypt og hversu mikið fæst greitt. Í eðli sínu fylgir kaupum á hlutabréfum og hlutdeildarskírteinum í verðbréfa- og fjárfestingarsjóðum töluverð áhætta. Gengi hlutabréfa getur sveiflast af ýmsum orsökum og er langtímafjárfesting. Eigandi innstæðu á sparireikningi á beina kröfu um endurgreiðslu á viðkomandi bankastofnun, en sá sem á hlut í verðbréfa- eða fjárfestingarsjóði á hlutfallslega kröfu miðað við þær eignir sem í sjóðnum eru. Styrkur hvers sjóðs um sig ræðst því af raunverulegu verðmæti þeirra eigna sem í sjóðnum eru hverju sinni, þ.e. fjárhagslegum styrk útgefenda þeirra eigna sem fjárfest hefur verið í ef svo má segja.

Tapað fé?

Í hnotskurn virðist fjárhagslegt tap hins almenna borgara samkvæmt framangreindu vera þrenns konar. Í fyrsta lagi tapað hlutafé, í öðru lagi hugsanlega tapaðar inneignir í verðbréfa- og fjárfestingarsjóðum og í þriðja lagi hugsanlegt tap á inneignum í séreignarlífeyrisjóðum. Ljóst er að um almennt tap er að ræða sem snertir marga einstaklinga. Í kjölfar þeirra erfiðleika sem uppi eru gæti komið til tap á ýmsum öðrum kröfum en það varðar tæpast eins marga og hið almenna tap. Þá liggur fyrir að jafnframt mun verða um margs konar annan missi að ræða, s.s. atvinnumissi og launamissi, a.m.k. þegar til skamms tíma er litið.

Ívilnun

Í 65. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, er kveðið á um að skattstjóri skuli taka til greina umsókn manns um lækkun tekjuskattsstofns þegar svo stendur á sem nánar er rakið í sex töluliðum í lagagreininni. Er þetta í daglegu tali nefnt ívilnun. Í fyrstu fjórum töluliðum 1. mgr. lagagreinarinnar er fjallað um að ívilna skuli ef tiltekin atvik verða til þess að skerða gjaldþol manns, t.d. veikindi, slys eða mannslát, ef framfærsla barns, foreldra eða vanda-

manna er umfram það sem venjulegt er og ef um veruleg útgjöld er að ræða vegna menntunar barna 16 ára og eldri. Í 5. tölul. segir að lækka skuli tekjuskattsstofn ef maður hefur orðið fyrir verulegu eignatjóni sem ekki fæst bætt og í 6. tölul. segir að lækka skuli tekjuskattsstofn ef gjaldþol manns hefur skerst verulega vegna taps á útistandandi kröfum sem ekki stafa af atvinnurekstri viðkomandi.

Greint lagaákvæði er að stofni til gamalt. Var í 52. gr. laga nr. 70/1962, um tekjuskatt og eignarskatt, kveðið á um heimild skattstjóra til að taka til greina umsókn skattþegns um lækkun á tekjuskattsstofni þegar svo stóð á sem nánar var rakið í lagaákvæðinu. Sett voru nánari ákvæði um framkvæmd lagaákvæðisins með 49. gr. reglugerðar nr. 245/1963, um tekjuskatt og eignarskatt. Sams konar lagaákvæði var í 66. gr. laga nr. 40/1978, um tekjuskatt og eignarskatt, eins og þau voru samþykkt á Alþingi. Lögunum var síðar breytt að tillögu fjárhags- og viðskipta- nefndar þannig að í stað þess að um heimildarákvæði væri að ræða sagði að skattstjóra væri skylt að taka til greina umsókn manns um lækkun á tekjuskattsstofni þegar svo stæði á sem nánar var rakið í lagagreininni. Lagaákvæði þetta hefur í stórum dráttum verið óbreytt síðan. Í framkvæmd hefur verið við það miðað að eftir sem áður gildi fyrrgreint reglugerðarákvæði um nánari útlistun á því hvenær lækkun kemur til álita. Eins og áður segir er núgildandi lagaákvæði í þessum efnum 65. gr. laga nr. 90/2003.

Eignatjón

Í framkvæmd hefur með hliðsjón af c-lið 49. gr. reglugerðar nr. 245/1963 verið litið svo á að til eignatjóns í skilningi 5. tölul. 1. mgr. 65. gr. laga nr. 90/2003 teljist eyðing eða óvenjulegar skemmdir fjármuna, svo sem af völdum eldsvoða, flóða, jarðskjálfta, eldgosa, fjárfellis eða skipsskaða. Við ákvörðun lækkunar á tekjuskattsstofni vegna slíks eignatjóns hefur verið haft til

hliðsjónar hve mikið tjónið er, hvort um einhvern frádrátt á móti tekjum er að ræða s.s. bústofnsskerðing eða fyrning og hvort og hver áhrif tjónið hafi og muni hafa á gjaldþol skattþegns eða möguleika hans til tekjuöflunar, svo og hvort tjónið hefur verið bætt að nokkru leyti eða öllu.

Tap á útistandandi kröfum

Samkvæmt 6. tölul. 1. mgr. 65. gr. laga nr. 90/2003 ber að taka til greina umsókn um lækun tekjuskattstofns ef gjaldþol manns hefur skerst verulega vegna tapa á útistandandi kröfum, sem ekki stafa frá atvinnurekstri hans. Í d-lið 49. gr. reglugerðar nr. 245/1963 koma fram þau meginsjónarmið sem litið hefur verið til við mat á því hvenær ívilnun samkvæmt þessu lagaákvæði kemur til álita. Þar segir m.a. að skattlækun vegna skuldatapa komi einungis til greina það ár sem það hefur sannanlega orðið, og þá því aðeins að sennilegt megi telja að skattþegn hafi upphaflega gert sér vonir um að lán yrði endurgreitt eða ábyrgð félli ekki á hann, og enn fremur því aðeins að um sé að ræða skuldatap sem ekki er viðkomandi atvinnurekstri aðila. Þá segir að ekki skuli heldur veitt skattlækun vegna tapa á hlutabréfum eða öðrum stofnframlögum til félaga eða atvinnurekstrar, veittum peningalánum, ábyrgðum eða einhverri slíkri aðstoð til stofnunar eða rekstrar fyrirtækis, gegn því að verða vissra viðskiptakjara aðnjótandi.

Skilyrði fyrir lækun tekjuskattstofns af þeim sökum að útistandandi kröfur hafi tapast er að gjaldþol viðkomandi hafi skerst verulega vegna tapsins. Þannig er það ekki fjárhæð tapsins sem ræður því hvort lækun kemur til álita heldur byggist mat á því af aðstæðum hvers og eins og þeim áhrifum sem tapið hefur á gjaldþol viðkomandi. Varla kæmi ívilnun til greina ef um óverulegar fjárhæðir er að ræða með tilliti til tekna viðkomandi og eins þarf að líta til eignastöðu, þ.e. þeirra eigna sem áhrif hafa á greiðsluhæfi en ekki t.d. íbúðarhúsnæðis og bifreiðar til eigin nota.

Tap vegna hlutabréfa

Eins og fram er komið hefur ekki verið talið unnt að lækka tekjuskattstofn manna vegna taps á hlutabréfaviðskiptum, sbr. ákvæði 6. tölul. 1. mgr. 65. gr. laga nr. 90/2003 og áður nefnda 49. gr. reglugerðar nr. 245/1963. Á þetta bæði við um

hlutabréf sem keypt hafa verið beint og þau sem maður hefur eignast vegna kaupna á hlutdeild í hlutabréfasjóðum.

Söluhagnaður hlutabréfa reiknast samkvæmt 18. gr. laga nr. 90/2003 og er hjá einstaklingum skattskyldur sem fjármagnstekjur. Samkvæmt 1. mgr. 24. gr. laganna er heimilt að jafna saman hagnaði og tapi af sölu sams konar eignar innan sama tekjuárs. Ef einstaklingur hefur selt hlutabréf bæði með hagnaði og með tapi innan sama árs er þannig heimilt að lækka skattskyldan söluhagnað um fjárhæð sem nemur tapinu. Samkvæmt gildandi lagaákvæði er þetta einungis heimilt ef um sölu eignanna er að ræða og á þannig ekki við ef hlutabréf tapast af einhverjum orsökum.

Spyrja má hvort einhver önnur sjónarmið séu uppi varðandi þá sem eignast hafa hlutabréf með kauprétti við launagreiðendur sína, svo sem töluvert hefur tíðkast undanfarin ár eins og kunnugt er. Við slíkar aðstæður hefur mönnum borið að telja sér til launatekna mismun á gangverði og því verði sem skráð er í kauphöll eða á skipulögðum tilboðsmarkaði þegar kaupréttur er nýttur, sbr. 9. gr. laga nr. 90/2003, og ávinningurinn því fallið undir almennt skatthlutfall tekjuskatts og útsvars. Ef uppfyllt hafa verið skilyrði sem nú koma fram í 10. gr. laga nr. 90/2003 hafa tekjur samkvæmt 9. gr. laganna verið skattlagðar sem fjármagnstekjur í stað launatekna. Ekki verður séð að nein önnur sjónarmið gildi varðandi þessar aðstæður við mat á því hvort til greina komi lækun tekjuskattstofns þegar hlutafé tapast heldur en rakin hafa verið, ekki frekar en þegar hinn almenni borgari hefur keypt hlutabréf í sömu félögum, og þá fyrir fé sem stafar af tekjum sem greiddur hefur verið af tekjuskattur og útsvar þegar þeirra var aflað.

Tap vegna inneigna í verðbréfa- eða fjárfestingarsjóðum

Tap á inneign í verðbréfa- og fjárfestingarsjóðum þar sem undirliggjandi verðmæti

eru hlutabréf kemur ekki til álita sem forsenda fyrir lækun tekjuskattstofns svo sem gildir varðandi hlutabréf almennt. Að því er varðar tapaða inneign í slíkum sjóðum þar sem undirliggjandi verðmæti eru önnur en hlutabréf þarf að svara þeirri spurningu hvort tengsl við atvinnurekstur eru með þeim hætti að það sama yrði talið gilda um þær og hlutabréf. Ef það yrði niðurstaðan kæmi ívilnun ekki til greina en að öðru leyti yrði að líta á hvert einstakt tilvik, vega það og meta með hliðsjón af þeim skilyrðum sem greinir í 6. tölul. 1. mgr. 65. gr. laga nr. 90/2003. Kæmi þá til skoðunar hvort gjaldþol hefði skerst verulega vegna tapsins og að um sannanlegt tap væri að ræða. Ívilnun

kemur þannig ekki til greina þótt gengi þessara sjóða hafi lækkað heldur einungis ef og þegar sjóðirnir verða gerðir upp og þeim slitið, enda er inneign í slíkum sjóðum háð áhættu sem öllum hefði mátt vera ljós. Þá yrði að vera um að ræða tap á höfuðstól kröfunnar, þ.e. kaupverði hlutdeildar í sjóði, enda ekki um neitt raunverulegt tap að ræða þótt gengi bréfa lækki frá einum tímapunkti til annars.

Tap á inneign í séreignarlífeyrissjóði

Þegar þetta er skrifað er mjög óljóst hvernig mál æxlást varðandi inneignir í séreignarlífeyrissjóðum. Allir bankarnir þrír sem nú eru í höndum skilaneftnda höfðu á sínum snærum séreignarlífeyrissparnað, auk fleiri aðila. Sjóðir þessir hafa verið ávaxtaðir á ýmsa vegu og áhætta við fjárfestingar mismikil. Frá tekjuárinu 2000 hefur verið heimill frádráttur í skattframtali vegna viðbótarlífeyrissparnaðar. Útgreiðslur úr sjóðunum eru skattskyldar í almenntu skatthlutfalli.

Verður tæpast séð að til álita komi að lækka tekjuskattstofn vegna taps á inneign í séreignarlífeyrissjóði, enda afar óljóst hvert slíkt tap verður, ef eitthvað, auk þess sem að hluta til er um að ræða inneignir sem samanstanda af óskattlögðu fé.



Mannauðsstefna ríkisskattstjóra

Traust, tillitssemi og virðing



Inga Hanna
Guðmundsdóttir

Reglulega heldur ríkisskattstjóri starfsmannafundi þar sem farið er yfir helstu mál sem snúa að embættinu og starfsmönnum þess hverju sinni, auk þess sem fundirnir efla samkennd starfsmanna og liðsheild ásamt því að brjóta upp hefðbundinn vinnudag. Fundirnir eru þáttur í miðlun upplýsinga til allra starfsmanna. Þeir hafa mælst vel fyrir hjá starfsmönnum sem einnig hafa aðgang að öllum fundargerðum yfirstjórnar embættisins og geta því fylgst með jafn óðum hvað er helst á döfinni.

Áherslur í stjórnun

Ný mannauðsstefna embættisins var kynnt á starfsmannafundi í febrúar 2008. Í henni voru skjalfestar ýmsar þær breytingar á stjórnun sem höfðu verið í innleiðingu síðustu misseri. Í mannauðstefnunni er rík áhersla lögð á að innan þess samfélags sem vinnustaðurinn er ríki gagnkvæmt traust á milli starfsmanna og stofnunar, tillitssemi og virðing. Í ljósi þess voru dregnar fram áherslur sem lúta að starfsánægju, vellíðan og samskiptum starfsmanna auk möguleika á starfsþróun innan embættisins, endurmenntunar innan skattkerfis sem utan og viðhaldi líkamlegs heilbrigðis.

Breyttar áherslur í stjórnun embættisins hafa mælst vel fyrir hjá starfsmönnum ef marka má þá miklu breytingu sem varð á milli ára á útkomu embættisins í vali SFR á stofnun ársins. Ríkisskattstjóri varð stofnun ársins 2008 í hópi stærri stofnana og hækkaði sig um 45 sæti frá fyrra ári sem verður að teljast góður árangur.

Viðhald þekkingar

Frá því mannauðsstefnan var kynnt í febrúar hefur verið unnið að nánari útfærslu á einstökum þáttum hennar og var endurskoðuð útgáfa birt eftir morgunverðarfund með öllum starfsmönnum sem haldinn var þann 10. október 2008 á Grand Hótel. Á fundinum voru kynntar viðmiðanir um þátttöku embættisins í kostnaði vegna námskeiða sem starfsmenn sækja, bæði námskeiða sem nauðsynleg eru til viðhalds þekkingar vegna starfs þeirra sem og annarrar þekkingar sem starfsmenn telja sig þættari af að afla sér. Viðmiðin eru rúm og þeim er ætlað að hvetja alla starfsmenn embættisins til að afla sér frekari þekkingar og viðhalda menntun sinni, en það er þáttur sem stuðlar að aukinni ánægju í starfi.

Líkamsrækt

Viðmiðanir um þátttöku embættisins í kostnaði vegna líkamsræktar starfsmanna voru einnig kynntar, en útfærsla þeirra er



Skúli Eggert Þórðarson ræðir við starfsmenn á morgunverðarfund 10. október s.l.



talsvert frábrugðin því sem áður var miðað við. Skilgreindur tilgangur líkamsræktarstyrks embættisins er að stuðla að ástundun hollrar hreyfingar og almennt bættri heilsu starfsmanna. Á vinnustaðnum starfar fólk á öllum aldri með mismunandi bakgrunn, reynslu og lífsstíl. Með nýjum viðmiðum er leitast við að koma til móts við ólíkan lífsstíl starfsmanna og styrkja þá til fjölbreyttari leiða til líkamsræktar en eingöngu leigu á aðstöðu. Má þar sem dæmi nefna að nú er hægt að nýta styrkinn til kaupa á tilgreindum búnaði til eigin líkamsræktar á heimili, s.s. fjölpjálfa eða þrekhljóli, kaupa árskort í sund, greiða félagsgjöld í íþróttafélögum eða golfklúbbum. Að auki er komið til móts við þá sem stunda göngur eða skokk með því að láta styrkinn ná til kaupa á hlaupaskóm, gönguskóm og göngustöfum. Að sjálf-sögðu byggir þessi framkvæmd á trausti, því eingöngu er greiddur kostnaður vegna starfsmannsins sjálfs, ekki annarra fjölskyldumeðlima. Þegar reynsla kemur á þessi viðmið verða þau endurskoðuð ef þurfa þykir.

Ný jafnréttisstefna

Ný og endurskoðuð jafnréttisstefna hefur verið birt og eru í henni lagðar fimm megináherslur. Í fyrsta lagi er áhersla á jafnrétti við ráðningu og standi val á milli

tveggja jafnhæfra einstaklinga sem sækja um auglýsta stöðu skuli sá af því kyni sem er í minnihluta í slíkum störfum hjá embættinu að öðru jöfnu ganga fyrir við ráðningu. Í öðru lagi er lögð áhersla á að öllum starfsmönnum, án tillits til kyns, sé auðvelt að samræma starf sitt hjá embættinu og einkalíf. Í þriðja lagi er áhersla á jafnrétti til launa og annarra starfskjara, í fjórða lagi jafna möguleika til starfsþróunar og að lokum er rík áhersla lögð á virðingu og kurteisi starfsmanna á milli í umhverfi þar sem einelti og kynferðisleg áreitni er hegðun sem ekki er liðin.

Skýrar línur

Með útgáfu og kynningu á viðmiðum vegna styrkja og endurskoðun mannauðs-stefnu og jafnréttisstefnu nú í haust má segja að línur embættisins séu orðnar skýrar í þessum málaflokkum þó reynslan muni leiða í ljós hvaða fínslípun þurfi að fara fram í kjölfarið. Stór skref hafa verið stigin í þá átt að auka möguleika starfsmanna á hagstæðri líkamsrækt og viðhaldi menntunar sinnar og þekkingar. Vonir standa til að breytingarnar efli starfsmenn og starfsanda enn frekar og stuðli að því að ríkisskattstjóri verði áfram góður vinnustaður þar sem starfsmenn ná árangri í störfum sínum.



Hópur starfsmanna og makar þeirra í ferð á vegum starfsmannafélags ríkisskattstjóra, FRISK, þar sem farið var á slóðir Egils Skallagrímssonar.

Innsýn í fjármálakerfi og skattaparadísir heimsins

Í sviptingum í fjármálaheiminum undanfarið hefur ýmislegt óvænt komið í ljós. Sigrún Davíðsdóttir ræddi við bandaríska skattasérfræðinginn Joann Weiner sem hefur þrætt sig áfram um skattaparadísir og gráa svæðið eftir skuldatryggingum tengdum Kaupþingi.



**Sigrún
Davíðsdóttir**

Ein af mörgum hliðarverkunum kreppunnar í fjármálaheiminum er óvænt innsýn í hin mörgu skúmaskot sem annars hafa verið hulin. Bandaríski skattasérfræðingurinn Joann Weiner starfar á vegum samtakanna Tax Analyst í Washington og hafði lengi haft áhuga á tengslum hins hefðbundna bankaheims og viðskipta með skuldatryggingar, sem er utan laga um fjármálaviðskipti. Yfirtaka Kaupþings leiddi hana á slóð sem liggur um London, skattaskjól á Isle of Man og skattaparadísina á Bermúda. Þessi tengsl rekur hún í grein sem birtist þann 10. nóvember 2008 í Tax Notes International, Icelandic Bank

Failure Reveals Tax Haven Links. Skuldatryggingamarkaðurinn, sem í ársbyrjun var metinn á rúmlega 60 trilljónir bandaríkjadala, virðist vera að hrynja um þessar mundir. Mörg fjármálafyrirtæki hafa þegar afskrifað stjarnfræðilegar upphæðir vegna þessa hruns og sérfræðingum ber saman um að vísast séu ekki öll kurl komin til grafar. Í samtali við Tíund sagði Weiner að þessi viðskipti hefðu „virst of góð til að það gæti verið satt. Það reyndist líka rétt!“

Innan ramma laga og utan

Í hremmingum fjármálaheimsins undanfarið hefur margoft verið drepið á að það þyrfti að setja fjármálastarfsemi strangari lagaramma. Aðrir benda á að það skorti ekki lög heldur sé vandinn sá hvað fjármálastofnanir hafi verið slyngar í að koma viðskiptum sínum utan efnahagsreikninga. Þar við bætist viðskipti með ýmsar fjármálaafurðir sem eru utan þess lagaramma sem markar fjármálaheiminum bás.

Viðskipti með skuldatryggingarálag eru dæmi um þetta. Slík viðskipti eru, segir Weiner, ekki aðeins utan allra laga um fjármála- og tryggingastarfsemi heldur einnig utan skattalaga. Hún bendir á að fyrir fjórum árum hafi sú spurning vaknað hjá bandarískum skattyfirvöldum hvernig ætti að skattleggja hagnað af skuldatryggingum. Þeirri spurningu hafi enn ekki verið svarað.

„Credit default swaps“, CDS, eða skiptasamningar um skuldatryggingaálag er ein tegund skuldaafleiða. Heitið bendir til að þarna séu á ferðinni venjulegar tryggingar þar sem einn aðili á viðskipti við annan og kaupir síðan tryggingu hjá þriðja aðila til að tryggja sig gegn greiðslufalli, en svo er ekki. Fyrir þá óinnvígðu kemur það undarlega fyrir sjónir að þeir sem kaupa skuldatryggingar eiga ekki endilega neinna hagsmuna að gæta varðandi það sem tryggt er. Sá sem kaupir CDS greiðir seljanda gjald sem má líkja við iðgjald að því leyti að það er aðeins brot af

verðmæti þess sem tryggingin er bundin. Ef sá atburður verður sem útleysir trygginguna þarf CDS-seljandinn að greiða kaupandanum bætur.

Þessu má líkja við að húseigandi kaupi ekki aðeins tryggingu fyrir eigið hús heldur einnig fyrir hús nágrannans. Ef það brennur fær hann greiðslu. Hið ábata-sama fyrir tryggingarsalann er að á meðan allt leikur í lyndi og ekki brennur eru margir að greiða iðgjald af því sama. Á sama hátt þarf að greiða margfalt ef húsið brennur og það þarf ekki aðeins að bæta eigandanum húsið heldur fjölda-mörgum öðrum sem í raun hafa ekki tapað neinu húsi heldur bara borgað iðgjald af því í einhvern tíma.

Það sem gerir þessar afurðir enn ógagn-særri er að þetta eru vöndlar, líkt og und-irmáslánin. Ekki er alltaf ljóst hvað er nákvæmlega í þeim og þeir eru síðan seld-ir áfram. Alþjóðleg matsfyrirtæki mátu þessa vöndla eins og aðrar afurðir en einn-ig á þessu sviði þykja þau hafa brugðist. Þetta hljómar kannski sem ögn galin afurð en er dæmi um þær loftkenndu og oft margskuldsettu afurðir sem hafa flætt um fjármálamarkaðinn undanfarin ár. Í fjár-

málaheimi þar sem allt hefur orðið að gulli undanfarin ár hafa þessar tryggingar orðið afar vinsælar fjárfestingar.

Í ágúst í fyrra þegar fyrst fór að bera á lausafjárskorti reið Evrópski seðlabank-inn á vaðið með að dæla lausafé á markað-inn. Síðan hafa aðrir seðlabankar fetað í fótsporið eins og kunnugt er. Það hefur þó haft lítil áhrif og bankar eru eftir sem áður smeykir við að lána hver öðrum. Ein ástæða þess er talin sú að þeir vita ekki hvar tap af völdum CDS liggur. Það er kannski ekki að undra að hugsanlegt tap vegna CDS veki áhyggjur því um mitt árið 2004 var þessi markaður áætlaður 5,44 trilljónir dala en var í árslok 2007 kominn í 62,2 trilljónir dala.

Bermúdapríhyrningurinn


Eftir að Kaupþing var tekið yfir tók Joann Weiner eftir tilkynningu frá Primus Guar-anty, fjárfestingarsjóði skráðum á Berm-uda, um að sjóðurinn ætti CDS tengd Kaupþingi upp á 68,2 milljónir dala. Þar með, segir hún, opnaðist leið til að sjá í gegnum vöndla og sjá hvernig CDS-salinn Primus Guaranty tengdist einum ákveðn-um banka. Bermúda er skattaparadís og

hefur tengst bandaríska tryggingageir-anum alveg frá því tryggingakóngurinn Cornelius Vander Starr kom trygginga-fyrirtæki sínu þar fyrir árið 1947. Það fyrir-tæki varð síðan American International Group, AIG – fyrirtækið sem nýlega var tekið yfir af bandarískum yfirvöldum til að forða hamförum í fjármálaheiminum.

Bermúda er enn þekkt sem skatta-paradís trygginga- og endurtryggingafyrir-tækja en Weiner bendir á að þarna sé líka hægt að setja upp fyrirtæki sem séu alveg undanþegin skatti. Á eyjunni eru rúm-lega ellefu þúsund fyrirtæki sem njóta þessarar aðstöðu. Ástæðan er sú að fyrir-tæki sem reka engin viðskipti á eyjunni eða halda reikninga í innlendri mynt eru undanþegin skatti þar. Fyrirtækin þurfa ekki að leggja fram endurskoðaða árs-reikninga ef stjórnendur og hluthafar eru sammála um að þess þurfi ekki. Þessi skip-an er í gildi þar til 2016 en löggjafinn getur framlengt hana.

Auk þessa skattaskjólís er hvorki sölu-skattur né virðisaukaskattur á Bermúda. Fyrirtækin þurfa þó að greiða árlegt gjald eftir eignum og eins þurfa þau að greiða ýmsa launaskatta og almannatryggingar ef

Verðmæti undirliggjandi skulda að baki skiptasamningum um skuldatryggingar (CDS) á tímabilinu jan. 2001-júní 2008



Heimild: Alþjóðleg samtök um afleiðu- og skiptasamninga

þau hafa innlent fólk í vinnu. Það eru til ýmsar goðsagnir um svokallaðan Bermúðaþríhyrning, svæði í kringum eyjarnar þar sem skip og flugvélar eiga að hafa horfið á dularfullan hátt. Hvernig sem þar er í pottinn búið þá er ljóst að skattar hverfa á Bermúda. Reyndar ekki á dularfullan hátt heldur vegna þess að skatta-paradísarlög og reglur þar sjá til þess.

Weiner tók einnig eftir því að Bermúda er ekki eina skattaparadísinn sem tengist þessum viðskiptum. Þegar Kaupþing tók yfir Singer & Friedlander 2005 fylgdi með skrifstofa S&F á Isle of Man þar sem boðið var upp á þjónustu fyrir það sem kallast „alþjóðlega og hreyfanlega“ viðskiptavini. Weiner bendir á að rannsóknir sýni að 40 prósent af innstæðum á eyjunni tengist fólki sem er líklega að komast hjá sköttum í sínum heimalöndum.

Spilavítiseðli fjármálaheimsins

Primus Guaranty Ltd á Bermúda er eignarhaldsfélag sem hefur spunn- ið af sér átta önnur Primus fyrirtæki sem eru skráð á Bermúda, Cayman eyjum, í Delaware og Bretlandi. Weiner segir að margir evrópskir bankar hafi skipt við Primus Guaranty til að komast hjá evrópskum bankalögum.

Sjálf viðskiptin fara yfirleitt fram á vegum Primus Financial. Það fyrirtæki starfar í New York en er skráð í Delaware. Fyrirtækið selur skuldaafleiður. Fyrir fastar umsamdar greiðslur frá viðskipta- aðilum, oftast bönkum og verðbréfasöl- um, fellst fyrirtækið á að greiða ákveðna upphæð vegna afmarkaðra atvika sem geta til dæmis verið gjaldþrot eða gjaldfall vegna skuldabréfa.

Weiner segir að eigendurnir séu menn sem þyki í hópi þeirra allra klárustu á þessu sviði. Það breytir því þó ekki að framtíð Primus er dökk. Mörg trygginga- fyrirtæki urðu gjaldþrota í kjölfar felli- bylsins Katarínu. Hamfarirnar gætu haft sömu áhrif á Primus og önnur fjárfest- ingafyrirtæki sem róa á sömu mið.

Í þessum viðskiptum eins og öðrum viðskiptum með fjármálaafurðir sem byggjast meira á útreikningum en áþreif-

skiptanámi á sínum tíma hafi viðteknu sannindin verið að því meiri sem áhættan væri því hærri væru vextirnir. Þeir sem versla með CDS álitu að nú giltu nýjar reglur. „Þessir náungar álitu að þeir væru búnir að finna upp aðferð til að auka hagnaðinn til muna án nokkurrar áhættu. Það lítur út fyrir að vera of gott til að vera satt – og það er það líka!“

Spurningin er af hverju svo margir álitu að þetta gæti gengið upp. Weiner segir að

það megi líkja þessum viðskipt- um við fjárhættuspil og það hafi líka iðulega verið gert. Hún bend- ir á að í yfirheyrslum í bandaríska þinginu nýlega vegna gjaldþrots AIG hafi verið vitnað í tölvupóst tveggja starfsmanna. Efnið var peningasending til þeirrar deildar fyrirtækisins sem sá um fjármála- afurðir, aðrar en tryggingar. Deild- in var í London og starfsmaðurinn talaði um að senda pening til „spilavítisins í London“.

Ýmsir fræðimenn hafa bent á það undanfarið að það sé ekki aðeins að bankakerfið á Íslandi


hafi verið óhæfilega stórt miðað við þjóð- arframleiðslu. Sama eigi við í löndum eins og Bretlandi og Bandaríkjunum. Þræð- irnir í verslun Primus Guaranty með skiptasamninga tengda skuldatrygging- um Kaupþings sem spanna Bermúda, Ísland, London og Isle of Man, svipta hul- unni af skattaparadísunum, ofurgróða og samsvarandi tapi. Þetta er aðeins agnar- lítið dæmi um viðsjár í viðskiptum sem í ársbyrjun voru metin á rúma 60 trilljón- ir dala – viðskipti sem hægt og bítandi virðast vera að snúast upp í tap sem á hugsanlega eftir að sliga fleiri en Primus Guaranty á Bermúda.

Þegar Kaupþing tók yfir Singer & Friedlander árið 2005 fylgdi með skrifstofa S&F á Isle of Man þar sem boðið var upp á þjónustu fyrir það sem kallast „alþjóðlega og hreyfanlega“ viðskiptavini

anlegum stærðum hefur CDS-markaður- inn orðið enn flóknari vegna vöndla. Matsfyrirtækin settu einkunnir sínar á vöndlana en að sögn Weiner var inni- haldið alveg ógagnsætt og matið að mestu byggt á „treystið mér“ fullyrðingum fyrir- tækjanna. CDS-vöndlarnir eru mun ógagnsærri en hreinar tryggingaafurðir því það eru svo margt konar pappírar sem geta verið í þeim.

En hvað segja þessi viðskipti okkur um fjármálaheiminn undanfarið? Óljóst laga- umhverfi og óljós skattlagning á góða sem hlaust af þessum viðskiptum hefur átt sinn þátt í aðdráttarafli viðskiptanna. Weiner segir að þegar hún hafi verið í við-

Nú er hægt að sækja um
skattkort
á **skattur.is**



RSK
RÍKISSKATTSTJÓRI

Flutningur frá Íslandi

Nokkur skattaleg atriði sem vert er að hafa í huga

Uppgangur og þensla í atvinnulífi Íslands á síðustu árum hefur haft í för með sér mikla aukningu á erlendu vinnuafli. Á samdráttartímum flytur stór hluti af þessu vinnuafli frá landinu og fer aftur til síns heimalands eða freistar gæfunnar í öðru ríki. Hjá embætti ríkisskattstjóra verður vart við aukinn fjölda fyrirspruna sem lúta að því hvernig eigi að bera sig að við brottflutning frá Íslandi. Af því tilefni verða hér talin upp nokkur atriði sem hafa þarf í huga.



Persónuafsláttur

Persónuafsláttur miðast við dvöl á Íslandi og fellur því niður eftir að skattaðili hefur flutt frá landinu.

Skattframtal

Samkvæmt tekjuskattslögum skulu þeir sem starfa hér á landi tímabundið sbr. 1. tölul. 3. gr. laganna skila framtali 8 dögum fyrir brottför. Aðrir eiga að skila skattframtali í almennum framtalsfresti sem auglýstur er ár hvert. Á vef ríkisskattstjóra má finna einfölduð skattframtöl og leiðbeiningar um útfyllingu þeirra á sex tungumálum. Þar má einnig finna venjulegt einstaklingsframtal á tveimur tungumálum, íslensku og ensku. Eyðublöðin má einnig nálgast á næstu skattstofu eða hjá ríkisskattstjóra.

Á framtalinu þarf að koma fram heimilisfang í erlenda ríkinu ásamt upplýsingum um skattauðkenni í því ríki.

Álagning opinberra gjalda

Álagning opinberra gjalda fer fram í ágúst á hverju ári fyrir næstliðið tekjuár. Álagning vegna tekjuársins 2008 fer þannig fram í ágúst 2009. Skiptir þá engu þó að skattframtali hafi verið skilað á tekjuárinu 2008 við brottför frá Íslandi.

Kæurur

Unnt er að kæra álagningu opinberra gjalda til skattstjóra í 30 daga eftir álagningu. Kæruúrskurður skattstjóra er svo kærانlegur til yfirséðanefndar í þrjá mánuði.

Vottorð

Vottorð geta verið nauðsynleg til að sanna fyrir erlendum skattyfirvöldum hvaða skattur hefur verið greiddur á Íslandi eða hversu háar tekjurnar voru. Ríkisskattstjóri gefur út fjölda vottorða á íslensku, ensku, dönsku eða sænsku til staðfestingar á tekjum, staðgreiðslu, barnabótum eða

öðrum skattalegum atriðum sem skattaðili telur þörf staðfestingar á. Á vef ríkisskattstjóra má finna pöntunareyðublað fyrir vottorð. Samkvæmt lögum um auka-tekjur ríkissjóðs ber að greiða 1.350 kr. fyrir hvert vottorð.

Innheimta opinberra gjalda

Innheimtumenn ríkissjóðs eru sýslumenn vítt og breitt um landið nema í Reykjavík fer tollstjóri með innheimtuna.

Lífeyrissjóðsiðgjöld

Launþegar utan EES svæðisins geta átt rétt á endurgreiðslu iðgjalda frá þeim lífeyrissjóði sem þeir hafa greitt til. Rétt er að hafa samband við viðkomandi lífeyrissjóð til að fá upplýsingar um hvort og hvernig endurgreiðsla er heimil. Rétt er að taka fram að fallist lífeyrissjóður á endurgreiðslu ber að halda eftir staðgreiðslu skatta af þeirri greiðslu.

GJJ

Lituð olía

- eftirlit og misnotkun

Aðgengi að sjálfsölum - misnotkun í 74% tilvika?



**Jóhannes
Jónsson**

Almennt um olíugjald og litaða olíu

Pann 1. júlí 2005 tóku gildi lög nr. 87/2004, um olíugjald og kílómetragjald. Frá sama tíma féllu úr gildi lög nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar. Gjaldskyldir aðilar eru þeir sem dreifa eldsneytinu (olíufélögin), en kaupendur greiða hins vegar gjaldið og gerist það jafnóðum við eldsneytiskaup. Fjárhæð olíugjalds er 41 kr. á hvern lítra, auk virðisaukaskatts.

Ekki ber þó öll olía olíugjald. Skilyrði fyrir sölu eða afhendingu á olíu án innheimtu olíugjalds er að í olíuna hafi verið bætt litar- og merkiefnum. Slíka olíu má nota t.a.m. á skip og báta, til húshitunar og hitunar almenningssundlauga, til nota í iðnaði, á vinnuvélar og dráttarvélar og til raforkuframleiðslu. Óheimilt er með öllu að nota litaða (gjaldfrjálsa) olíu á skráningarskyld ökutæki önnur en dráttarvélar, beltabifreiðar, bifreiðar í eigu björgunar-sveita, námuökutæki (sem eingöngu eru notuð utan vega eða á lokuðum vinnu-svæðum) og ökutæki sem ætluð eru til sérstakra nota. Með sérstökum notum er átt við bifreiðar sem eru með varanlegum áföstum búnaði til þeirra nota og brenna að meginhluta til dísilolíu í kyrrstöðu, t.d. kranabifreiðar, vörubifreiðar

með krana yfir 25 tonnmetrum, steypuhræribifreiðar og úðunarbifreiðar (sjá nánar reglugerð nr. 274/2006). Skilyrði þess að ökutæki megi nota litaða olíu er að þau hafi verið skráð til sérstakra nota í ökutækjaskrá og beri sérstök skráningarmerki (olíumerki) með svörtum stöfum á dökkgulum grunni.

Auk undanþágu frá olíugjaldi geta þeir sem hafa einkaleyfi til fólksflutninga sótt um endurgreiðslu til ríkisskattstjóra á 80% olíugjalds af olíu vegna rekstrar almenningsvagna í áætluðum ferðum.

Eftirlit

Embætti ríkisskattstjóra fer með yfirlit umferðareftirlits með olíugjaldi en Vegagerðin sér um framkvæmd tiltekinna þátta eftirlitsins samkvæmt ákvörðun Fjármálaráðuneytisins. Ríkisskattstjóri annast reglubundið eftirlit með gjaldskyldum aðilum og hefur eftirlit með því að ekki sé notuð lituð olía á ökutæki sem ekki hafa til þess heimild.

Vegagerðin er með öflugt eftirlit víðsvegar um landið en 11 manns vinna við

umferðareftirlit á fjórum sérútbúnum eftirlitsbifreiðum. Á hverju ári eru stöðvuð um 7-8.000 ökutæki, þó ekki öll vegna olíugjalds þar sem eftirlitsdeildin skoðar fleiri þætti líkt og atriði er tengjast kílómetragjaldi, þyngd ökutækja og hvíldartíma bílstjóra. Í hverjum mánuði eru tekin um 100-200 sýni úr eldsneytistönkum díselknúinna bifreiða og ef sjónrænt próf gefur til kynna að um litaða olíu sé að ræða er sýnið sent til efnagreiningar og skýrsla um málið til ríkisskattstjóra til frekari skoðunar.

Auk hins reglubundna eftirlits Vegagerðarinnar hafa verið farnar lengri og styttri eftirlitsferðir með fulltrúa ríkisskattstjóra. Í slíkum ferðum hafa t.a.m. starfsstöðvar einstakra fyrirtækja verið skoðaðar, olíusýni tekin úr ökutækjum og eldsneytistönkum og bókhaldsgögn jafnvel skoðuð, en ríkisskattstjóri hefur mun ríkari eftirlitsheimildir en Vegagerðin. Stundum hafa slíkar ferðir verið unnar að hluta til í samvinnu við lögreglu á viðkomandi stað og hefur það gefið góða raun, sér í lagi hvað viðkemur forvarnargildi vegna sýnileika.



*Starfsmenn gjaldadeildar á vinnufundi.
Frá vinstri: Gunnar Bernburg, Guðmundur R.
Guðmundsson, Jóhannes Jónsson, Halldóra
Ingimarsdóttir og Svanur Sigurðsson.*



Eftirlitsmenn frá Vegagerðinni og ríkisskattstjóra að störfum

Einnig er fylgst með olíudælum (sjálfsafgreiðslustöðvum) sem þykja grunsamlegar, en ríkisskattstjóri hefur lista yfir það sem kalla mætti „heitar dælur“, þ.e. dælur þar sem líklegt er að verið sé að dæla litaðri olíu á ökutæki er hafa ekki heimild til slíkra nota. Í slíkum tilvikum fylgjast eftirlitsmenn með því þegar eigendur bifreiða dæla eldsneyti á bifreiðar sínar. Ef grunsemdir um eitthvað óeðlilegt vakna ræða eftirlitsmenn við viðkomandi og gera vettvangsskýrslu. Oft vita menn upp á sig skömmina, stökkva inn í bíl og þeysa á brott eða bera fyrir sig mistrúverðugar skýringar líkt og að vera ekki með gleraugun á sér og hafa því gert mistök. Oftar en ekki hefur, við nánari skoðun, komið í ljós að viðkomandi hefur gert sömu „mistökin“ reglulega undanfarin misseri. Stór hluti þeirra mála sem sendur er til ríkisskattstjóra vegna litaðrar olíu er einmitt á grundvelli eftirlits við olíudælur.

Misnotkun – viðurlög

Í vor kallaði ríkisskattstjóri eftir upplýsingum frá olíufélögunum um sölu á litaðri olíu í sjálfsölum fyrir heilt ár. Við skoðun á þeim gögnum kom margt athyglisvert í ljós, en um er að ræða tugi þúsunda færslna. Ríflega 74% þeirra reyndust vera vegna magns sem var innan við 80 lítrar. Mjög algeng tala var 40-60 lítrar í hvert skipti, magn sem vekur upp grunsemdir um að verið sé að dæla litaðri olíu á einka-

bíla en ekki stórar vinnuvélar. Einnig virðist vera ótrúlega algengt að verið sé að kaupa litaða olíu á kvöldin og á nóttunni, og á dælum sem eru ekki í alfaraleið.

Í ljósi þessa vakna upp spurningar um aðgengi að litaðri olíu, en flest olíufélögin bjóða upp á sölu á litaðri olíu á fjölmörgum stöðum í landinu og þá ávallt í sjálfsafgreiðslu. Ljóst er að takmarka þarf aðgengi að litaðri olíu verulega frá því sem nú er.

Töluverður verðmunur er á venjulegri gjaldskyldri olíu og litaðri gjaldfrjálsri olíu eða um 50 kr/lítra og því er líklega freistandi fyrir marga að nota litaða olíu á bifreiðar sínar í trássi við lög og reglur. Eigandi ökutækis sem eyðir t.a.m. um 10 lítrum á hverja 100 km og er ekið um 18 þús. km á ári greiðir um 90 þús. kr. minna fyrir litaða olíu en ólitaða. Sektir fyrir það að nota litaða olíu á ökutæki í heimildarleysi eru háar, en þær fara eftir heildarþyngd ökutækis.

Þegar mál berast ríkisskattstjóra er skráðum eiganda ökutækis (og umráðamanni ef eigandi er kaupleigufyrirtæki) ávallt gert viðvart bréflega, honum kynnt

þau gögn er liggja fyrir og honum veittur frestur til að tjá sig um málið. Að því loknu er annað hvort beitt sekt, að fullu eða að hluta, eða málsmeðferð er lokið. Hlutfall þeirra mála sem enda með sektarbeitingu er mjög hátt eða um 90% allra mála. Sé sektarfjárhæð greidd innan 14 daga frá ákvörðun lækkar hún um 20%. Ríkisskattstjóra er heimilt að tvöfalda sekt-

arfjárhæð við ítrekuð brot og hann getur vísað málum til skattrannsóknarstjóra ef ástæða þykir til. Eiganda bifreiðar er gerð sekt óháð því hvort rekja megi brot til saknæmrar háttsemi hans eða ekki.


Meðalfjárhæð sekta vegna þeirra

mála sem lokið hafa með sektarbeitingu vegna bifreiða sem eru innan við 3.500 kg (heimilisbíllinn) er um 142 þús. kr. og fyrir þyngri ökutæki er meðalsektin um 615 þús. kr. Já, það er víst skammgóður vermír að pissa í skóinn sinn!

Heildarþyngd ökutækis	Sektarfjárhæð
0 – 3.500 kg	200.000 kr.
3.501 – 10.000 kg	500.000 kr.
10.001 – 15.000 kg	750.000 kr.
15.001 – 20.000 kg	1.000.000 kr.
yfir 20.000 kg	1.250.000 kr.

Stefán Skjaldarson

Skattstjóri Vesturlandsumdæmis



Eftirlitsdeildin breytti miklu

Stefán Skjaldarson er skattstjórinn í Vesturlandsumdæmi. Aðeins tveir menn hafa gegnt skattstjórastarfi í umdæminu, hvor þeirra í rösk 20 ár. Með lögum nr. 70/1962 var embætti skattstjóra Vesturlandsumdæmis stofnað og Jón Eiríksson var skipaður skattstjóri. Gegndi hann skattstjóraembættinu frá árinu 1962 þar til hann lét af störfum vegna aldurs á árinu 1986 en þá tók Stefán við og hefur gegnt því síðan.

Stefán er lögfræðingur að mennt frá Háskóla Íslands árið 1981. Hann hóf störf hjá Skattstofu Reykjavíkur sama ár og var þar um árabíl en fluttist svo til Akraness og var sjálfstætt starfandi lögmaður þar í eitt ár þar til hann tók við embætti skattstjóra.



Miklar breytingar hafa orðið á störfum skattstjóra frá því að Stefán varð skattstjóri. Á árinu 2002 var stofnuð eftirlitsdeild á skattstofunni og fer skattstjóri Vesturlandsumdæmis einnig með skatteftirlit í þremur öðrum skattumdæmum í umboði skattstjóra á Vestfjörðum, Suðurlandi og í Vestmannaeyjum. Í umdæminu er mannlífið og atvinnustarfsemin fjölbreytt. Þar er hefðbundinn landbúnaður og er Vesturland annað stærsta landbúnaðarumdæmið hjá skattyfirvöldum. Stórfyrirtæki eru á Grundartanga og víðar, útgerðarbærir á Snæfellsnesi og hefðbundinn iðnaður í öllum þéttbýliskjörnum. Menning og háskólar eru í Borgarfirði og þannig mætti lengi telja. Tíund tók hús á Stefáni á dög-unum og hlýddi á frásögn hans.

Leiðin á skattstofuna

Ég útskrifaðist úr Lagadeild Háskóla Íslands vorið 1981. Ég valdi skattarétt sem valgrein á síðasta ári laganámsins, enda hlaut það að vera praktískt nám fyrir lögfræðinga. Meðal kennara í skattaréttinum var Gestur Steinþórsson skattstjóri í Reykjavík. Mér er afar minnisstætt þegar hann hélt fyrirlestur um nýtt skattframtal, skattframtal 1980, og boðaði að með því ættu sér stað byltingarkenndar breytingar á efni og formi skattframtals einstaklinga. Það er svolítið sérstakt að úr þeim tiltölulega fámenna hópi sem útskrifaðist úr lagadeildinni vorið 1981 þá ílentust fjórir lögfræðingar til lengri tíma í skattkerfinu. Auk undirritaðs eru það Skúli Eggert Þórðarson og Sigurjón Högnason, en við vorum allir þrír í skattaréttinum og svo Guðrún Brynleifsdóttir.

Að náminu loknu fékk ég starf á skattstofunni hjá Gesti, sem annar af tveimur lögfræðingum Skattstjórans í Reykjavík. Gestur reyndist mér afar vel sem yfirmaður. Hann er sérstaklega glöggur og nákvæmur fagmaður. Í nýju lagaumhverfi þess tíma á sviði skattamála vöknudú ótal spurningar og vandamál hlóðust upp. En hjá Gesti kom maður aldrei að tómun kofa. Strax á fyrsta starfsdegi á skattstofunni kynnti Gestur mig fyrir lögfræðingi sínum, nýkomnum úr framhaldsnámi í Danmörku. Þar leit ég augum hávaxinn og skeggjaðan hippa í duggarapeysu með ógreitt hár niður á axlir. Hér var kominn

Ingvar Jónadab Rögnvaldsson, sem varð nánasti samstarfsmaður minn og frábær félagi og vinur. Þríeykið í „Paneldeildinni“ fullkomnaði svo Magnús Jóhannesson úr Hafnarfirði, viðskiptafræðingur á támjóum skóm og með Jimi Hendrix hárgreiðslu, en einstakur samstarfsmaður, fagmaður fram í fingurgóma og stórskemmtilegur félagi og vinur. Að starfa með þessum tveimur bóhemum voru auðvitað forréttindi, lærdómsríkt og skemmtilegt. Þegar ég lít til baka finnst mér samstarfstími okkar hafa verið einhver merki-legasta reynsla starfsævinnar. Verkefni okkar voru að stórum hluta við að móta og skýra nýjar reglur nýrrar skattalöggjafar. Síðan þurfti að innleiða og móta nýja framkvæmd, ný og samræmd vinnubrögð

mennsku í eitt ár en þá var auglýst laus staða skattstjóra Vesturlandsumdæmis. Ég sótti um og var skipaður skattstjóri í júní 1986.

Það að starfa á svo lítilli skattstofu reyndist gjörólíkt því sem ég þekkti til frá Reykjavík. Á þessum minni skattstofum er sérhæfing mikið minni. Menn þurfa að kunna skil á fleiri hlutum og má næstum segja að allir þurfi að kunna allt. Einnig er meiri nánd við gjaldendur og hlutir oft leystir á „heimilislegri“ hátt en í höfuðborginni.

Allt fram til þessa höfðu öll bréf og úrskurðir í skattkerfinu verið vélritaðir. Starfsmenn handrituðu sín bréf, sem síðan fóru til ritara. En á árinu 1986 komu tölvur af gerðinni Island á Skattstofuna á Akra-

nesi. Þá keypti ég forrit á þremur diskum, sem innihéldu ritvinnslu, skjalavörslu og reiknivinnslu og við tókum upp tölvuvædda ritvinnslu sem var auðvitað bylting í vinnubrögðum. Á sama tíma var farið að skrá framtölin á tölvudiska sem voru síðan lesnir hjá Skýrr til vinnslu þar. Tölvuvæðingin var þó ekki þrautalaus heldur einkenndust fyrstu árin af endalausum bilunum í lélegum vélbúnaði, Radio Shack, Island, Atlantis og Tulip, eða allt þar til IBM vélar voru teknar í notkun og síðar HP. Nú orðið heyrir það til tíðinda að tölvubúnaður hiksti. Það er augljóslega ekki

aðeins metnaður og skynsemi í því að nota traustan og viðurkenndan tölvubúnað heldur rökbundin nauðsyn eins og skattkerfið er uppbyggt í dag.

Mikil reynsla og gott samstarf

Það reyndist heillaskref að koma til starfa á Skattstofuna á Akranesi. Þar hefur valist til starfa afar gott starfsfólk. Svo gott fólk að ég held reyndar að þessu starfi hefði enginn skattstjóri getað klúðrað. Kjarni þessa fólks er enn við störf og lítill starfsmannavelta hefur verið á stofnuninni. Það er á engan hallað þó að ég nefni sérstaklega nöfn tveggja starfsmanna, Guðrúnar Guðjónsdóttur og Sigríðar Jónsdóttur. Þær eru báðar ómetanlegir starfskraftar, með áratuga starfsreynslu. Þekking og reynsla slíkra starfsmanna er verðmæti, ekki aðeins fyrir stofnunina heldur fyrir kerfið allt. Þá má ég til að geta þess að ung kona úr Reykjavík, lögfræðingur að

Með öðrum orðum þá er skattframtalið og framtalsvinnan orðin svo gegnsæ og auðskilin að ágreiningur, núningur og pirringur gjaldenda er hverfandi

innan stofnunarinnar og það fól í sér að breyta þurfti rótgrónum hugsunarhætti og vinnubrögðum. Þetta gekk ekki þrautalaust en hafðist þó allt að lokum. Ég held að mikið hafi hjálpað til hversu margir góðir starfsmenn voru á skattstofunni á þessum tíma, starfsmenn sem kenndu okkur ekki síður en við þeim. Þarna á ég við menn eins og Jóhann Víkingsson sem er fræðimaður, lífskúnnstner og gangandi Brittanica og Hjálmar Viggósson, sem er hárnákvæmur fagmaður sem sér alltaf stystu leiðina í land.

Vorið 1985 færði Gísli Gíslason félagi minn úr lagadeildinni það í tal við mig að ég kæmi með honum í rekstur á lögmannsstofu uppi á Akranesi. Mér fannst þetta áhugavert og sló til. En þegar ég kom á Skagann losnaði þar staða bæjarritara, sem Gísli sóttist eftir og fékk. Ég sat eftir með lögmennskuna og kunni ekki nokkur skil á því starfi. Ég brasaði við lög-



Stefán ásamt starfsfólki Skattstofu Vesturlandsumdæmis.

mennt, kom til starfa á skattstofu Vesturlandsumdæmis í marsmánuði árið 1994. Hún vakti strax athygli mína fyrir sjálfstæði sitt og öryggi í skoðunum. Hins vegar kom fljótt í ljós að hér var ekki dramb á ferðinni heldur átti hún fulla innistæðu fyrir óhæði sínu. Hún fór eftir eins og hálfs árs starf og mér er minnstætt hversu lítið mér fannst koma til ungra Skagasveina að hafa ekki döngun í sér til þess að kyrrsetja hana hér á Akranesi. Þessi kona heitir Bryndís Kristjánsdóttir og er í dag skattrannsóknarstjóri.

Af öðru samstarfsfólki verður ekki hjá komist að nefna hina skattstjóra landsins. Það hefur verið sérstaklega ánægjulegt að kynnst þar stórbrotnum persónum, raunverulegum karakterum. Ég held það sé gæfa skattkerfisins í heild hversu sterkur og samheldinn þessi hópur hefur reynst í gegnum tíðina. Einnig verður að nefna samstarfið við ríkisskattstjóra. Mér hefur fundist það athyglisvert hversu miklu þar á bæ hefur verið kappkostað að halda góðu samstarfi og samvinnu við skattstjórana. Eins og kerfið er uppbyggt þá er þetta samstarf algjört lykilatriði fyrir virkni þess. Á þessu er augljóslega fullur skilningur. Loks vil ég taka fram að samvinna við húsbændur í Fjármálaráðuneytinu hefur ávallt gengið

vel. Starfsfólk Fjármálaráðuneytis hefur ávallt mætt mér og minni stofnun með skilning og velvilja.

Breyttir tímar

Störf skattstjóra eru árstíðabundin svo sem kveðið er á um í lögum. En mér finnst þó í tímans rás hafa orðið þær breytingar að störfin hafa smám saman orðið samfelld-

upp vandamál í útreikningum og endanlegum frágangi. Þetta heyrir nánast fortíðinni til. Vinnslan á skattstofunum, hvort heldur er álagningarvinnsla, kæruvinnsla eða hvað eina, gengur hávaðalaust og markvisst fyrir sig í dag. Það sem við getum kallað tækniframfarir eiga hér stærstan hlut að máli. Áritun fjárhagsupplýsinga inn á framtalseyðublöð í sífellt auknum mæli hefur gert alla vinnu við framtalið aðgengilegri bæði hjá gjaldandanum og hjá okkur í kerfinu. Framtalsforrit og tölvuviðmót hafa tekið stakka-skiptum og gert það að verkum að nú er það reglan að hinn almenni borgari telur fram á netinu. Með öðrum orðum þá er skattframtalið og framtalsvinnan orðin svo gegnsæ og auðskilin að ágreiningur, núningur og pirringur gjaldenda er hverfandi. Menn skilja hvernig kerfið virkar, að það er til fyrir þá og til að þjóna þeim. Og talandi um þjónustuhlutverk-ið. Ég held að það sé að miklu leyti

***Ég held það sé gæfa
skattkerfisins í heild
hversu sterkur og
samheldinn þessi hópur
hefur reynst í gegnum
tíðina***

ari og nú á allra síðustu árum hafa orðið stórstígar breytingar í öllu starfsumhverfi á skattstofum. Þannig hafa tækniframfarir gert það mögulegt að haga allri vinnslu með öruggari hætti en áður. Langar og miklar vinnutarnir með tilheyrandi tauga-veiklun voru árvissar þegar dró að lokum álagningarvinnslunnar. Og stundu komu

liðin tíð að skattkerfið og starfsmenn þess séu litnir hornauga. Þjónusta við borgarana hefur aukist umtalsvert og menn gera sér almennt grein fyrir því. Almennt viðhorf hefur breyst mikið til hins betra og það er skemmtilegur viðsnúningur að heyra hlýleg orð í garð skattkerfisins.

Í rúman áratug hefur skatteftirlitsfulltrúi verið starfandi á skattstofu Vesturlands-umdæmis. Sérstök skatteftirlitseining var sett á laggirnar á árinu 2002 og tók til starfa af fullum krafti í byrjun árs 2005. Hlutverk hennar er að annast skatteftirlit í Vesturlandsumdæmi, Vestfjarðaum-dæmi, Suðurlandsumdæmi og í Vest-mannaeyjum. Þessu skatteftirliti sinna fjórir starfsmenn. Það segir sig sjálft að þessi starfsemi hefur gjörbreytt og „stækk-að“ verulega þessa litlu stofnun sem heitir Skattstofa Vesturlandsumdæmis.

Lifandi kerfi

Ofangreindar breytingar á skattkerfinu gefa okkur ný tækifæri m.a. á sviði skatteftirlits. Við eigum að hafa ráðrúm til að breyta um áherslur sem hingað til hafa tíðkast við skatteftirlit. Við þurfum að nýta okkur meðbyrinn með skattkerfinu á jákvæðan hátt. Við þurfum að auka skatteftirlitið og reyna að framkvæma það í breyttri mynd, jákvæðara skatteftirlit. Það þarf að leggja áherslu á að þjónusta gjald-

endur og gefa tækifæri eftir því sem mögu-legt er, til að hverfa frá rangri hegðun, leiðbeina og sannfæra fólk um það ranga siðferði sem býr að baki skattsvikum. Fólk þarf að fá það traust á yfirvöldum að það vilji stuðla að betri skattframkvæmd. Þeir sem alltaf standa rétt og heiðarlega að sínum málum eiga að geta treyst því að raunverulegur vilji sé til að taka á málum hinna.

Snemma árs 2007 var ég skipaður ríkisskattstjóri ad hoc í rannsóknarmálum sem núverandi ríkisskattstjóri hafði til meðferðar þegar hann gegndi embætti skattrannsóknarstjóra. Það hefur reynst mér mikilvæg reynsla og lærdómur að fjalla um þessi mál og einnig gefið mér færi á að kynnast betur ýmsum góðum starfsmönnum ríkisskattstjóra. Sérstak-lega vil ég hér nefna Guðrúnu J. Jóns-dóttur. En svona útúrdúr frá hefðbundnu starfi skattstjóra er e.t.v. tímanna tákn. Nú á síðari árum hefur það nefnilega sýnt sig í æ ríkara mæli hve „lifandi“ skattkerfið er. Kerfið sjálft og störfinn innan þess

sæta stöðugum breytingum. Það er ekki aðeins að tæknin breytist heldur breytast störfin og áherslurnar eftir umhverfi hvers tíma. T.d. á þeim tímum þegar mikið er af erlendu vinnuafli í landinu tekur kerfið mið af því og þarf að sérhæfa sig til að ráða við þær aðstæður sem þá eru uppi.

Á öðrum tímum þarf að leggja áherslu á önnur verkefni. Þessar sýnbreytilegu aðstæður eru mismunandi, mis erfiðar og flóknar, en gera það að verkum að sveigjanleiki þarf ávallt að vera til staðar. Þetta, þ.e.a.s. fjölbreytnin, er eitt af því sem gerir skattkerfið eftirsóknarvert og þroskandi að starfa við.

Stefán í hópi félaga sinna á skattstjórafundi. Á myndinni má sjá m.a. Karl Lauritzson, Stefán Skjaldarson, Inga Tómas Björnsson, Elínu Ölmú Arthursdóttur, Hönnu Björnsdóttur, Jens Þór Svansson, Jóhannes Jónsson, Ingvar J. Rögnvaldsson, Skúla Eggert Þórðarson, Baldur Guðlaugsson, Gunnar Karlsson, Sigmund Stefánsson, Bryndísi Kristjánsdóttur og Guðrúnu J. Jónsdóttur.



Fólkið á vaktinni

Virðisaukaskattsdeild

Á fjórðu hæð í suðausturhorni húsnæðis ríkisskattstjóra að Laugavegi 166 hafa aðsetur þrír menn, þeir Jón Guðmundsson, Pétur Ólafsson og Sæmundur Guðmundsson. Saman mynda þeir virðisaukaskattsdeild ríkisskattstjóra. Samkvæmt skipuriti er deildin ein af sex deildum skattasviðs embættisins sem Ingvar J. Rögnvaldsson, vararíkisskattstjóri veitir forstöðu.

Hlutverk deildarinnar er m.a. að hafa umsjón með álagningu virðisaukaskatts í samvinnu við skattstjóra og þjónusta þá og aðstoða við að leysa úr fjölmörgum vandamálum tengdum skattinum og einnig vörugjaldi.

Meðal mikilvægustu verkefna deildarinnar er að vaka yfir tölvukerfinu VSK-2000 og tryggja rekstur þess og framþróun. Samræming og samráð um framkvæmd virðisaukaskatts er afar mikilvæg fyrir öryggi skattkerfisins og er það einnig stórt hlutverk deildarinnar að stuðla að því. Náð samstarf er við aðrar deildir innan embættisins einkum lögfræðideild þar sem Bjarni Amby Lárusson er deildarstjóri og virðisaukaskattsdeildir skattstjóra. Nýlengið er samráðsfundi ríkisskattstjóra og allra skattstofa landsins um virðisaukaskatt. Fundurinn var haldinn í Reykjavík og var þar farið yfir mál líðandi stundar. Til


umræðu voru m.a. væntanlegar breytingar á lögum sem tengjast erfiðleikum vegna fjármálaástandsins í landinu en einnig tillögur um lagfæringar sem stuðla að auknu öryggi og skilvirkni í skattkerfinu

Samræming og samráð um framkvæmd virðisaukaskatts er afar mikilvæg fyrir öryggi skattkerfisins og er það einnig stórt hlutverk deildarinnar að stuðla að því

sjálfru. Þá var einnig farið yfir væntanlegar breytingar tengdar tölvukerfinu. Meðal verkefna sem verið er að vinna að þessa dagana má nefna endurskoðun handbókar um virðisaukaskatt sem gefin var út árið 1998. Verkið er unnið af starfshópi

sem í eru fulltrúar frá ríkisskattstjóra og skattstjórum. Stefnt er að því að birta einstaka kafla á innra netinu eftir því sem þeir verða tilbúnir en síðan verður handbókin gefin út í heild sinni þegar endurskoðun er lokið. Reglur um byggingastarfsemi og sérstaka og frjálsa skráningu hafa verið til skoðunar að undanförunu. Ýmis álitamál hafa komið upp á þessu sviði og er unnið að því að leggja fyrir Fjármálaráðuneytið tillögur að breytingum. Embætti ríkisskattstjóra veitir Fjármálaráðuneytinu aðstoð við undirbúning skattalagafrumvarpa þegar eftir því er leitað. Að því er virðisaukaskatt varðar eru það m.a. deildarstjórar virðisaukaskattsdeilda og lögfræðideildar sem þar koma að málum.

Starfsmenn virðisaukaskattsdeilda f.v. Pétur Ólafsson, Jón Guðmundsson og Sæmundur Guðmundsson.





Guðrún Ásta Sigurðardóttir, Sesselja H. Jensdóttir, Guðrún Jenný Jónsdóttir, Lóa Ólafsdóttir og Elín Margrét Þráinsdóttir vinna að alþjóðaverkefnum hjá embætti ríkisskattstjóra.

Alþjóðaverkefni stjórnsýslusviðs

Ísland hefur gert tvísköttunarsamninga við um 30 ríki og embættinu berst fjöldi fyrirspurna þar sem farið er fram á aðstoð við að túlka ákvæði þessarra samninga. Komi í ljós að álagningu á Íslandi hefur ekki verið hagað í samræmi við ákvæði samninganna eru opinber gjöld endurákvörðuð og leiðrétt.

Þá hefur ríkisskattstjóri úrskurðarvald um hverjir skuli teljast heimilisfastir hér á landi samkvæmt 1. og 2. gr. laga um tekju-skatt. Á það við um einstaklinga sem ekki teljast lengur heimilisfastir hér á landi, einstaklinga sem talið er að dveljist eða hafi dvalið hér án þess að hafa hér skráð lögheimili og lögaðila ef raunveruleg framkvæmdastjórn þeirra er hér á landi. Hafi námsmönnum erlendis láðst að sækja um skattalega heimilisfesti á fram-tali eða ekki skilað fullnægjandi gögnum til skattstjóra, er hægt að óska þess að ríkisskattstjóri endurákvæði opinber gjöld, að liðnum úrskurðarfresti til skattstjóra.

Vottorðautgáfa ríkisskattstjóra hefur vaxið gríðarlega á undanförunum árum sem að mestu leyti skýrist af þeim fjölda útlendinga sem hér hafa dvalist og umsvifum íslenskra fyrirtækja erlendis. Fyrirsjáanlegt er að fjöldi útgefna vottorða fari vel yfir 2000 á þessu ári. Þau vottorð sem embættið gefur út eru aðallega til staðfestingar á skattskyldu einstaklinga og lögaðila, staðfestingar á tekjum, eignum og greiddum sköttum. Þá

hefur færest í vöxt útgáfa á svokölluðum barnabótavottorðum þar sem réttur eða réttindaleysi til barnabóta er staðfest.

Ríkisskattstjóri sér um að gefa út undanþágur vegna íslenskra skattgreiðslna ef þær tekjur sem um ræðir ber að skattleggja erlendis vegna ákvæða í tvísköttunarsamningum. Hér er til að mynda um að ræða verktakagreiðslur og fjármagnstekjur ýmis konar sem greiddar eru til erlendra aðila sem og Íslendinga sem búsettir eru erlendis. Vinna við ný eyðublöð og kynningarstarf vegna þessara undanþága hefur verið viðamikil á árinu 2008 og fyrirhugað að því starfi verði haldið áfram á árinu 2009.

Ríkisskattstjóri leggur mikla áherslu á að eiga gott samstarf við erlend skattfyr-völd. Eðli málsins samkvæmt er aðal-áherslan á norrænt samstarf. Fulltrúi frá ríkisskattstjóra situr norræna embættis-mannafundi um skattamál. Þá má nefna samning sem Norðurlöndin hafa gert um yfirfærslu á sköttum ef í ljós kemur að skattur hafi ranglega verið greiddur í einu landi en hitt landið á skattlagningar-réttinn samkvæmt gildandi tvísköttunar-

samningi Norðurlandanna. Það land sem ranglega innheimti skattinn fellir þá niður sína álagningu og yfirfærir greiddan skatt til skattlagningarríkisins. Flest tilvik þessa málaflokks eru vegna launþega sem eru launþegar fyrirtækis í einu Norðurland-anna en búa í öðru eða um er að ræða sjómenn sem starfa um borð í skipum í öðru landi en búsetulandinu en eru samkvæmt tvísköttunarsamningi Norðurland-anna skattskyldir í búseturíkinu. Einnig má nefna samstarfsverkefni Norðurland-anna, NordiskEtax, þar sem m.a. er hægt að fá upplýsingar um skattkerfi ríkjanna og leita svara við þeim skattalegu spurn-ingum sem brenna á skattaðilum.

Ísland skiptist á tekjuupplýsingum við þau ríki sem gerðir hafa verið tvískött-unarsamningar við ásamt því að eiga önnur samskipti við erlend skattfyr-völd. Þá er ríkisskattstjóri erlendum skattfyr-völdum innan handar við upplýsinga-öflun ýmiss konar og getur á sama hátt leitað til erlendra yfirvalda sé þörf á upp-lýsingum vegna tiltekinnna skattaðila.



Ríkisskattstjóri gegn Valitor hf.

Dómur Hæstaréttar Íslands þann 3. október 2008

Þann 3. október síðastliðinn féllst Hæstiréttur Íslands á kröfu ríkisskattstjóra um afhendingu gagna. Málið dæmdu fimm dómarar og skilaði einn dómari sératkvæði. Að mati ríkisskattstjóra hefur nú með dómi Hæstaréttar verið slegið föstu í fyrsta lagi að ákvæði laga um þagnarskyldu víkja fyrir ákvæðum skattalaga um upplýsingaskyldu og í öðru lagi að upplýsinga-beiðni skattfyrivalda geti beinst að ónafngreindum aðilum að því gefnu að úrtakið sé hlutlægt og að meðalhófs sé gætt við afmörkun þess.



**Guðrún Jenný
Jónsdóttir**



**Ragnheiður
Björnsdóttir**

Forsaga málsins er sú að skattfyrvöld á hinum Norðurlöndunum fóru í sérstakt eftirlitsátak sem beindist að þeim sem fjármögnuðu neyslu sína í heimalandinu með erlendum kreditkortum tengdum við bankareikninga sem ekki höfðu verið gefnir upp á skattframtölum. Í ljósi reynslu norrænu skattfyrvaldanna ákvað eftirlitsdeild ríkisskattstjóra að kanna hvort hið sama væri uppi á teningnum á Íslandi. Af þeim sökum var öllum korta-fyrirtækjum á Íslandi skrifað og óskað eftir að afhent yrðu yfirlit um hreyfingar á greiðslukortum sem uppfylltu eftirfarandi skilyrði: „Greiðslukort sem gefin voru út og skuldfærð erlendis, en notuð á Íslandi

til úttektar í bönkum eða til greiðslu á vörum og þjónustu á tímabilinu 01.07.2006 til og með 30.06.2007, enda hafi heildarúttekt hvers korts á tímabilinu numið a.m.k. kr. 5.000.000.“

Ríkisskattstjóri fékk afhentar umbeðnar upplýsingar frá öllum íslensku korta-fyrirtækjunum að undanskildu Valitor hf. sem ítrekað synjaði beiðni embættisins. Að svo komnu máli var ljóst að félagið myndi ekki afhenda umbeðin gögn nema að undangengnum dómsúrskurði.

Beiðni ríkisskattstjóra

Þann 14. júlí 2008 lagði ríkisskattstjóri fram beiðni hjá héraðsdómi Reykjavíkur þess efnis að úrskurðað yrði um skyldu Valitor hf. til að láta umbeðnar upplýsingar í té. Í beiðni ríkisskattstjóra kom fram að aðgerðunum væri beint að þeim einstaklingum sem ættu eignir erlendis en gerðu ekki grein fyrir þeim á skattframtölum. Afmörkunin væri þó höfð þannig að ekki væri hætta á að almennir ferðamenn féllu inn í hópinn. Til stuðnings kröfu sinni um afhendingu gagna vísaði ríkisskattstjóri aðallega til 1. mgr. 94. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt. Það ákvæði er svohljóðandi:

„Öllum aðilum, bæði framtalsskyldum og öðrum, er skylt að láta skattfyrvöldum í té ókeypis og í því formi, sem óskað er, allar nauðsynlegar upplýsingar og gögn er

þau beiðast og unnt er að láta þeim í té. Skiptir ekki í því máli hvort upplýsingarnar varða þann aðila sem beiðninni er beint til eða þau skipti annarra aðila við hann er hann getur veitt upplýsingar um og varða skattlagningu þeirra aðila eða eftirlit með eða rannsókn á henni. Með skattfyrvöldum í þessari grein er átt við skattstjóra, skattrannsóknarstjóra ríkisins og ríkisskattstjóra.“

Taldi ríkisskattstjóri að ákvæðið ætti við um Valitor hf., félagið hafi hins vegar ekki sinnt skyldu sinni og borið fyrir sig bankaleynd. Þá kom fram hjá ríkisskattstjóra að umbeðnar upplýsingar væru nauðsynlegar til að staðreyna hvort upplýsingar á skattframtölum séu réttar og þar með álagningarstofn réttur. Vísaði ríkisskattstjóri til þess að bankaleynd yrði að víkja fyrir almennum sjónarmiðum um hagsmuni hins opinbera til að geta gengið úr skugga um að skattskil séu rétt og að almennur trúnaður við viðskiptamenn í formi bankaleyndar hafi ekki þann tilgang að vernda mögulega brotastarfsemi gagnvart þeim almannahagsmunum að skattskil séu rétt.

Rök Valitor hf. fyrir synjun

Rök Valitor hf. fyrir synjun sinni voru þau að beiðnin varðaði ekki nafngreinda eða sérgreinda korthafa. Þá lyti beiðnin að aðilum sem ekki væru viðskiptamenn félagsins – ekkert viðskiptasamband væri á milli Valitor hf. og einstakra korthafa. Þá vísaði Valitor hf. til þagnarskylduákvæðis laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki. Að síðustu kom fram hjá Valitor að hann teldi að ríkisskattstjóri myndi ekki hafa gagn af upplýsingunum og væri upplýsingagjöfin því þýðingarlausa.

Úrskurður héraðsdóms Reykjavíkur

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur þann 12. september 2008 féllst dómurinn á kröfu ríkisskattstjóra. Í forsendum úrskurðarins er vísað til dóms Hæstaréttar sem upp var kveðinn þann 21. október 1999 í máli nr. 156/1999 þar sem fram kemur að skylda til upplýsingagjafar sé mjög viðtæk. Þá verði að játa skattyfirvöldum rúmar heimildir til að meta þörf á upplýsingum. Jafnframt kom fram að orðalag 1. mgr. 94. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, takmarkast ekki við upplýsingar sem hægt er að gefa um eiginlega viðskiptamenn eins og Valitor hélt fram. Ennfremur kom fram að þrátt fyrir að upplýsingabeidnin beindist ekki gegn nafngreindum aðilum þá væri hún afmörkuð og hófleg. Að síðustu var því slegið föstu að ákvæði 1. mgr. 94. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, víki til hliðar þagnarskyldu Valitor sem á er kveðið í lögum um fjármálafyrirtæki.

Niðurstaða Hæstaréttar

Valitor skaut úrskurði héraðsdóms til Hæstaréttar þann 15. september 2008 og

krafðist þess að úrskurðurinn yrði felldur úr gildi. Dóm Hæstaréttar skipuðu fimm dómarmen og staðfestu fjórir þeirra, Árni Kolbeinsson, Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Páll Hreinsson, úrskurð héraðsdóms, en einn dómari, Jón Steinar Gunnlaugsson, skilaði sératkvæði.

Í meirihlutaniðurstöðu Hæstaréttar kemur fram að 1. mgr. 94. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, sé ákvæði sem feli í sér skyldu til að veita upplýsingar og telja verði ákvæðið sérákvæði sem gangi framur þagnarskylduákvæðum laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki. Þá var ekki fallist á það með Valitor hf. að skýra bæri ákvæði margnefndrar 94. gr. á þann veg að það taki ekki til upplýsinga um ótiltekinn fjölda aðila sem ekki séu nafngreindir. Hæstiréttur vísaði því þannig á bug að forsendur héraðsdóms í hæstaréttarmáli nr. 345/2006 frá 8. mars 2007 ættu við í því máli sem hér var til úrlausnar, enda laut það mál að upplýsingaskyldu skv. 92. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt. Meirihluti Hæstaréttar féllst þannig á að orðalagið „annarra aðila“ í ákvæði 2. málsl. 1. mgr. 94. gr. sé það rúmt að það taki til bæði ónafn-

greindra og nafngreindra aðila sem upplýsingagjafi hefur átt samskipti við og hefur upplýsingar um. Þessu til viðbótar vísaði meirihluti Hæstaréttar til ákvæða laga nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, og að ekki verði séð að beiðni ríkisskattstjóra brjóti í bága við ákvæði þeirra laga.

Eins og fyrr sagði skilaði einn dómari Hæstaréttar sératkvæði þar sem kröfu ríkisskattstjóra var synjað. Í forsendum sératkvæðisins kemur fram að við skýringu á 1. mgr. 94. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, verði að líta til þess að um sé að ræða valdheimild ríkisins gagnvart borgurunum og að sú heimild verði að að fela ótvírætt í sér heimild til þeirrar valdbeitingar sem krafist er. Af texta ákvæðisins verði ekki ótvírætt ráðið að skattyfirvöldum sé heimilt að leita upplýsinga á borð við þær sem greinir í máli þessu án þess að þeir sem upplýsingarnar varða séu nafngreindir.

Hlutaþréf forstjóra

Dómur Hæstaréttar Íslands þann 6. nóvember 2008

Þann 6. nóvember sl. kvað Hæstiréttur upp dóm í máli sem höfðað var á hendur íslenska ríkinu. Málavextir eru þeir að skatt-rannsóknarstjóri ríkisins hóf rannsókn á fyrrum launagreiðanda stefnanda. Leiddi sú rannsókn í ljós að samkvæmt viðauka við ráðningarsamning stefnanda og vinnuveitanda hans hafi verið gert ráð fyrir að stefnandi myndi skipta á hlutaþréfum í M hf. fyrir hlutaþréf í N hf. Skatt-rannsóknarstjóri mat það svo að hlutaþréfin í N hf. hafi verið verðmætari en bréfin í M og að mismunurinn á verðmæti væru skattskyldar tekjur sem stefnandi hafði ekki gert grein fyrir á skattframtali sínu. Ríkisskattstjóri endurákvæði opinber gjöld stefnanda gjaldárið 2000 í samræmi við niðurstöður í skýrslu skatt-rannsóknarstjóra ríkisins og nam tekjuviðbótin kr. 20.049.947. Því til viðbótar bætti ríkisskattstjóri 25% álagi

vegna rangrar framtalsgerðar. Álag vegna mismunar á staðgreiðslu opinberra gjalda og álagningu nam svo 2,5%. Stefnandi kærði úrskurð ríkisskattstjóra til yfirskaðnefndar sem staðfesti úrskurð ríkisskattstjóra.

Málsástæður stefnanda

Að fengnum úrskurði yfirskaðnefndar stefndi stefnandi íslenska ríkinu fyrir dóm og krafðist þess að úrskurður yfirskaðnefndar í máli hans yrði felldur úr gildi að hluta og breytt þannig að tekjuviðbótin vegna hlutaþréfaskiptanna yrði felld niður. Jafnframt krafðist stefnandi þess að 25% álag yrði fellt niður sem og 2,5% álag. Til stuðnings kröfum sínum vísaði stefnandi til þess að skattskyldu hans vegna hlutaþréfanna í M hf. hafi lokið þegar hann seldi bréfin til banka í

Lúxemborg enda var greiddur skattur af söluhagnaði bréfanna sem reiknaður var af mismun á nafnverði og söluverði. Þannig hefði það ekki verið hann heldur bankinn í Lúxemborg, eða félag í eigu bankans, sem hefði skipt á hlutaþréfunum í M hf. og N hf. Í öðru lagi byggði stefnandi á því að hlutaþréfaskiptin hafi ekki tengst starfi hans hjá N hf. Forsenda skattyfirvalda um, að um sé að ræða tekjur sem sprottnar eru af vinnusamningi stefnanda og N hf. hafi því verið röng. Um hafi verið að ræða uppkast að viðauka við ráðningarsamning sem ekki hafi haft samningsígildi. Í þriðja lagi vísaði stefnandi til þess að verðmæti hlutaþréfa í N hf. hafi ekki verið verðmætara en hlutaþréfa í M hf. Skattyfirvöld hafi ekki getað viðskattskil N hf. hafnað eignfærslu viðskiptavildar og jafnframt notað hina ölög-

mætu eignfærslu sem grundvöll fyrir skattlagningu hjá stefnanda. Að síðustu vísaði stefnandi til þess að á þeim tíma sem um ræðir, þ.e. á árinu 1999 hafi ekki verið til fullmótaðar reglur eða verklag um skattalega meðferð hlutabréfa sem seld væru til eignarhaldsfélaga erlendis fyrir atbeina fjármálafyrirtækja. Ekki hafi því verið sanngjarnt að stefnandi hafi mátt gera sér grein fyrir að honum bæri skylda til að telja fram tekjur vegna skipta á hlutabréfunum.

Dómur héraðsdóms

Í dómi héraðsdóms segir að það sé óumdeilt að hluti af ráðningarkjörum stefnanda hjá M hf. var réttur til hlutabréfa í félaginu sem safnaðist upp á árunum 1997-1999. Stefnandi hafi svo sjálfur samið viðauka við ráðningarsamning sinn þar sem kveðið var á um umþrætt skipti á hlutabréfunum í M hf. og N hf. Fram hafi svo komið hjá stefnanda í skýrslutöku hjá skattrannsóknarstjóra ríkisins að hluti af því sem ákveðið var í viðaukanum hafi gengið eftir. Af orðalagi viðaukans verði ekki annað ráðið en að skiptin hafi verið hluti af starfskjörum stefnanda og að

ágreiningslaust sé að skiptin á hlutabréfunum fóru fram. Ekki skipti máli þótt stefnandi hafi kosið að ráðstafa verðmætunum til erlends félags. Þá kom fram í dómi héraðsdóms að tekjuviðbótin hafi ekki verið ofákvörðuð þar sem fyrir lágu upplýsingar um gangverð á hlutabréfum í F hf. sem endurspeglaði markaðsverðmæti N hf. Dómurinn hafnaði því kröfu stefnanda um niðurfellingu á tekjuviðbóttinni. Héraðsdómur staðfesti 2,5% álag og vísaði til þess að ekki væri fyrir hendi heimild í lögum til að fella það álag niður eða lækka. Dómurinn felldi hins vegar niður 25% álag vegna rangra framtalskila með þeim orðum að líta yrði til allra atvika svo og til þeirrar óvissu sem ríkti um verðmyndun hlutabréfanna „ásamt því að reglur um skattalega meðferð hlutabréfa í viðskiptum sem þessum voru nýmæli og ekki svo skýrar sem skyldi.“

Samkvæmt framangreindu tók dómurinn ekki undir það sjónarmið stefnanda að skattskyldu hans hefði lokið þegar eignarhluta hans var ráðstafað til lögaðila sem skráður var erlendis.

Bæði stefnandi og stefndi áfrýjuðu héraðsdóminum til Hæstaréttar. Stefnandi

krafðist staðfestingar niðurstöðu héraðsdóms varðandi 25% álagið og gerði að öðru leyti sömu kröfur og í héraði. Stefndi krafðist sýknu af öllum kröfum, til vara staðfestingar á héraðsdómi.

Álagsbeitingin staðfest í Hæstarétti

Dóm Hæstaréttar skipuðu fimm dómara og var niðurstaða þeirra samhljóða. Vísað var til forsendna héraðsdóms varðandi kröfu stefnanda um niðurfellingu tekjuviðbótarinnar, bæði hvað snertir ráðningarkjör stefnanda og verðmatið á hlutabréfunum. Hæstiréttur snéri við dómi héraðsdóms varðandi 25% álag og kemur fram í dóminum að stefnandi hafi, sem forstjóra félaganna tveggja, verið ljóst að í skiptaréttinum hafi falist verðmæti sem gera hefði átt grein fyrir til skatts. Því hafi verið rétt að beita 25% álagi á vantalinn skattstofn og að engin skilyrði fyrir niðurfellingu álags hafi komið fram. Að síðustu staðfesti Hæstiréttur niðurstöðu héraðsdóms um beitingu 2,5% álags.

Nýr nefndarmaður í yfirskattanefnd



Valdimar Guðnason, löggiltur endurskoðandi, var skipaður til setu í yfirskattanefnd í hlutastarfi frá 1. október 2008. Hann lauk stúdentsprófi frá Verzlunarskóla Íslands í júní 1962 og hóf þá strax starf og nám í endurskoðun hjá Endurskoðunarskrifstofu N. Manscher. Þar hefur hann starfað óslitið síðan, en fyrirtækið heitir nú PricewaterhouseCoopers hf. Hann varð meðeigandi þar árið 1969 og hlaut löggildingu sem endurskoðandi árið 1970. Á árinu 2006 seldi Valdimar eignarhluta sinn í PwC í samræmi við aldersreglur félagsins, en starfar þar áfram í hlutastarfi sem sérfræðingur á skatta- og lögfræðisviði.

Helstu viðfangsefni Valdimars í gegnum tíðina hafa fyrst og fremst verið endurskoðun, reikningsskil og skattskil fyrir lögaðila, skattskil fyrir einstaklinga og skyld verkefni. Hann kenndi skattskil um tveggja ára skeið við Viðskiptadeild Háskóla Íslands og sat einnig í prófnefnd löggiltra endurskoðenda í fimm ár. Hann hefur tekið þátt í félagsstörfum á vegum Félags löggiltra endurskoðenda, setið í stjórn félagsins og ýmsum nefndum á vegum þess.

Valdimar er kvæntur Helgu Sveinsdóttur og eiga þau fjögur uppkomin börn.

Álagning 2008



Páll Kolbeins

Skattstjórar hafa nú lokið við að leggja skatta á tekjur og hagnað lögaðila. Alls voru nú lagðir rúmir 90 milljarðar á lögaðila, þar af 47,8 milljarðar í tekjuskatt og rúmir 40 milljarðar í tryggingagjald. Tekjuskattur hækkaði um 11,8% á milli ára og tryggingagjald um 7,6%. Önnur gjöld; búnaðargjald, iðnaðarmálagjald, jöfnunargjald alþjónustu og fjármagnstekjuskattur voru 2.174 milljónir. Gjöld voru lögð á 24.409 lögaðila sem er 7% fleiri en í fyrra. Tekjuskattur var nú lagður á 16.184 lögaðila, 7% fleiri en í fyrra. Tryggingagjald var lagt á 16.697 félög sem sem er 4,9% fleiri en í fyrra.

Enn fjölgar einkahlutafélögum

Félögum á skattgrunnskrá hefur fjölgað mjög mikið á undanförunum árum. Lögaðilum á grunnskrá fjölgaði nú um 7,2% frá því í fyrra. Nú eru 41.197 félög á skrá en þar af eru 32.868 gjaldskyld rekstrarfélög sem eiga að skila tekjuskatti af hagnaði. Gjaldskyldum lögaðilum fjölgaði nú um 9,2% á milli ára. Af gjaldskyldum lögaðilum eru 29.242 einkahlutafélög og hefur þeim fjölgað um 10,1% frá því í fyrra. Einkahlutafélög eru nú 89% gjaldskyldra lögaðila.

Ástæðuna fyrir mikilli fjölgun félaga má rekja til þess að árið 1995 var lögum breytt til að auðvelda mönnum að færa

einstaklingsrekstur yfir í einkahlutafélag. Árið 2003 var tekjuskattur lögaðila svo lækkaður um 40%, úr 30% í 18%, þannig að margir einstaklingar sáu skattalegt hagræði í því að stofna einkahlutafélag um einstaklingsrekstur. Þá hefur mikill uppgangur í þjóðfélaginu á síðustu árum leitt til þess að æ fleiri hafa látið kylfu ráða kasti og hafið sjálfstæðan atvinnurekstur og stofnað einkahlutafélag um reksturinn. Þá hefur eignarhaldsfélögum sem stofnuð eru um rekstur annars félags eða félaga fjölgað mjög mikið á undanförunum árum. Frá árinu 1998 hefur skattskyldum lögaðilum fjölgað um 147,7% en á sama tíma hefur einstaklingum á skattgrunnskrá fjölgað um 26%. Einstaklingum sem

reikna sér endurgjald vegna vinnu við eigin atvinnurekstur fækkaði hins vegar um 37,2% á tímabilinu.


Æ fleiri áætlaðir

Eftir því sem félögum á skrá fjölgar eru sífellt fleiri félög sem skila ekki skattframtali fyrir framtalsfrest eins og lög gera ráð fyrir. Skattstjórar áætla þessum félögum tekjur og gjöld. Nú voru áætluð gjöld á 10.539 félög, 1.028 fleiri en í fyrra. Þetta er fjölgun um 10,8% á milli ára. Ástæðu fjölgunar áætlana má fyrst og fremst rekja til mikillar fjölgunar einkahlutafélaga. Einkahlutafélögum fjölgaði nú um 2.688 á milli ára, en af 29.242 einkahlutafélögum voru 9.592 áætluð eða eitt af hverjum


Opinber gjöld lögaðila 2008		Tekjuskattur			Tryggingagjöld			Önnur gjöld			
milljónir króna		2008	2007	Breyting 07-08	2008	2007	Breyting 07-08	2008	2007	Breyting 07-08	
Lögaðilar undanþegnir tekjuskatti											
	Skuldu	-	-	-	11.822	12.028	-1,71%	1.581	344	359,99%	
	Áætlaðir	-	-	-	9	3	200,12%	1	2	-24,14%	
	Samtals	-	-	-	11.831	12.031	-1,66%	1.582	345	358,13%	
Tekjuskattskyld félög	Einkahlutafélög	Skuldu	12.739	9.631	32,3%	12.564	11.241	11,76%	395	266	48,84%
		Áætlaðir	8.544	8.629	-0,9%	2.830	2.123	33,3%	62	47	32,0%
		Samtals	21.283	18.260	16,6%	15.393	13.364	15,2%	457	313	46,0%
	Önnur félög	Skuldu	14.489	23.004	-37,0%	11.137	11.155	-0,2%	209	169	23,3%
		Áætlaðir	11.990	1.463	719,7%	1.718	698	146,1%	5	17	-71,4%
		Samtals	26.478	24.467	8,2%	12.855	11.853	8,5%	214	186	14,6%
		Samtals	47.761	42.717	11,8%	28.248	25.217	12,0%	592	499	18,5%
	Öll félög samtals		47.761	42.717	11,8%	48.079	37.248	7,6%	2.174	845	157,3%

Fjöldi lögaðila sem lagt er á		Tekjuskattur			Tryggingagjald			Lögaðilar á grunnskrá			
Lögaðilar undanþegnir tekjuskatti	Skuldu	-	-	-	1.532	1.578	-2,9%	8.278	8.272	0,1%	
	Áætlaðir	-	-	-	14	14	0,0%	51	51	0,0%	
	Samtals	-	-	-	1.546	1.592	-2,9%	8.329	8.323	0,1%	
Tekjuskattskyld félög	Einkahlutafélög	Skuldu	6.628	5.934	11,7%	10.140	9.563	6,0%	19.650	18.029	9,0%
		Áætlaðir	7.855	7.523	4,4%	3.437	3.215	6,9%	9.592	8.525	12,5%
		Samtals	14.483	13.457	7,6%	13.577	12.778	6,3%	29.242	26.554	10,1%
	Önnur félög	Skuldu	1.060	962	10,2%	1.374	1.348	1,9%	2.730	2.609	4,6%
		Áætlaðir	642	702	-8,5%	200	192	4,2%	896	935	-4,2%
		Samtals	1.702	1.664	2,3%	1.574	1.540	2,2%	3.626	3.544	2,3%
Öll félög samtals		16.185	15.121	7,0%	16.697	15.910	4,9%	41.197	38.421	7,2%	


Lögaðilar á skrá og hlutfall einkahlutafélaga af gjaldskyldum lögaðilum 1998 - 2008



Þróun fjölda einstaklinga á skattgrunnskrá, þeirra sem reikna sér endurgjald og gjaldskyldra lögaðila 1998 - 2008



Fjöldi lögaðila á skattgrunnskrá og hlutfall áætlaðra 1998 - 2008



þremur. Áætlunum á einkahlutafélög fjölgaði um 1.067, eða 12,5% á milli ára. Allt frá árinu 1997, en þá hófst mikil fjölgun einkahlutafélaga sem staðið hefur allt fram á þetta ár, hefur hlutfall þeirra félaga sem eru áætluð gjöld á farið hækkanði. Nú áætluðu skattstjórar gjöld fjórða hvers félags á skrá, en árið 1998 var einu af hverjum sex félögum áætluð gjöld. Þetta hlutfall hefur þannig hækkað um 58% á tímabilinu. Árið 1998 skilaði eitt af hverjum fjórum einkahlutafélögum ekki framtali fyrir frest. Nú skilar tæplega eitt af hverjum þremur ekki framtali fyrir frest og hefur þetta hlutfall þannig hækkað um 36,7%.

Álagning lögaðila hækkar enn

Opinber gjöld lögaðila hafa aukist mjög mikið á undanföllum árum og þá er þróunin frá árinu 2004 sérstaklega áhuga-verð. Í gegnum tíðina skilaði tekjuskattur lögaðila litlu en frá árinu 2004 hefur tekjuskattur hækkað mjög mikið milli ára. Þrátt fyrir lækkun skattsins sjálfs úr 30% í 18% við álagningu 2003 hefur álagningin hækkað um tugi prósent milli ára. Frá álagningu 2003 hefur álagður tekjuskattur lögaðila hækkað um 245%. Hér hefur skipt sköpum að nokkur fyrirtæki í fjármálagirnum hafa skilað bróðurparti skattsins. Nú hækkaði álagður tekjuskattur um fimm milljarða, eða 11,8%, frá álagningu í fyrra sem er minni hækkan en á undanföllum árum.

43% tekjuskatts byggir á áætlun

Á undanföllum árum hefur hlutfall þess tekjuskatts sem byggir á mati eða áætlun skattstjóra lækkað nokkuð. Þetta hlutfall var 15% við álagningu 1998, hækkaði svo samfara örrí fjölgun einkahlutafélaga upp í 35,2% við álagningu 2002, en hefur síðan farið nokkuð lækkanði. Ein meginástæðan fyrir lækkun hlutfalls áætlana er sú að frá árinu 2004 hefur æ stærri hlutur tekjuskatts verið borinn af fáum félögum sem hafa flest skilað framtali fyrir skilafrest. Nú bregður svo við að álagning fimm af þeim tíu félögum sem mest er lagt á byggir á áætlun skattstjóra, en 19,2 milljarðar voru lagðir á þau tíu félög sem mest er lagt á, sem er 40,2% álagðs tekjuskatts. Árið 2004 voru 17,6% lögð á þau tíu félög sem mest var lagt á. Þetta þýðir að hlutfall tekjuskattsstofns sem byggir á

áætlun hækkar úr 23,6% í 43%, eða um 82%. Ef aðeins er miðað við tekjuskatt sem lagður er á tekjuskattsstofn skv. framtali lækkaði tekjuskattur nú um 16,6% frá því í fyrra, úr 32,6 milljörðum í 27,2 milljarða. Í þessu samhengi er athyglisvert að áætlaður tekjuskattur á einkahlutafélög hefur lækkað á milli ára. Í fyrra áætluðu skattstjórar 47,2% tekjuskattsstofns einkahlutafélaga en nú var 40,1% stofnsins áætlaður. Þá er einnig athyglisvert að tekjuskattur sem lagður er á skv. framtali einkahlutafélaga hækkar nú um 32,3% á milli ára.


Tryggingagjald hækkar enn

Á undanförnum árum hefur tryggingagjald, eins og tekjuskattur, hækkað gríðarlega mikið. Álagt tryggingagjald hefur t.d. hækkað um 81,4% frá álagningu 2003. Ástæðu þessarar þróunar er að leita í mjög háu atvinnustigi, miklum launahækkunum og hækkun tryggingagjalds. Tryggingagjald hækkaði úr 5,73% í 5,79% á tímabilinu frá 2003 til 2007 en nú, við álagningu 2008, lækkaði gjaldið aftur í 5,34% eða um 7,9%. Tryggingagjaldsstofn; laun og aðrar greiðslur til launamanna, hækkaði nú sem aldrei fyrr. Stofninn var 640,8 milljarðar í fyrra en 748,7 milljarðar nú, 16,8% hærri en í fyrra. Þetta er einhver mesta hækkun sem sést hefur síðastliðin fimmtán ár ef undan er skilin 17,8% hækkun á milli árunna 2005 og 2006. Stofninn hækkaði um 13,5% í fyrra. Tryggingagjaldsstofn hefur þannig hækkað um 78,6% frá álagningu 2003. Álagning nú hækkaði um 7,6% frá því í fyrra, úr 37,2 milljörðum í 40,1 milljarð. Tíu stærstu gjaldendur tryggingagjalds greiða nú rúma 10,9 milljarða sem er 27,5% gjaldsins.


630 milljarðar í yfirfæranlegt tap

Það er ekki aðeins að tekjuskattur og tryggingagjald hækki heldur hækkaði yfirfæranlegt tap nú sem aldrei fyrr. Yfirfæranlegt tap félaga hækkaði nú um 247 milljarða frá því í fyrra en tapið hækkaði um tæpa 200 milljarða á milli árunna 2006 og 2007. Tekjur og hagnaður sem mynda skattstofn hækkuðu um 24,7 milljarða, úr rúmum 227 milljörðum í 251,6 milljarða. Yfirfæranlegt tap félaga hefur aukist gríðarlega mikið á síðastliðnum árum en nú er yfirfæranlegt tap sem mun


Helstu skattar lögaðila 1998 - 2008




Þróun opinberra gjalda lögaðila 1998 - 2008




Tekjuskattur lögaðila og hlutfall áætlana 1998 - 2008



Hreinar tekjur, tryggingagjaldsstofn og yfirfæranlegt tap 1998 - 2008



Hlutdeild tíu stærstu gjaldenda í álögðum tekjuskatti 1998 - 2008



nýttast gegn hagnaði næsta árs tæpir 630 milljarðar, 64,6% hærra en í fyrra. Frá framtali 2004 hefur yfirfæranlegt tap félaga aukist um 458,4 milljarða, eða 297,9%. Árið 2004 var tap félaga 171,1 milljarður. Það er athyglisvert að það eru tiltölulega fá félög sem eiga bróðurpartinn af þessu tapi en 10 félög eiga 274,5 milljarða tapsins, sem er 43,6% heildarupp-hæðarinnar.

Aðrir skattar og gjöld

Vert er að minnst nokkrum orðum á önnur gjöld sem lögð eru á lögaðila. Fjármagnstekjuskattur sem lagður er á lögaðila sem undanþegnir eru tekjuskatti var nú tæpur 1,6 milljarður, 1,2 milljörðum hærri en í fyrra. Skatturinn hefur aðallega verið lagður á ríki og sveitarfélög en stærstur hluti hans hefur verið lagður á vegna söluhagnaðar af eignum. Annars eru það aðallega sveitarfélög og stofnanir ríkisins sem greiða skatt af vaxtatekjum.

Þá er vert að minnst á ýmis smærri gjöld sem skattstjórar leggja á en eru ekki eiginlegir skattar. Iðnaðarmálagjald, sem lagt er á veltu iðnfyrirtækja og rennur til samtaka iðnaðarins, var nú 459 milljónir, 20,8% hærra en í fyrra. Búnaðargjald var nú 104 milljónir, 2,7% lægra en í fyrra. Þá voru 39 milljónir lagðar á fjarskiptafyrirtæki í jöfnunargjald alþjónustu, en þetta er 62,6% hækkun frá því í fyrra.

Starfshópur um fræðslumál

Skipaður hefur verið starfshópur til að taka fræðslumál skattkerfisins til athugunar með það fyrir augum að endurskipuleggja það starf sem unnið hefur verið undanfarin ár. Starfshópurinn skipa þau Elín Alma Arthursdóttir, Gunnar Karlsson skattstjóri, Inga Hanna Guðmundsdóttir og Jónína Jónasdóttir varaskattstjóri

Kannaðir verði möguleikar, kostir og gallar fjarkennslu, metið hvort endurvefja skuli hinn gamla skattaskóla,

kannaðir möguleikar á samstarfi við Starfsmennt, kannað hvort ástæða sé til að tengja skattanámið við hluta háskólanáms og lagt mat á annað fræðslustarf og tilhögun þess. Með starfshópnum munu starfa fyrrum umsjónarmenn fræðslustarfs á síðari árum, þau Hrefna Einarsdóttir og Jón Guðmundsson.

Formaður starfshópsins er Elín Alma Arthursdóttir.



Æ sér gjöf til gjalda

Í tilefni þeirra umræðna sem orðið hafa í þjóðfélaginu undanfarna daga og vikur er ekki úr vegi að velta vöngum yfir ákvæðum tekjuskattslaga og reglna að því er varðar eftirgjöf skulda og það sem kalla mætti afbrigðileg lánakjör til handa einstaklingum. Einungis er stiklað á mjög stóru og einungis í þeim tilgangi að varpa örlitlu ljósi á hvaða reglur gilda við þessar aðstæður. Verður fyrst fyrir að líta til þess hvað skuli telja til skattskyldra tekna samkvæmt lögum um tekjuskatt og síðan hvaða reglur gildi um mat á tekjum í skilningi laganna þegar ekki er um að ræða greiðslur í beinhörðum peningum.



**Elín Alma
Arthursdóttir**

Tekjuhugtak skattalaga

Samkvæmt 7. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, teljast skattskyldar tekjur hvers konar gæði, arður, laun og hagnaður sem skattaðila hlotnast og metin verða til peningaverðs og skiptir ekki máli hvaðan þær stafa eða í hvaða formi þær eru. Almenna reglan er sú að allar tekjur í hvaða formi sem þær eru teljast skattskyldar með þeim undantekningum og takmörkunum sem kveðið er á um í lögnum. Í lagagreininni er tekjum skipt upp í þrjá stafliði, A,

B og C-tekjur. Stafliðunum A og C er síðan hvorum um sig skipt upp í nokkra töluliði þar sem nánar er fjallað um ýmsar tekjutegundir. Í megindráttum eru A-tekjur einstaklingstekjur, B-tekjur eru tekjur af hvers konar rekstri og C-tekjur eru fjármagnstekjur, þ.m.t. söluhagnaður, sem ekki tengjast rekstri. Í lokatölulið C-liðar segir síðan að til tekna skuli telja sérhverjar aðrar tekjur eða ígildi tekna sem ekki eru sérstaklega undanskildar í tekjuskattslögunum eða sérlögum.

Samkvæmt 1. mgr. 1. tölul. A-liðar 7. gr. tekjuskattslaganna telst til skattskyldra tekna hvers konar endurgjald fyrir vinnu, starf eða þjónustu, meðal annars fatnaður, fæði, húsnæði og aðrar hliðstæðar starfstengdar greiðslur, fríðindi og hlunnindi, svo og framlög og gjafir sem sýnilega eru gefnar sem kaupauki. Ákvæði þetta er víðtækt og tekur yfir hvers konar starfs-

tengdar greiðslur í hvaða formi sem þær eru, t.d. reiðufé, í fríðu eða hlunnindum.

Í reglugerð nr. 245/1963, um tekjuskatt og eignarskatt, sem telja verður enn í gildi eftir því sem við getur átt, og sett var á grundvelli laga nr. 70/1962, um tekjuskatt og eignarskatt, er nánar tilgreint hvað telja skuli til skattskyldra tekna. Getur það oft orðið skemmtileg lesning og skýr merki um þær breytingar sem orðið hafa á þjóðfélaginu á þessari hátt í hálfu öld. Þar segir m.a. í 11. gr. að skatti skuli svara af öllum tekjum hvers kyns sem þær séu og hvar og hvernig þeirra er aflað. Í 13. gr. reglugerðarinnar segir að til launa teljist allar greiðslur eða tekjur sem launþegi fái fyrir að leysa eitthvert starf af hendi í annars þágu eða honum hlotnast í sambandi við starf sem hann er í eða hefur verið ráðinn til. Sama sé hverju nafni laun kallist eða í hvaða formi þau séu. Í B-lið umrædds reglugerðarákvæðis segir í dæmaskyni að til launatekna teljist hvers konar hlunnindi veitt í launa skyni og önnur form fyrir greiðslu, s.s. fæði, húsnæði, ljós og hiti, bifreiðaafnot, fatnaður, plögg, þjónusta og önnur aðhlyning vinnufólks í sveitum, skepnufóðrun, engjatak, greiðslur í vörum úr verslunum og greiðsla á sérhverjum öðrum verðmætum eða eignum, t.d. hlutafjäreign í hlutafélagi o.s.frv.

Fjármálaráðherra setur árlega reglur um mat á hlunnindum og öðrum tekjum manna og frádráttarliðum sem meta þarf til verðs samkvæmt tekjuskattslögum. Almenna reglan er sú að hlunnindi skal telja til tekna á gangverði eða markaðsverði á hverjum tíma nema þegar um þau gildir sérstakt tekjumat sem birt er árlega og í daglegu tali nefnist skattmat.

Lán launagreiðanda til starfsmanna

Í skattmati fyrir tekjuárið 2008 segir í kafla 2.6 að sá sem fái vaxtalaust lán hjá launagreiðanda sínum eða fyrir milligöngu hans skuli telja sér vaxtahagræðið til tekna. Sama eigi við um greiðslufresti og afborganir af kaupum á hlutabréfum eða öðrum eignum. Þetta umrædda ár skal þannig tekjufæra sem hlunnindi mismun á 14% ársvöxtum af höfuðstól með verðbótum og þeim vöxtum sem samið er um í þessu samhengi séu þeir lægri. Um er að ræða tekjur sem falla undir 1. tölul. A-liðar 7. gr. tekjuskattslaga og skattleggjast þær því á sama hátt og aðrar launatekjur.

Í inngangi með skattmati 2008 kemur fram að það taki til þess sem njóti hlunninda sem telja beri til tekna samkvæmt 7. gr. tekjuskattslaga óháð starfssambandi milli þess sem lætur hlunnindin af hendi og þess sem nýtur. Þá er sérstaklega tekið fram að þar sem talað sé um launamann eða starfsmann í skattmatinu sé jafnframt átt við maka og börn viðkomandi, svo og

til hvers þess sem njóti hlunninda í krafti eignar eða stjórnaraðildar, vensla eða tengsla við þann sem lætur þau af hendi.

Eftirgjöf skulda

Í 3. tölul. 28. gr. laga nr. 90/2003 segir að ekki skuli telja til tekna eignaauka sem stafar af eftirgjöf skulda við nauðasamninga, enda hafi skuldirnar ekki myndast í sambandi við atvinnurekstur skattaðila. Í lögnum eru engin frekari bein ákvæði um eftirgjöf skulda. Greint lagaákvæði er að stofni til gamalt og var hliðstætt ákvæði í C-lið 10. gr. laga nr. 70/1962, en nánar orðað. Í 6. tölul. 20. gr. reglugerðar nr. 245/1963 sem eins og áður segir er enn í gildi eftir því sem við á kemur fram að til skattskyldra tekna teljist ekki eftirgjöf skulda sem sannast hafi um við gjaldþrot, nauðasamninga eða á annan fullnægjandi hátt að eignir séu ekki til fyrir. Eftirgjöf skulda teljist þó til tekna ef hún komi fram sem kaupauki, gjöf eða úthlutun arðs úr hlutafélagi.

Samkvæmt framangreindu er eftirgjöf skulda launamanns við launagreiðanda almennt skattskyldar tekjur í hendi launamannsins sem skattleggja ber á sama hátt og hverjar aðrar launatekjur. Skattstofninn hlýtur í slíkum tilvikum að miðast við heildarstöðu lánsins þegar gengið er frá skuldauppgjöfinni. Ef eftirgjöf skulda tengist gjaldþroti viðkomandi einstaklings eða nauðasamningum er hins vegar ekki um skattskyldar tekjur að ræða. Ekki

skiptir máli í þessu sambandi hvernig lántakandi hefur varið því fé sem hann fékk að láni. Samkvæmt orðanna hljóðan er mismunur á því hvað gildir um eftirgjöf skulda eftir því hvort þær tengjast atvinnurekstri eða ekki. Þannig virðist í öllu falli vera um skattskyldar tekjur að ræða ef skuldir tengjast atvinnurekstri. Tekið skal fram í þessu sambandi að orðalagi fyrrnefnds C-liðar 10. gr. laga nr. 70/1962 var breytt við setningu laga nr. 40/1978 í þá veru að við bættist tilvísun til þess að ákvæðið gildi um skuldir sem ekki tengdust atvinnurekstri skattaðila, en því var ekki fyrir að fara í eldra ákvæðinu. Ekki kom þó neitt fram í athugasemdum við frumvarp það sem varð að lögum nr. 40/1978 annað en að um hliðstætt ákvæði væri að ræða og í eldri lögnum. Ekki verður séð að reynt hafi á þetta í úrskurðarframkvæmd ríkisskatta- eða yfirskattanefndar, a.m.k. ekki í seinni tíð.

Að lokum

Tekjuhugtak skattalaganna er víðtækt. Ákvæði skattmats eru skýr að því er varðar meðferð sérstakra lánskjara til handa launamönnum. Almennt á það við að skattmat gildir ekki einungis milli launamanns og launagreiðanda heldur einnig almennt gagnvart þeim sem nýtur hlunninda sem telja ber til skattskyldra tekna. Lagaákvæði eru skýr að því er varðar meðferð á eftirgjöf skulda einstaklings.

Breyting á formi virðisaukaskattsnúmera

VSK

Ríkisskattstjóri vill vekja athygli á því að virðisaukaskattsnúmer munu breytast í lok þessa árs. Virðisaukaskattsnúmer hafa hingað til aðeins verið fimm tölustafir en verða framvegis sex tölustafir. Rétt þykir að leggja áherslu á að ekki verða gerðar breytingar á þeim virðisaukaskattsnúmerum sem þegar hefur verið úthlutað. Þau verða áfram fimm tölustafir en ný virðisaukaskattsnúmer sem úthlutað verður munu verða sex tölustafir. Ráðgert er að byrjað verði að úthluta nýjum virðisaukaskattsnúmerum á þessu formi í

desember. Þessar breytingar á virðisaukaskattsnúmerum munu líklega hafa áhrif á bókhaldskerfi og ýmsan annan viðskiptahugbúnað sem vinnur með fjárhagsupplýsingar og eins á útgáfu sölureikninga. Þessum tölvukerfum gæti þannig hugsanlega þurft að breyta til samræmis við framangreint.

Ástæða þessarar breytingar er sú að virðisaukaskattsnúmerum hefur jafnt og þétt fjölgað og nálgast nú hundrað þúsund.

SG

Úrskurðir



**Bragi Freyr
Kristbjörnsson**

115/2008

Opinber gjöld – reiknað endurgjald – smábúðareigandi

Í þessu máli var deilt um þá ákvörðun skattstjóra að hækka reiknað endurgjald kæranda vegna vinnu á vegum félags sem alfarið var í hennar eigu. Við ákvörðun fjárhæðar reiknaðs endurgjalds kæranda var tekið mið af viðmiðunarflokki B-4 umrædd tekjuár. Þá var einnig lagt til grundvallar að kærandi hefði ekki verið í fullu starfi hjá félaginu, heldur í hálfu starfi. Í kæru umboðsmanns til yfirkattaneftndar var lögð áhersla á að rekstur félagsins hafi gengið erfiðlega og hafi félagið þannig verið rekið með umtalsverðu tapi. Vísaði hann í því sambandi til ákvæðis 3. mgr. 58. gr. tsl, þar sem kemur fram að ákvörðun skattstjóra um hækkan á reiknuðu endurgjaldi manns með eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi meg ekki mynda tap í rekstrinum umfram það sem nemi samanlögðum almennum fyrningum samkvæmt 37. gr. tsl, og var þeirri afstöðu skattstjóra að umrætt ákvæði taki ekki til vinnu manns á vegum lögaðila mótmælt. Af því tilefni tók yfirkattaneftnd það fram að samkvæmt 4. mgr. 58. gr. tsl, yrði gagn-ályktað að ákvæði 3. mgr. greinarinnar, sem setur skorður við tapsmyndun við ákvörðun reiknaðs endurgjalds, eigi ekki við í þeim tilvikum þegar um er að ræða ákvörðun reiknaðs endurgjalds manns vegna vinnu við atvinnurekstur lögaðila. Fallist var á lægra endurgjald en viðmiðun-arreglur kveða á um í tilviki kæranda. Að öðru leyti var kröfum kæranda hafnað.

Í þessum úrskurði yfirkattaneftndar var hnykk á því að ákvæði 3. mgr. 58. gr. tsl, eigi ekki við í þeim tilvikum þegar um er að ræða ákvörðun reiknaðs endurgjalds manns vegna vinnu við atvinnurekstur lögaðila. Að öðru leyti er um staðfestingu á núverandi framkvæmd að ræða.

133/2008

Opinber gjöld – skattskylda sameignarféлага – sjálfstæður skattaðili

Ágreiningsefnið í máli þessu laut að því hvort kærandi væri sameignarfélag sem bæri sjálfstæða skattskyldu, sbr. 3. tl. 1. mgr. 2. gr. tsl, eða hvort tekjum félagsins skyldi skipt milli eigenda þess. Ekki var neinn ágreiningur um málsatvik eða stofnun félagsins né þær breytingar sem urðu á félaginu. Kærandi krafðist þess að félagið yrði viðurkennt sem sjálfstæður skattaðili frá og með 1. janúar 2004, sbr. tilkynningu kæranda til firmaskrár Reykjavíkur í september 2004. Krafa kæranda var fyrst og fremst byggð á því að ekkert ákvæði 3. tl. 1. mgr. 2. gr. tsl, stæði í vegi fyrir því að krafa kæranda næði fram að ganga.

Yfirkattaneftnd taldi að skattaleg staða sameignarféлага yrði að ákvarðast í upphafi, samkvæmt orðalagi ákvæðisins og að síðar yrði engin breyting á þeirri stöðu. Kröfum kæranda var hafnað.

Í þessum úrskurði yfirkattaneftndar er staðfest að ekki er hægt að breyta sameignarfélagi í sjálfstæðan skattaðila hafi það ekki þá þegar verið gert við stofnun þess.

140/2008 –

Erlendar tekjur – andmælaréttur

Kærandi bar ótakmarkaða skattskyldu á Íslandi gjaldárið 2005, og þurfti því að greiða tekjuskatt og útsvar af öllum sínum

tekjum hvar sem þeirra var aflað, þar á meðal tekna sem aflað var í Noregi. Skattstjóri boðaði breytingar á skattframtali kæranda umrætt gjaldár, sem laut að tekjum kæranda í Noregi sem ekki hafði verið getið í skattframtali hans árið 2005. Í bréfi skattstjóra kom fram að um væri að ræða launatekjur sem skattskyldar væru í Noregi „eða eftir atvikum í því ríki þar sem starfsið er leyst af hendi.“ Um aðferð til þess að komast hjá tvísköttun vísaði skattstjóri til a-liðar 25. gr. í tvísköttunarsamningi milli Norðurlandanna og tók fram að í ákvæðinu fælist að erlendar tekjur, sem ekki kæmu til skattlagningar hér á landi vegna ákvæða tvísköttunarsamningsins, hefðu samt sem áður áhrif á útreikning og fjárhæð tekjuskatts vegna tekna sem aflað væri hér á landi. Tekjuskattur og útsvar yrði reiknað af heildartekjum, en gjöldin síðan lækkuð hlutfallslega miðað við hlutfall erlendra tekna af heildartekjum. Með úrskurði um endurákvörðun, voru umræddar tekjur hins vegar skattlagðar að fullu hjá kæranda á þeim grundvelli að tekjurnar hefðu ekki verið skattlagðar í Noregi.

Þar sem boðunarbréf skattstjóra laut einungis að því að tekið yrði tillit til umræddra tekna við útreikning skatts, en ekki skattlagningu þeirra, taldi yfirkattaneftnd að umræddar breytingar hafi ekki verið boðaðar með tilskildum hætti og því hafi verið brotið á andmælarétti kæranda, sbr. 4. mgr. 96. gr. tsl, og 13. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Úrskurður skattstjóra var felldur úr gildi.

Skattstjóri úrskurðar ekki í samræmi við boðunarbréf til kæranda, og áður gefnar fyrirætlanir. Skattstjóri vék umræddum tvísköttunarsamningi til hliðar þegar í ljós kom að tekjurnar hefðu ekki verið skattlagðar í Noregi. Þessi málsmeðferð skattstjóra leiðir til þess að úrskurður hans er ómerktur.

157/2008

VSK - frávísun – endurgreiðsla á virðisaukaskatti vegna vinnu manna við íbúðarhúsnæði

Deilt er um þá ákvörðun skattstjóra að hafna beiðni kæranda um endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna þess að um væri að ræða vinnu við steinsögun og múr-brot. Með samhljóða kæru til ríkisskattstjóra var höfnun skattstjóra mótmælt. Ríkisskattstjóri synjaði beiðni kæranda um endurgreiðslu virðisaukaskatts, og rakti ákvæði 3. málsl. 2. mgr. 42. gr. vskl, þar sem kveðið væri á um að endurgreiða skyldi eigendum íbúðarhúsnæðis 60% þess virðisaukaskatts sem þeir hefðu greitt af vinnu manna við endurbætur eða við-hald íbúðarhúsnæðis. Hann vísaði enn-fremur til ákvæðis 2. tölul. 4. gr. reglu-gerðar nr. 449/1990, um endurgreiðslu virðisaukaskatts af vinnu manna við íbúðarhúsnæði, þar sem fram kæmi að endurgreiðsla tæki ekki til virðisaukas-katts af vinnu stjórnenda vinnuvéla, jafnt þungavinnuvéla sem véla iðnaðarmanna o.fl. á byggingarstað. Tók ríkisskattstjóri fram að í ákvæðinu væri átt við vélar í víðtækum skilningi. Yfyrskattanefnd taldi að endurgreiðslubeiðnir, líkt og þær sem um var að ræða, væru ekki kærarlegar til yfyrskattanefndar, sbr. 29. gr. vskl. Kærinni var af þeim sökum vísað frá.

Beiðnir um endurgreiðslu virðisauka-skatts eins og hér um ræðir fela ekki í sér skattákvörðun sem kærarleg er til yfir-skattanefndar, sbr. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 30/1992, og 4. mgr. 26. gr. vskl.

180/2008

VSK – samskráning félaga á grunnskrá virðisaukaskatts

Deilt er um þá ákvörðun skattstjóra að synja kæranda um samskráningu með þremur dótturfélögum á grunnskrá virðis-aukaskatts frá og með 1. janúar 2007, sbr. ákvæði 5. gr. A vskl. laga nr. 50/1988. Forsendur skattstjóra voru þær að þar sem umsókn kæranda hefði ekki borist honum fyrir upphaf reikningsársins 2007 heldur hinn 26. mars 2007 væru skilyrði sam-skráningar ekki uppfyllt, sbr. 2. mgr. ákvæðisins. Einnig byggði skattstjóri á því að skilyrði samskráningar hefðu ekki verið fyrir hendi við upphaf reikningsársins 2007 þar sem þau félög sem um ræðir,

hefðu ekki verið til í sömu mynd á þeim tíma. Kærandi hefði ekki orðið móður-félag umræddra félaga fyrr en ákvörðun var tekin á hluthafafundi þann 15. mars 2007. Kærandi telur að túlkun skattstjóra á ákvæði 2. mgr. 5. gr. A vskl. sé of þröng og í andstöðu við skatt- og úrskurðafra-mkvæmd varðandi hliðstætt frestskilyrði 1. mgr. 5. gr. sömu laga. Fram kemur í kæru umboðsmanns kæranda að skipting félagsins hafi í reikningshaldslegu tilliti miðast við 31. október 2006 og þ.a.l. séu öll skilyrði samskráningar félaganna í virðisaukaskattsskrá uppfyllt fyrir reiknings-árið 2007.

er dánarbú, hagnað af sölu hlutabréfa, sem kærandi seldi hinn 17. júlí 2006. Laut krafa kæranda að því að söluhagnaðurinn yrði skattlagður sem tekjur kæranda í lifanda lífi, en ekki hjá dánarbúinu. Yfyrskatta-nefnd féllst á það með skattstjóra að um væri að ræða tekjur dánarbús sem skatt-leggja bæri að öllu leyti sem slíkar, hagnað-urinn af sölu hlutabréfanna hafi myndast eftir andlát og fyrir skiptalok dánarbúsins. Kröfum kæranda var því hafnað.

Niðurstaða er í samræmi við úrskurða-framkvæmd.



Yfyrskattanefnd féllst á það með skattstjóra að forsenda samskráningar væri að umsókn um slíka tilhögun yrði beint til skattstjóra eigi síðar en átta dögum fyrir upphaf fyrsta reikningsárs sem samskráningu er ætlað að taka til. Umsókn kæranda um samskráningu barst skattstjóra ekki fyrr en 26. mars 2007 og voru skilyrði samskráningar skv. 2. mgr. 5. gr. A vskl. því ekki uppfyllt fyrir reikningsárið 2007.

Niðurstaða er í samræmi við úrskurða-framkvæmd.

192/2008

Opinber gjöld – dánarbú söluhagnaður hlutabréfa

Ágreiningur málsins varðar þá ákvörðun skattstjóra að skattleggja hjá kæranda, sem

197/2008

Fyrning íbúðarhúsnæðis – ekki í tengslum við atvinnurekstur

Ágreiningur í máli þessu varðar þá ákvörðun skattstjóra að fella niður gjaldfærðan kostnað, þar á meðal almenna fyrningu, vegna fasteignar í eigu kæranda. Skattstjóri byggði ákvörðun sína á því að kærandi hefði ekki sýnt fram á að húseignin tengdist tekjuöflun kæranda, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 31. gr. tsl. Dró skattstjóri í efa þær skýringar kæranda að tilgangurinn með íbúðarhúsnæðinu væri sá að starfsmenn félagsins gætu haft afnot af íbúðinni þegar þeir væru að sinna erindum í þágu kæranda á höfuðborgarsvæðinu. Samkvæmt sundurliðun á notkun íbúðarinnar var um að ræða afnot starfsmanna í samtals 30 daga, og þá einkum afnot framkvæmdastjóra kæranda og skylduliðs hans. Einnig

var bent á að aðaleigandi kæranda, hefði fært sér til tekna í skattframtölum sínum hlunnindi vegna afnota af íbúðinni.

Yfirsattanevnd þótti kærandi ekki hafa sýnt fram á að fjárfesting félagsins í umræddri húseign stæði í þeim tengslum við tekjuöflun félagsins að hún teldist fyrnanleg eign í skilningi 33. gr. tsl., og allur kostnaður við rekstur hennar væri frádráttarbær skv. 1. tölul. 31. gr. tsl. Í málum sem þessum er vert að taka það fram að gjaldfærsla kostnaðar vegna íbúðarhúsnæðis í eigu félags, er aðeins heimil ef umrædd eign telst vera í tengslum við tekjuöflun félagsins í samræmi við ákvæði 1. tölul. 1. mgr. 31. gr. tsl.

216/2008

Leigugreiðslur vegna bifreiðar – frádráttur á móti ökutækjastyrk

Kærufni þessa máls er sú breyting skattstjóra á skattframtali kæranda, að fella niður tilgreindan frádrátt kostnaðar á móti ökutækjastyrk. Kærandi sem fékk ökutækjastyrk frá launagreiðanda sínum N ehf., vegna afnota af bifreið sem hann lagði sjálfur til vegna starfa sinna fyrir fyrirtækið. Bifreið þessa hafði kærandi tekið á leigu hjá S ehf., sem var alfarið í hans eigu, kærandi greiddi S ehf. leigu fyrir afnot af bifreiðinni á meðan S ehf. greiddi allan rekstrarkostnað bifreiðarinnar. Byggði skattstjóri breytingar sínar á því að leigugreiðslur vegna bifreiðar gætu ekki talist frádráttarbær rekstrarkostnaður ökutækis.

Samkvæmt túlkun ríkisskattstjóra, teljast leigugreiðslur á grundvelli rekstrarleigusamnings eða fjármögnunarleigusamnings ekki til rekstrarkostnaðar bifreiðar við útreikning á frádrætti á móti ökutækjastyrk, en þess í stað skuli færa árlega afskrift bifreiðar samkvæmt viðkomandi skattmatsreglum. Í hinum kærða

úrskurði sínum leit skattstjóri svo á að umræddar leigugreiðslur væru kostnaður vegna öflunar ökutækis, þ.e. endurgjald vegna umráða yfir bifreiðinni. Yfirsattanevnd féllst ekki á þessa ályktun skattstjóra, en miðað við ákvæði leigusamningsins og eðli leigusambandsins, þá hafi leigugreiðslurnar ekki einungis verið vegna umráða yfir bifreiðinni, heldur einnig til að standa straum af rekstrarkostnaði vegna bifreiðarinnar. Talið var að ákvörðun skattstjóra hefði hvorki verið byggð á réttum forsendum, né að málið hafi verið nægjanlega upplýst áður en ákvörðun var tekin í því.

Með úrskurði yfirsattanevndar nr. 19/2007, var framangreind túlkun ríkisskattstjóra staðfest, en yfirsattanevnd taldi að sömu sjónarmið eigi við um það þegar bifreið er leigð á grundvelli almenns leigusamnings, enda umráð leigutaka yfir bifreið aðalmarkmið slíkra samninga líkt og rekstrarleigusamninga.

226/2008 –

Olúgjald – lituð olía – námubifreið – akstur á almennum vegum – sektarboð – ákvörðun felld úr gildi

Kærandi mótmælti þeirri ákvörðun ríkisskattstjóra að gefa út sekt fyrir brot á undanþáguákvæði 8. tölul. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 87/2004, um olúgjald, kílómetragjald o.fl., vegna aksturs námubifreiðar á almennum vegarkafli sem einnig var hluti af vinnusvæði. Stóð ríkisskattstjóri í þeirri meiningu að notkun námubifreiðarinnar á umræddum vegarkafli hefði ekki uppfyllt skilyrði laganna um notkun utan vega eða á lokuðum vinnusvæðum, enda hefði ekki verið um lokað vinnusvæði að ræða þar sem ökutækið hefði verið í almennt umferð þegar það var stöðvað.

Í þessu tilviki, var almenn umferð leyfð á vinnusvæðinu og jafnframt heimilað að nota námubifreiðar að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Því reyndi á það í þessu máli hvort notkun námubifreiðarinnar við umræddar vegaframkvæmdir hafi verið utan vega eða á lokuðu vinnusvæði.

Yfirsattanevnd tók fram að ef engin almenn umferð hefði verið um framkvæmdasvæðið hefði óumdeilanlega verið um lokað vinnusvæði að ræða, og undanþága 8. tölul. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 87/2004, því átt við. Allverulegir samgönguhagsmunir voru hins vegar fólgnir í því að tryggja að almenn umferð gæti farið um framkvæmdasvæðið. Því mátti vart greina milli þess hvort verið væri að hleypa almennt umferð á framkvæmdasvæði, eða hvort verið væri að samþýða notkun námubifreiða í almennt umferð. Óumdeilt þótti að námubifreiðin hefði aðeins verið notuð innan vinnusvæðisins, en ekki í almennt umferð, í þeim skilningi sem býr að baki undanþágunni. Sektarákvörðun ríkisskattstjóra var því felld niður.

Samkvæmt skilmálum reglna Vegagerðarinnar, er ekki heimilt að skilgreina vinnusvæði námubifreiða út fyrir þann vegarkafli sem verið er að endurbyggja. Í úrskurðinum kom fram að notkunin hafi alfarið verið bundin við vinnusvæðið. Til skýringa á undanþáguákvæði 8. tölul. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 87/2004, verða lögskýringargögn skýrð þannig að notkun námubifreiða utan vega eða á lokuðum vinnusvæðum felur ekki í sér notkun á vegakerfinu, og er það í samræmi við úrskurð yfirsattanevndar í þessu máli.

Yfirfæranlegt tap

Félög sem rekin eru með hagnaði geta nýtt sér tap fyrri ára til lækkunar á tekjuskattstofni en það tap sem eftir er flyst yfir til næsta árs. Á undanförunum árum hefur yfirfæranlegt tap félaga aukist gríðarlega.



Páll Kolbeins

Félög áttu 74,9 milljarða í uppsafnað yfirfæranlegt tap árið 1998 en nú, árið 2008, var yfirfæranlegt tap félaga 629,6 milljarðar og hafði þannig hækkað um 740% á tíu árum. Þessi mikla hækkan er sérstaklega merkileg í ljósi þess að yfirfæranlegt tap félaga hefur hækkað um 243,4% frá árinu 2006; fyrst um 200 milljarða, eða 108,9%, og svo nú um 246,6 milljarða, eða 64,4%. Á sama tíma hefur hagnaður félaga einnig aukist mikið þannig að það má segja að það skiptist í tvö horn hvað þetta varðar. Þá má ætla að rekstrarafkoma margra félaga sem ekki greiða tekjuskatt hafi verið

góð og að hagnaður hafi etið upp mikið uppsafnað tap á þessu tímabili. Félögum sem greiða tekjuskatt hefur fjölgað ár frá ári. Hér er þó rétt að taka fram að skattstjórar áætla félögum hagnað en yfirfæranlegt tap er ávallt talið fram á skattframtali.

Tíu félög með 274,5 milljarða

Þegar reynt er að leita skýringa á miklu tapi félaga sést að bróðurpartur yfirfæranlegs taps er vegna fárra félaga en tap þessara félaga hefur aukist verulega mikið á undanförunum árum. Nú voru 11.699 félög með yfirfæranlegt tap en gjaldskyld félög voru 32.868. Tekjuskattur var lagður á 16.185 félög. Af þeim félögum sem fluttu yfirfæranlegt tap til næsta árs voru nú 73 félög með meira en einn milljarð í yfirfæranlegt tap. Þetta eru 0,18% félaga á skattgrunnskrá. Þessi félög voru með 425,3 milljarða í yfirfæranlegt tap, sem er um 67,6% yfirfæranlegs taps félaga. Í fyrra

voru 65 félög með meira en einn milljarð í yfirfæranlegt tap og var samanlagt tap þessara félaga 203,5 milljarðar, sem var þá 53,1% þess taps sem félög áttu í bókum sínum. Nú voru 11.206 þeirra 11.699 félaga sem töldu fram yfirfæranlegt tap með minna en 100 milljónir í tap. Tap félaga sem voru með minna en 100 milljónir í tap hækkaði um 7,1% frá því í fyrra en tap þessara félaga var nú 81,9 milljarðar en það er 13% heildartapsins. Það virðist þannig ljóst að mikil aukning á yfirfæranlegu tapi er vegna fárra félaga. Þetta sést enn betur þegar félögum er raðað í hnígandi röð eftir tapi. Þá sést að þau tíu félög sem áttu mest tap í reikningum sínum árið 2008 áttu samtals 274,5 milljarða eða 43,6% yfirfæranlegs taps félaga. Allt frá árinu 1998 hefur hlutur þeirra tíu félaga sem voru með mest yfirfæranlegt tap verið á bilinu frá 18 til 25%. Í fyrra var samanlagt tap þeirra tíu félaga sem áttu mest tap tæpir 97,8 milljarðar.

Yfirfæranlegt tap félaga 2006 til 2008




Upphæðir í milljónum króna

Röðun	Fjöldi félaga	Yfirfæranlegt tap					Uppsafnað				
		2006	2007	2008	Breyting 2007-2008		2007	2008	Breyting 2007-2008	Hlutdeild í heildartapi	
										2007	2008
10	10	39.033	97.787	274.467	176.680	180,7%	97.787	274.467	180,7%	25,5%	43,6%
20	10	14.358	39.448	56.502	17.054	43,2%	137.236	330.970	141,2%	35,8%	52,6%
30	10	9.143	21.538	31.880	10.343	48,0%	158.773	362.850	128,5%	41,5%	57,6%
40	10	7.476	16.195	19.940	3.745	23,1%	174.968	382.790	118,8%	45,7%	60,8%
50	10	6.248	12.336	15.538	3.202	26,0%	187.304	398.328	112,7%	48,9%	63,3%
60	10	5.030	11.042	12.904	1.862	16,9%	198.346	411.231	107,3%	51,8%	65,3%
70	10	4.158	9.932	11.029	1.097	11,0%	208.278	422.260	102,7%	54,4%	67,1%
80	10	3.677	8.980	9.717	737	8,2%	217.258	431.978	98,8%	56,7%	68,6%
90	10	3.364	7.750	8.852	1.102	14,2%	225.009	440.830	95,9%	58,8%	70,0%
100	10	3.085	6.695	7.971	1.276	19,1%	231.704	448.801	93,7%	60,5%	71,3%
Önnur félög		87.740	151.258	180.755	29.497	19,5%	382.961	629.556	64,4%	100,0%	100,0%
Samt. öll félög		183.310	382.961	629.556	246.595	64,4%					

Þannig hefur tap þeirra tíu félaga sem eiga mest tap aukist um 176,7 milljarða, eða 181% á milli ára. Tap næstu tíu félaga, þeirra félaga sem eru númer 11 til 20 í röðinni, var 56,5 milljarðar, 43% hærra en hjá þeim félögum sem voru í 11. til 20. sæti í fyrra. Þess ber að geta að hér er ekki endilega um sömu félögin að ræða. Nokkur þeirra félaga sem voru með mest tap nú áttu ekkert yfirfæranlegt tap í fyrra. Ef félögum er raðað í hnígandi röð eftir yfirfæranlegu tapi kemur í ljós að 50 félög eru með 63,3% yfirfæranlegs taps en þau 100 félög sem eiga mest tap eru með 71,3% yfirfæranlegs taps félaga. Af þeim 11.699 félögum sem telja fram yfirfæranlegt tap eru 11.199 félög nú með 2,9% tapsins.

Eignarhaldsfélög með mesta tapið

Ef nánar er skoðað hvers konar fyrirtæki það eru sem eru með mest uppsafnað tap sést að félög sem skráð eru sem eignarhaldsfélög eiga 346,8 milljarða tapsins. Eignarhaldsfélögum, sem stofnuð eru um rekstur annarra félaga, hefur fjölgað mjög á undanförnum árum. Árið 1999 voru 246 eignarhaldsfélög skráð í landinu, nú voru þau 2.872. Yfirfæranlegt tap þessara félaga hefur einnig aukist gríðarlega. Við álagningu 2006 voru t.d. 1.863 eignarhaldsfélög á skrá. Yfirfæranlegt tap þessara félaga var 34,1 milljarður. Þetta er því rúmlega tíföldun á tveimur árum. Í fyrra var yfirfæranlegt tap eignarhaldsfélaga 127,9 milljarðar og hefur þannig aukist um 218,9 milljarða á milli ára en þar af áttu tíu félög 185,5 milljarða. Eignarhaldsfélög áttu 55,1% yfirfæranlegs taps félaga. Þar sem eignarhaldsfélög eru iðulega stofnuð um eignarhald á eignum er augljóst að mikið tap eignarhaldsfélaga má rekja til falls á eignaverði á síðasta ári.



Upplýsingatafla RSK

Staðgreiðsla opinberra gjalda 2008

■ Skatthlutfall staðgreiðslu	35,72%
■ Tekjuskattur	22,75%
■ Útsvar	12,97%
■ Skatthlutfall barna yngri en 16 ára af launum umfram kr. 100.745	6,00%
■ Af vöxtum og arði	10,00%
■ Skattleysismörk tekjuárið 2008	1.143.362

Persónuafsláttur frá 1. janúar 2008

■ í einn mánuð	kr.	34.034
■ í hálfan mánuð	kr.	17.017
■ í 14 daga	kr.	15.622
■ í eina viku	kr.	7.811
■ Sjömannaafsláttur á dag	kr.	874

Hámark barnabóta 2008 miðað við heilt ár

■ Hjón/sambúðarfolk		
- með fyrsta barni	kr.	144.116
- með börnum umfram eitt	kr.	171.545
- ótekjutengd viðbót v/barna yngri en 7 ára	kr.	57.891
■ Einstæðir foreldrar		
- með fyrsta barni	kr.	240.034
- með börnum umfram eitt	kr.	246.227
- ótekjutengd viðbót v/barna umfram eitt og yngri en 7 ára	kr.	57.891

Barnabætur eru greiddar út 1. feb., 1. maí, 1. ágúst og 1. nóv.

■ Tryggingagjald, þ.m.t. markaðsgjald	5,34%
■ Sérstakt viðbótargjald v/sjómanna	0,65%

Kílómetragjald,

skv. auglýsingu ferðakostnaðarnefndar nr. 2/2008

Kílómetragjald, gildir frá 1. 10. 2008

■ Almennt gjald, af fyrstu 10 þ.km, pr. km:..... kr. 92,00

Sé greitt sérstakt gjald vegna aksturs á vegum fyrir almenna umferð þar sem ekki er bundið slitlag, skal reikna 15% álag á almennt gjald.

Sé greitt torfærugjald vegna aksturs utan vega, eða á vegaslóðum sem ekki eru færir fólksbílum, skal reikna 45% álag á almennt gjald.

Dagpeningar innanlands,

skv. auglýsingu ferðakostnaðarnefndar nr. 6/2008

Gildir frá 1. 10. 2008

■ Fyrir gistingu og fæði í einn sólarhring	17.200
■ Fyrir gistingu í eina nótt	10.000
■ Fyrir fæði hvern heilan dag, minnst 10 tíma ferðalag	7.200
■ Fyrir fæði í hálfan dag, minnst 6 tíma ferðalag	3.600

Dagpeningar erlendis,

skv. auglýsingu ferðakostnaðarnefndar nr. 5/2008

Gildir frá 1. 6. 2008

		Almennir dagpeningar		Dagpeningar vegna þjálfunar, náms o.fl.	
		Gisting	Annað	Gisting	Annað
■ Flokkur 1	SDR	208	139	133	89
■ Flokkur 2	SDR	177	118	113	75
■ Flokkur 3	SDR	156	105	100	67
■ Flokkur 4	SDR	139	92	89	59

Virðisaukaskattur

■ Almennt skattþrep	24,5%
■ Sérstakt skattþrep	7,0%

Ný skattalagasöfn

Á þessu ári hafa þegar verið gefin út tvenn skattalagasöfn. Annars vegar er ritið **Tekjuskattur** sem er samfella laga, reglugerða og auglýsinga er varða beina skatta og álagningu opinberra gjalda og miðast við löggjöf sem var í gildi 1. febrúar 2008.

Hins vegar er um að ræða ritið **Virðisaukaskattur** sem er samfella laga um virðisaukaskatt, vörugjald, skilagjald, áfengisgjald og bifreiðaskatta og miðast við löggjöf sem var í gildi 30. apríl 2008. Ritin eru seld í Pennanum-Eymundsson, Bóksölu stúdenta og hjá ríkisskattstjóra.

